

4

Mjólkurvörur seljast vel í COVID-19 ástandinu



12

Aðgerðapakki vegna áhrifa COVID-19



24–25

Bjarki Freyr Sigurjónsson er kjötmeistari Íslands 2020

# Bændablaðið

7. tölublað 2020 ● Fimmtudagur 2. apríl ● Blað nr. 560 ● 26. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



**Máltækið „Þú segir það með blómum“ á sannarlega vel við um þessar mundir þegar fólki er stíað í sundur og má ekki lengur heilsast eða knúsast vegna COVID-19 faraldursins. Á jafn óvenjulegum tímum og jarðarbúar eru nú að upplifa er trúlega fátt notalegra en að senda þeim sem manni þykir vænt um falleg blóm til að sýna hug sinn í verki. Fram undan væri að öllu jöfnu mikill sölutími blómabænda með fermingum og páskum. Nú er búið að slá fermingum á frest og fjölskylduhittingur og hátíðahöld um páska verður með mjög breyttu sniði. Blómabúðir eru hins vegar fullar af fallegum blómum sem hægt er að nýta til að gleðja fólk. Rakel Ýr Einarsdóttir í Blómavali stendur þar vaktina, reiðubúin að aðstoða fólk við val á blómum. Hún tók saman þessi fallegu blóm til að sýna lesendum Bændablaðsins hluta af úrvalinu sem þar er í boði og vænta má að svipað sé upp á teningnum í öðrum blómabúðum á landinu.** Mynd / Hörður Kristjánsson

### Samspil talið mögulegt á milli sýklalyfjaofnotkunar, sýklalyfjaónæmra baktería og dánartíðni í heimsfaraldri:

# Sýklalyfjaónæmi gæti verið meðvirkandi ástæða fyrir dauða af völdum COVID-19

**Í kjölfar COVID-19 sýkinganna sem ganga yfir heiminn heyrist æ oftar að þeir sem hafa látist hafi verið með undirliggjandi sjúkdóma sem hafi magnast upp vegna veirunnar. Oft er talað um sjúkdóma sem tengjast lungum og öndunarfærum eða sýklalyfjaónæmi.**

Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, segir að sýklalyfjaónæmi gæti vel verið meðvirkandi ástæða fyrir dauða vegna COVID-19 en ekki eina ástæðan.

### *Blanda sýklalyfjaónæmis og COVID-19*

Fyrir skömmu birtist á vefsíðu Aftenposten grein eftir Erik Martiniussen, höfund bókarinnar Stríðið við bakteríurnar, sem ber fyrirsögnina „Derfor tar koronaviruset så mange liv i Italia“.

Í greininni segir Martiniussen að mögulegt sé að háar dánartölur á Ítalíu orsakist af því sem hann segir vera lífshættulega blöndu af sýklalyfjaónæmum bakteríum og COVID-19. Martiniussen segir að fjöldi fólks á Ítalíu sem smitast hafi af veirunni látist ekki af hennar völdum heldur af undirliggjandi sjúkdómum eða af sýklalyfjaónæmum bakteríum.

Martiniussen bendir á að dánartíðni í Noregi og annars staðar þar sem notkun á sýklalyfjum sé tiltölulega lítil, á það einnig við um Ísland, sé mun minni en þar sem notkunin á sýklalyfjum er meiri. Samkvæmt því sem segir í greininni látast árlega tæplega 11 þúsund manns á Ítalíu vegna sýklalyfjaónæmra baktería, aðallega E.coli, en 69 í Noregi.

### *Fylgisýkingar*

Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýkla- og veirufræðideild Landspítalans og prófessor í sýklafræði, segir að þrátt fyrir að manna á meðal sé talað um COVID-19 sé það nafnið á sjúkdómnum en að veiran sjálf heiti SARS- CoOV-2.

„Ég hef sjálfur og fleiri velt fyrir sér af hverju dánartíðnin er hærri á Ítalíu en í flestum öðrum löndum. Bent hefur verið á að í mörgum tilfellum sé um eldri einstaklinga að ræða og að heilbrigðisþjónustan hafi ekki ráðið við að veita öllum viðeigandi meðferð.

Því skal þó ekki neita að ein möguleg ástæða þessa séu fjölónæmar bakteríur þar sem bakteríusýkingar koma oft upp í kjölfar veirusýkinga. Í nýlegri grein í Lancet var greint frá því að í Wuhan í Kína voru 50% af þeim sem létust með fylgibakteríusýkingu sem kom í kjölfar veirusýkingarinnar. Þetta er mjög hátt hlutfall og hugsanlega má útskýra það með því að flestir þessara sjúklinga fóru í öndunarvél og það að fara í öndunarvél eykur hættuna á að fá bakteríusýkingu. Ef upp kemur bakteríusýking verður að meðhöndla hana með sýklalyfjum.

### *Flestum gefin sýklalyf*

„Flestir sjúklingar sem sýkjast af COVID-19 og þurfa að leggjast inn á gjörgæsludeild, fara á sýklalyf, þrátt fyrir að vitað sé að sýklalyf virki ekki á veiruna.

„Sýklalyfin eru gefin til að koma í veg fyrir fylgisýkingu eða til að meðhöndla hana sé hún til staðar. Slíkt á að geta gengið og komið í veg fyrir fylgisýkingar í þeim tilvikum þar sem bakteríurnar eru næmar fyrir lyfjunum sem verið er að nota.

Samkvæmt úttekt sem var gerð áður en COVID-19 kom upp, þá látast langflestir í heiminum í Evrópu af völdum nær alsýklalyfjaónæmra baktería á Ítalíu og þannig hefur það verið í mörg ár. Ef bakteríuflóran á sjúkrahúsum á Ítalíu er í samræmi við þetta, er ástandið þar mun verra en ef eingöngu væri um bakteríur að ræða sem væru ónæmar fyrir hefðbundnum sýklalyfjum,“ segir Karl.

### *Gæti verið meðvirkandi*

„Sýklalyfjaónæmi gæti vel verið meðvirkandi ástæða fyrir dauða vegna COVID-19 en ekki eina ástæðan.“

Aðspurður segir Karl að dánartíðni á Spáni sé einnig há og að þar sé sýklalyfjaónæmi einnig mikið. „Það er þó líklega ekki eins slæmt og á sjúkrahúsum á Ítalíu en samt ekki gott, enda dánartíðin þar há. Hvað varðar Þýskaland, þar sem talsvert er notað af sýklalyfjum, er staðan á spítölum mun betri þrátt fyrir að hún sé ekki eins góð og hjá okkur og á Norðurlöndunum.“

### *Sýklalyfjaónæmi ógn við lýðheilsu*

Alþjóða heilbrigðisstofnunin, Evrópusambandið og Smitvarnarmiðstöð Bandaríkjanna hafa lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein mesta ógnin við lýðheilsu í heiminum í dag. /VH

FRÉTTIR



**Veljum íslenskt og eflum innlenda matvælaframleiðslu.** Mynd / Odd Stefán

## Fæðuöryggi í forgrunni

**Bændur, félög, fyrirtæki og stofnanir sem tengjast landbúnaði birta í dag sameiginlega auglýsingu í Bændablaðinu og Fréttablaðinu þar sem fæðuöryggi er í forgrunni.**

Skilaboðin eru þau að nóg sé af íslenskum mat á markaðinum og að neytendur þurfi ekki að kvíða skorti því það sé nóg til.

Miklar breytingar hafa orðið á neyslumynstri síðustu vikur í kjölfar COVID-19-faraldursins en sala á mat á veitinga- og fyrirtækjamarkaði er ekki svipur hjá sjón. Hins vegar hefur velta aukist töluvert í verslunum. Það hefur verið keppikefli bænda og fyrirtækja í landbúnaði á síðustu vikum að tryggja hnökralausa búvöruframleiðslu. Með því að kaupa íslenskar framleiðsluvörur og skipta við veitingastaði geta neytendur lagst á eitt við að fleyta innlenda matvælageiranum yfir þá tímabundnu erfiðleika sem kórónuveirufaraldurinn hefur í för með sér. /TB

## Stuðningsgreiðslur í landbúnaði birtar

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er að skoða með hvaða hætti má hanna upplýsingasíðu þar sem veittur er almennur aðgangur að öllum stuðningsgreiðslum í landbúnaði samkvæmt búvörusamningi ríkisins og bænda.**

Ráðuneytið er að skoða með hvaða hætti aðgangur að slíkum upplýsingum er veittur í nágrannalöndunum. Ákvörðunin er í samræmi við niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál um stuðningsgreiðslur úr opinberum sjóðum. Taldi nefndin að upplýsingarnar væru ekki til þess fallnar að valda viðkomandi lögbýlum tjóni verði þær gerðar opinberar. /VH

## Fjárfestingar vegna byggðamála

**Á þessu ári verða 6,5 milljarðar króna settir í samgöngumál, 550 milljónir í uppbyggingu fjarskiptakerfa og 300 milljónir til byggðamála, til að sporna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.**

Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillögu um tímabundið fjárfestingarátak stjórnvalda þar sem þetta var staðfest. Öll fjárfestingaframlögin bætast við önnur framlög í þessum málaflokkum á fjárlögum.

Verkefnin eru um land allt og taka til allra samgöngugreina, þ.e. vega, flugvalla og hafna. Stærstur hluti fjárfestingarinnar er í vegakerfinu, nýframkvæmdir, breikkun einbreiðra brúa og gerð hringtorga auk viðhalds vega. /VH




Bændablaðið
kemur næst út 22. apríl


### Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

# Rekstrar- og fjármálaráðgjöf leiðbeinir bændum í rekstrarvandræðum

**Rekstrar- og fjármálaráðgjöf er einn af grunnþáttum í ráðgjöf Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Ástandið í þjóðfélaginu mun hafa áhrif á landbúnaðinn eins og aðra starfsemi og á það ekki síst við bændur í ferðaþjónustu.**

Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML, segir að ráðgjafar RML hafi mikla reynslu af því að aðstoða bændur í gerð rekstraráætlana við uppbyggingu fyrirtækja og einnig í eftirfylgni gegnum hvers konar þrengingar.

*Samantekt upplýsinga*

„Ýmsar aðgerðir hafa nú þegar verið kynntar á vegum stjórnvalda og fjármálafyrirtækja sem stefna að því að milda áhrif COVID-19. Á heimasíðu rml.is er að finna helstu upplýsingar og vísanir í þau eyðublöð og síður sem bændur gætu þurft að nálgast vegna ástandsins.



**Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML.**

Lykilvefsíðurnar í þessum efnum eru vefir Ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnunar.

Ráðgjafar okkar eru vel að sér í þeim úrræðum sem eru í boði og vinna með þeim einstaklingum sem eru komnir eða eru að stefna í vandræði. Mestu skiptir að bændur kynni sér úrræðin eða leiti eftir aðstoð og fái það metið hvort og hvernig hægt sé að aðstoða þá út úr þrengingum," segir Karvel.

*Reynsla frá 2008*

„Reynslan af bankahruninu 2008 var sú að ákveðinn hópur bænda þurfti á langtímaaðstoð að halda við að ná tökum á rekstrinum og semja við fjármálastofnanir. Ráðgjafar RML, áður búnaðarsambanda og Bændasamtakanna, sýndu þá hversu mikilvægt er að bændur geti leitað aðstoðar sérfræðinga til að semja við og fjármálastofnanir í þrengingum og að gera fjármálaáætlanir. Aðstoð RML vegna bankahrunsins stóð vel fram á árið 2014."

Karvel segir að aðkoma RML að rekstrarerfiðleikum bænda hafi verið margvísleg í gegnum tíðina og að ráðgjafarmiðstöðin hafi meðal annars komið að vinnu vegna meiri háttar aðgerða, svo sem vegna vandræða minkabænda, vegna stórtjóns á kali í túnum svo og einstaklinga sem hafa lent í erfiðleikum vegna síns reksturs, reynslan og þekkingin á aðstæðum sem upp geta komið er því til staðar.

*Verst að gera ekki neitt*

Karvel hvetur bændur til að hafa samband við RML í gegnum síma, 516-5000, með tölvupósti eða á netspjalli á heimasíðu RML til að óska eftir ráðgjöf eða leita eftir upplýsingum. Einnig bendir Karvel öllum bændum á að halda vel utan um það tjón eða fjárútlát sem verður vegna COVID-19. Í því sambandi er verið að setja skráningarform á Bændatorgið þar sem allar upplýsingar varðandi tjón verða dregnar saman. /VH

### Markaður fyrir kjötvöru er gjörbreyttur frá því sem áður var vegna COVID-19:

# Kjötvinnslur reyna að laga sig að breyttu umhverfi og minni umsvifum á markaði

**Markaður fyrir kjötvöru er gjörbreyttur frá því sem áður var og hafa kjötvinnslur verið að laga sig að breyttu umhverfi. Þá hafa þær jafnframt gert breytingar á starfsumhverfi sínu í kjölfar nýrra reglna yfirvalda til að koma í veg fyrir smit af völdum veirunnar COVID-19. Tekjur dragast saman en menn vona að það sé tímabundið, þó svo að svo geti farið að markaðurinn jafni sig ekki fyrr en eftir allt að því hálft ár.**



**Ágúst Andrésson, forstöðum. kjötafurðastöðvar KS.**



**Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands.**



**Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis.**

*Reynum að halda í starfsfólkið*

Ágúst Andrésson, forstöðumaður kjötafurðastöðvar KS á Sauðárkróki, segir að félagið hafi, líkt og aðrir, aðlagað reksturinn að þeim kröfum sem fram hafi komið hjá landlækni, „og raunar hefur KS og tengd félög sett sér strangari reglur og verið á undan með kröfur varðandi allt sem við höfum metið að gæti tryggt öryggi framleiðslunnar," segir hann. Allar afurðastöðvar KS eru í framleiðslu.

Ágúst segir markaðinn gjörbreyttan, veitinga- og mötuneytismarkaður sé nánast horfinn í bili, en á móti komi að töluvert sé að gera við afgreiðslu til matvöruverslana.

„Þessu fylgja talsverðar breytingar og við höfum þurft að nýta okkur úrræði stjórnvalda varðandi skert starfshlutfall, sérstaklega hjá þeim sem vinna við framleiðslu, sölu og dreifingu á vörum til hótela, mötuneyta og veitingahúsa. Við trúum því að þetta sé tímabundið ástand og viljum því reyna að halda í okkar starfsfólk eins og kostur er," segir Ágúst.

*Gjörbreyttur markaður*

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir að ekki hafi komið til uppsagna hjá félaginu vegna heimsfaraldursins, en tilfærsla gerð á fólki innan fyrirtækisins til að uppfylla nýjar reglur um fjarlægðarmörk. Fólk vinni nú í minni hópum en áður. Þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til hafi aukinn kostnað í för með sér, en á móti komi að minni líkur séu þá á að fyrirtækið verði fyrir framleiðslutruflunum.

„Staðan er sú í samfélaginu að búið er að loka mötuneytum, veitingastöðum og hótelum að stærstum hluta, þannig að öll sala til stóru kaupendanna hefur dottið niður. Fólk sem áður borðaði í mötuneytum og annars staðar þurfi engu að síður áfram að borða og það hafa orðið breytingar á sölunni þannig að hún hefur meira færst yfir í smásöluna í gegnum verslanir," segir Steinþór. Hann segir fyrirtækið leita leiða til að koma til móts við markaðinn á hverjum tíma og þær breytingar sem á honum verða. Um þessar mundir sé fólk greinilega að leita eftir vöru með mikið geymsluþol, frosin matvæli til að mynda.

Steinþór telur ekki ólíkegt að það taki fjóra og upp í sex mánuði að ná fyrri styrk og jafnvægi, þannig að enn sé langur vegur fram undan.

*Gríðarlegt tekjufall*

Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis, segir menn í þessum geira ekki sérlega upprifna þessa dagana. Afleiðingar heimsfaraldursins séu m.a. gríðarlegt tekjufall, flækjustigið hafi aukist til muna við þær fjöldatakmarkanir sem gerðar eru en félagið virði þær að sjálfsögðu.

Markaðurinn hefur snarminnkað, enda fjöldi ferðamanna nánast sex til sjöfaldur fjöldi íbúa okkar lands, þetta eru allt saman munnar sem þarf að metta og því hefur fjöldi seldra máltíða hríðfallið á örskömmum tíma," segir Gunnlaugur. Óvissan sé verst, menn viti ekki nú hversu lengi þetta ástand vari, hvort það verði hálfur mánuður í viðbót eða hálft ár. „Það veit því miður enginn," segir hann. Enn hafa ekki verið teknar ákvarðanir um uppsagnir hjá Kjarnafæði né heldur um skert starfshlutföll, „en ég er hræddur um að þurfa að nýta mér það sem ríkið er að bjóða upp á". /MÞÞ

# Allt á hliðinni bæði á markaði og innandyra

### – segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska

**„Það er allt á hliðinni út af þessu og miklar breytingar bæði úti á markaðnum og innandyra," segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska. Hann líkir stöðunni á stóreldhúsamarkaði, þ.e. hótelum, veitingahúsum og mötuneytum, við hrun.**

„Það er gríðarlegur samdráttur í sölu til þessara aðila, fjölmargir þeirra hafa hreinlega lokað sinni starfsemi um óákveðinn tíma og viðskipti því fallið niður tímabundið. Þessi markaður hefur verið verulegur hluti af heildarsölu Norðlenska og áhrifin því mjög mikil á alla starfsemi."

Ágúst Torfi segir að á hinn bóginn hafi smásala og heimsendingarþjónusta aukist til muna en sú aukning sem þarf eigi talsvert í land með að vega upp samdráttinn á stóreldhúsamarkaði.

Jafnframt séu áskoranir því samfara að vörusamsetning inn á þessa tvo markaði er nokkuð frábrugðin og vörur úr ákveðnum skrokkhlutum hætti hvað varðar sjálfa starfsemi fara mun meira inn á annan markaðinn en hinn. „Þetta veldur talsverðu ójafnvægi þegar annar markaðurinn gefur svona mikið eftir eins og raunin er núna."



**Ágúst Torfi Hauksson framkvæmdastjóri Norðlenska.**

*Skipt upp í hópa og vaktakerfi tekið upp*

Ágúst Torfi segir að Norðlenska hafi brugðist við þeim aðstæðum sem uppi eru með margvíslegum hætti hvað varðar sjálfa starfsemi fyrirtækisins. Starfsmannahópum hefur verið skipt upp í marga minni hópa og vaktakerfi komið upp til að lágmarka líkur á smiti og eins ef smit eigi sér stað að minnka líkur á að það berist í fjölda starfsmanna.

„Við höfum einnig innleitt öll tilmæli frá yfirvöldum varðandi persónuþrif, sóttkví og þess háttar og raunar gengið lengra í þeirri viðleitni okkar að tryggja öryggi starfsmanna og viðskipavina fyrirtækisins. Þá höfum við skipt upp sölu og stjórnunarstöðum þannig að hluti starfsmanna vinnur heima dag hvern."

/MÞÞ

# TÍMI TIL AÐ LESA

HEIMSMET 2020

## SETJUM HEIMSMET Í LESTRI

## VERTU MEÐ Í LANDSLIÐINU

Í tilefni af því að nú erum við mörg heima og vantar eitthvað gefandi til að nýta tímann í ætlum við að sameinast í einu liði, landsliðinu í lestri, og setja heimsmet í lesnum mínútum á einum mánuði.

**Reglurnar eru mjög einfaldar.** Þú tekur tímann þegar þú lest og skráir mínúturnar á **timitiladlesa.is.**

Allir geta verið í landsliðinu. Strákar og stelpur, börn og fullorðnir. Hver mínúta skiptir máli.

Allur lestur telst með. Líka að hlusta á hljóðbók. Líka að lesa myndasögu og uppskriftabók. Líka að lesa rafbækur. Og að sjálfsögðu skiptir tungumálið engu máli.

Á **timitiladlesa.is** sérðu alltaf hvað landsliðið er búið að lesa mikið, og hvað þú ert búin(n) að lesa mikið. Og ef þú stendur þig rosalega vel færðu viðurkenningar á síðunni.

**SVO NÚ ER BARA AÐ REIMA Á SIG LESSKÓNA OG GRÍPA NÆSTU BÓK. VIÐBÚIN — TILBÚIN — LESA!**

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

#timitiladlesa

timitiladlesa.is

FRÉTTIR

# VSK af bílaviðgerðum verður endurgreiddur

**Bílgreinasambandið fagnar þeirri ákvörðun stjórnvalda að útvíkka verkefnið „Allir vinna“. Lög um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru voru samþykkt á Alþingi í gær. Nú býðst eigendum fólksbíla, utan rekstrar, 100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti þess sem þeir hafa greitt af vinnu vegna bílaviðgerðar, bílamálningar og/eða bílaréttingar fólksbifreiða.**

Í fréttatilkynningu, sem María Jóna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, sendi frá sér, segir jafnframt að árið 2010 hafi stjórnvöld hleypt af stokkunum átakinu „Allir vinna“ til að vekja athygli á endurgreiðslu virðisaukaskatts og skattafrádrætti vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði og frístundahús. Átakið þótti gefast vel því verulega dró úr atvinnuleysi og svartri atvinnustarfsemi.

„Með því að taka tillit til viðhalds og viðgerða fólksbifreiða erum við í bílgreinum afar þakklát stjórnvöldum fyrir þann skilning og stuðning sem þeir veita okkur. Yfir 4.000 einstaklingar starfa í bílgreinum á Íslandi og er þetta skref í að tryggja færri uppsagnir í greininni á meðan við erum að komast í gegnum þá erfiðleika sem þjóðfélagið á í baráttu við. Það er von okkar að bílgreinin verði því fyrir minna höggi en raunin var eftir árið 2008.

Í aðgerðaráætlun stjórnvalda sem kynnt var í Hörpu laugardaginn 21. mars kom fram að allir íbúar á Íslandi eldri en 18 ára fái stafrænt gjafabréf til að ferðast innanlands. Markmið þeirra er að auka ferðalög um landið og styðja þannig við innlenda eftirspurn. Það er Bílgreinasambandinu mikið hjartans mál að einstaklingar ferðist um á öruggum ökutækjum um landið okkar. Í því samhengi teljum við það gríðarlega mikilvægt að áður en þjóðin ferðast um landið í sumar að þeir aðilar sem munu yfirfara ökutækin fyrir ferðalagið séu með rétta menntun, búnað og varahluti til að tryggja öryggi.

Með því að bílgreinar fái að taka þátt í verkefninu „Allir vinna“ erum við að sporna gegn því að viðgerðir og viðhald ökutækja fari fram í svörtu hagkerfi og tryggja einstaklingum áframhaldandi vinnu á bílaverkstæðum landsins næstu mánuðina. Við hvetjum því eigendur fólksbíla að sinna viðhaldi ökutækja. Hægt er að nálgast lista yfir verkstæði í gegnum heimasíðu Bílgreinasambandsins, www.bgs.is, “ segir í fréttatilkynningu Bílgreinasambandsins.



María Jóna Magnúsdóttir framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. Mynd / BGS




Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

# Mjólkurvörur seljast vel í COVID-19 ástandinu

**„Við finnum fyrir töluvert meiri sölu á mjólkurvörum Mjólkursamsölunnar (MS) í verslunum og salan fyrstu dagana eftir að samkomubannið var sett á slagaði upp í Þorláksmessu í nokkra daga í röð,“ segir Sunna Gunnars Marteinsdóttir, samskiptastjóri MS, aðspurð um söluna eftir að COVID-19 kom upp.**

„Salan hefur náð meira jafnvægi núna en fólk er samt að neyta aðeins meira af mjólkurvörum en áður. Mötuneyti kaupa t.d. meira af skyri sem auðvelt er að afhenda til starfsfólks.

Við hófum áætlanagerð í febrúar og að safna birgðum þar sem við gerðum svokallaða „áætlun um mögulegan heimsfaraldur“. Í henni voru hættustig skilgreind og við heyrðum í landlækni á þeim tíma til þess að fá leiðbeiningar. Við fórum á þeim tíma í formlegar og óformlegar aðgerðir. Í kringum fyrsta kórónasmitið hérlendis förum við í að gera „áætlun um órofinn rekstur“ sem er lifandi skjal um starfsemi MS. Lykilstarfsmenn eru flokkaðir og mikilvægi deilda auk staðgengla ef þarf og greining annarra mikilvægra þátta,“ segir Sunna.



Sunna Gunnars Marteinsdóttir.

### *Vörur á palli fyrir utan hús*

Samkvæmt áætlunum MS hefur starfsfólk verið flutt, sumir vinna heima eða í öðrum rýmum en venjulega til þess að dreifa áhættunni. Þá hefur starfsstöðvum fyrirtækisins verið lokað fyrir gestum og vörur eru afhentar úti á pall fyrir utan hús. Fjarfundabúnaður er notaður innan deilda vegna funda og þá eru mötuneytin með tveggja metra regluna og matarbakkar afhentir starfsfólki. */MHH*




Pósturinn hyggst nú mæta þörfum fólks sem heldur sig í einangrun heima hjá sér í dreifbýlinu vegna COVID-19. Í undirbúningi er að Pósturinn sinni þessu fólki m.a. með matarsendingar frá verslunum. Mynd / Pósturinn/HKr.

# Pósturinn með matarsendingar frá verslunum til íbúa í dreifbýlinu

**Pósturinn hefur síðustu daga verið að búa sig undir og koma á framfæri vilja sínum til að sinna matarsendingum frá verslunum til íbúa í dreifbýli. Víða heldur fólk sig nú heima vegna búa sinna og þarf enn frekar á slíkri þjónustu að halda. Hefur Pósturinn verið í sambandi við verslanir sem sinna íbúum á landsbyggðinni með þennan valmöguleika í tengslum við ferðir landpósta og póstdaga.**

Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts, segir að þetta sé nú í skoðun hjá nokkrum aðilum og verið að fara yfir endanlegar útfærslur. Slíkar sendingar munu t.d. hefjast núna í vikunni hjá nokkrum aðilum.

### *Bjóða verslunum aðgang að dreifingarkerfi Póstsins*

„Við höfum haft frumkvæði að því að bjóða verslunum aðgengi að okkar flutninga- og dreifikerfi. Við erum að bjóða þetta öllum aðilum sem áhuga hafa á að fara út í slík viðskipti og bjóða þeim að nýta okkar kerfi. Það er gríðarlega öflugt og nær út um allt land,“ segir Birgir.

Hann telur að sú staða sem nú er komin upp vegna COVID-19 muni leiða til mikilla breytinga á þjóðfélaginu og hvernig fólk komi til með að haga sínum viðskiptum í framtíðinni. Fólk sé nú að læra á þá möguleika sem til staðar eru varðandi heimsendingarþjónustu á matvælum og öðrum hlutum. Birgir telur að sú þróun muni halda áfram eftir að þessum heimsfaraldri lýkur.

„Fólk hefur verið að uppgötva þennan möguleika á höfuðborgarsvæðinu og af hverju ætti það ekki líka að eiga við út um landið?“



Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts.

### *Hlíðarkaup á Sauðárkróki ríður á vaðið*

Hlíðarkaup á Sauðárkróki hafa verið í viðræðum við Póstinn um heimkeyrslu á vörum. Ásgeir Björgvin Einarsson, eigandi Hlíðarkaupa, segir að hugmyndin sé að fólk í Skagafirði geti nýtt sér slíka heimsendingarþjónustu frá versluninni.

„Þá munum við taka pantanir saman og pósturinn kemur þá og sækir þær til okkar og dreifir tvisvar í viku,“ segir Ásgeir.



Bjarni Jónsson, formaður stjórnar Íslandspósts.

### *Framkvæmdin mun fara eftir aðstæðum á hverjum stað*

Umfangið og afkastagetan mun fara eftir aðstæðum á hverjum stað og tíma, bæði hjá Póstinum og viðkomandi verslunum.

Bjarni Jónsson, formaður stjórnar Póstsins, segir mikilvægt að fyrirtæki í eigu ríkisins með starfsemi um land allt, undirstriki þá samfélagslegu ábyrgð sem það ber og bregðist við aðstæðum sem nú eru uppi með nýrri þjónustu til að létta undir hjá fólki, ekki síst í dreifbýli. „Nú þurfa allir að leggjast á eitt og standa saman. Það nýmæli að senda fólki heim sendingar með matvöru í sveitina er svo vonandi þjónusta sem kemur til að vera í nýjum heimi og bætir búsetuskilyrði,“ segir Bjarni Jónsson. */HKr.*


vítamínbætt
1 LÍTRI
Létt
mjólk
Mjólkin gerir gott betra
MJÓLKURSAMSALAN

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

### Lærum af reynslunni

**Heimsfaraldur sjúkdóms sem nefndur er COVID-19 vegna útbreiðslu á skæðum kórónavírusi hefur gjörbreytt lifnaðarháttum jarðarbúa á örskömmum tíma. Hversu lengi þetta fár stendur yfir mun væntanlega hafa áhrif á hversu mikið af breyttum lífsháttum fólks verði varanleg.**

Það er einkennilegt að það þurfi heimsfaraldur til að opna augu fólks fyrir jafn augljósum hlutum og fæðuöryggi. Samt hafa vísindamenn, bændur og hugsandi fólk um áraraðir varað við andvaraleysi í þessum efnum. Lýst hefur verið í ræðu og riti þeirri ógn sem að þjóðinni getur stafað ef ekki er hugsað um að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar á öllum tímum. Óvæntir viðburðir eins og hröð útbreiðsla á áður óþekktum sjúkdómi, gera ekki boð á undan sér. Því er of seint að bregðast við eftir að faraldurinn er skollinn yfir.

Þrátt fyrir að þeir sem lifa í heimi fjármagnsins og alþjóðlegrar auðhyggju hafi reynt að sannfæra þjóðina um að allt væri hægt með peningum einum saman, líka að tryggja fæðuöryggi, þá var sú hugmyndafræði sem betur fer ekki búin að ganga af íslenskum landbúnaði dauðum. Hér var því enn starfandi öflugur landbúnaður og sjávarútvegur þegar COVID-19 skall á. Þessar greinar byggja auk þess á bestu vísindaþekkingu og reynslu sem völ er á í heiminum í dag. Þar eru þó örugglega mikil tækifæri til að gera mun betur.

Það er virðingarvert hvernig stjórnvöld hafa brugðist við þessum sjúkdómsfaraldri. Þar ræður trúlega mestu að búið var að rétta slagsíðu þjóðarskútunnar af, eftir þá miklu ágjöf sem hún fékk í efnahagshruninu haustið 2008. Ísland var því ekki í jafn skelfilegri efnahagsstöðu og sumar þjóðir sem nú eru í hvað mestri krísu vegna heimsfaraldursins, eins og Ítalía og Spánn.

Í sumum tilfellum voru hæg heimatökin þar sem íslensk stjórnvöld þurftu einungis að flýta framkvæmdaáætlunum sem þegar var búið að ráðgera, eins og í samgöngumálum. Í öðrum tilvikum hafa forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar virkilega þurft að upphugsa leiðir í afar flóknu verkefni með hraði. Þó eflaust megi finna að því að þar hafi enn ekki verið tekið á mörgum brýnum þáttum, þá er ósanngjarnt annað en að virða það sem þó hefur verið vel gert. Þá verður líka að horfa til þess að tekið hefur verið fram, að með stórum aðgerðarpakka sé ekki verið að taka endanlega afstöðu til úrræða sem þarft sé að grípa til. Þessi afstaða er afar ólík þeirri sem tekin var varðandi úrræði fyrir heimilin eftir efnahagshrunið 2008.

Þrátt fyrir góða viðleitni verður að segjast að hrollur fer um marga þegar fólk verður vitni að áhugaleysi í stjórnkerfinu fyrir því að nauðsynlegt sé að stöðva vísitöluútreikning verðtryggðra húsnæðislána í tíma ef allt fer á versta veg. Slík aðgerð hefði eftir hrunið 2008 komið í veg fyrir gjaldþrot og eignamissi þúsunda fjölskyldna sem enn eru í sárum þegar þessi nýja hamfarabylgja ríður yfir. Vegna þess að vísitölutryggingunni var leyft að éta upp eignir fólks í síðasta efnahagshruni, þá var útsjónarsömum peningamönnum gert kleift að hagnast ógurlega. Um leið í raun að gera stóran hluta af þeim sem verst urðu úti að þrælum sínum í kerfinu. Þessir snillingar gátu keypt fasteignir á hrakvirði og ýmist endurselt eða sett inn á leigumarkað þar sem þeir höfðu bæði tögl og hagldir. Hér hefur viðgengist óstjórnleg græðgi á leigumarkaði þar sem launatekjur, sem samt teljast með þeim hæstu í heimi, duga vart til að venjulegar fjölskyldur geti haft mannsæmandi húsaskjól. Ef menn vilja eitthvað læra af fyrri mistökum og ef þingmenn hafa einhvern snefil af samvisku, þá **verður** að taka á þessum málum. */HKr.*

# Landbúnaður á tímum fæðuöryggis




**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is


***Á tímum sem engum hafði dottið í hug að gætu raungerst er landbúnaður mikilvægari nú sem aldrei fyrr. Framleiðsla matvæla er hnökralaus eins og staðan er í dag og þurfa landsmenn ekki að hafa áhyggjur af matvælaframboði í landinu.***

Unnið hefur verið eftir ýtrustu varúðarráðstöfunum svo tryggja megi framboð af íslenskum afurðum til neytenda. Afurðafyrirtæki, úrvinnslu- og dreifingarfyrirtæki hafa sett sér skýrar vinnureglur svo ekki komi til þess að framleiðsla raskist. Bændur hafa sömuleiðis sett sér strangar umgengnisreglur um bú sín svo minnka megi smithættu þar sem um frumframleiðslu er að ræða. Bændur vilja tryggja fæðuöryggi fyrir íslenska þjóð og leggja metnað sinn í það.



### *Birgðir eru nægar*

Viðbragðsteymi Bændasamtakanna vegna COVID-19 hefur í samvinnu við Matvælastofnun fylgst með birgðahaldi á kjarnfóðri og tengdum vörum frá 7. mars síðastliðnum. Við höfum tekið stöðuna reglulega síðan og nú síðast á þriðjudag í þessari viku. Ekkert bendir til annars en að kjarnfóður, áburður og sáðkorn séu á áætlun. Við þurfum ekki að hafa áhyggjur að ekki séu til nægar fóðurbirgðir í landinu. Þessar upplýsingar segja okkur að það er engin fyrirstaða í að framleiða mat fyrir land og þjóð.

### *Takk fyrir að velja íslenskt*

Stuðningur hins almenna neytanda hér á landi felst í að velja íslenska framleiðslu og þjónustu ýmiss konar, iðnaðarvörur sem og landbúnaðarafurðir. Við tryggjum störf með því að velja íslenskt. Gríðarleg fjölbreytni er af íslenskum afurðum þar sem þær eru í boði. Hvort sem er í verslunum, á veitingastöðum, heimsendingum afurða eða blómum til að gleðja sálina. Með samstöðu þjóðarinnar munum við komast í gegnum þetta en það mun reyna á víða í okkar samfélagi.

### *Afleysingaþjónustu hleypt af stokkunum*

Búið er að útfæra aðkomu félagsmálaráðuneytisins um afleysingaþjónustu bænda. Afleysingin gengur út á að aðstoða bændur sem veikjast af völdum kórónuveirunnar. Það er ljóst að ef veirufárið dregst á langinn þá þarf að endurskoða þjónustuna, ekki síst ef veikindi verða mikil við upphaf sauðburðar. Unnið er að viðbrögðum innan teymis Bændasamtakanna sem fundar reglulega um stöðu mála.

### *Hugum að eigin heilsu og virðum smitvarnir*

Mikilvægt er að bændur hugi vel að eigin heilsu og hverja þeir umgangast. Sóttvörn er besta vörnin og eins og frægt er orðið þá eigum við að „hlýða Víði“. Upplýsingar frá viðbragðsteyminu má finna á vefsíðu Bændasamtakanna, bondi.is. Eins eru þar leiðbeiningar um sóttvarnir og ýmsar aðrar upplýsingar um veiruna, forvarnir, vinnumarkaðsmál og aðrir tenglar.

### *Allir leggjast á eitt*

Aðgerðarpakki ríkisstjórnarinnar tekur á fjölmörgum málum sem eru almenns eðlis og nýtist öllum, hvort sem er í landbúnaði eða öðrum greinum. Ég vil fagna því sem komið er fram, þar eru atriði sem sannarlega nýtist okkar framleiðslugreinum til að fleyta okkur í gegnum þann vanda sem fram undan er. Bændasamtökin munu fylgjast vel með framvindu mála og koma með tillögur um aðgerðir ef nauðsynlegt kann að vera. Ráðamenn þjóðarinnar hafa rætt um að þetta séu fyrstu viðbrögð á þessari vegferð.

Unnið hefur verið í nánu samstarfi við ráðuneyti landbúnaðarmála og fleiri í stjórnkerfinu um atriði sem lúta að því að búvöruframleiðsla megi ganga án takmarkana. Jafnframt hefur verið lagt til að bæta í stuðning við landbúnaðinn en það mun skýrast með útfærslu á frumvarpi til fjáraukalaga. Vil ég þakka fulltrúum ríkisvaldsins fyrir jákvæða aðkomu og aðstoð í þeim atriðum sem snúa að málefnum landbúnaðarins á þessum örlagatímum.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Stakkholtsgjá er sérstætt náttúrufyrirbæri á leiðinni inn í Þórsmörk. Markast hún af Hvannárgili og Steinsholtsá og dregur nafn af kletti, sem stendur á Krossáraurum og er kallaður Stakkur eða Stakur. Í honum er skúti með fyrirhleðslu, þar sem gangnamenn leituðu stundum skjóls. Gjáin liggur til suðausturs frá mynninu og er u.þ.b. 2 km löng inn að norðaustanverðum Eyjafjallajökli. Gönguleiðin liggur milli allt að 100 m hárra og mosavaxinna hamraveggja.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

## Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi:

# Hátíðahöldum á sumardaginn fyrsta aflýst

**„Já, við erum búin að aflýsa öllu hjá okkur og það verður ekki opið hús á sumardaginn fyrsta í Garðyrkjuskólanum í ár, því miður, ástandið er þannig í þjóðfélaginu eins og allir vita," segir Guðríður Helgadóttir, staðarhaldari í Garðyrkjuskóla Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum í Ölfusi.**

Opna húsið hefur alltaf notið mikilla vinsælda og mörg þúsund manns hafa heimsótt skólann á sumardaginn fyrsta í gegnum árin en í ár, fimmtudaginn 23. apríl, þarf fólk að finna sér eitthvað annað skemmtilegt til að gera. */MHH*



Guðríður, ásamt tveimur ráðherrum úr ríkisstjórninni á sumardeginum fyrsta á Reykjum á síðasta ári þegar þeir voru leystir út með íslensku grænmeti og blómum. Guðríður segir að það sé verið að skoða það að hafa opið hús í skólanum í sumar.
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

# Mikilvægt að lesa af rafmagnsmælum vegna ástandsins

**Orka heimilanna hefur sent frá sér tilkynningu þar sem rekstraraðilar minni fyrirtækja sem greiða rafmagn eftir áætlun og hafa hætt eða dregið verulega úr starfsemi, til að lesa af rafmagnsmælum og skila inn álestri einu sinni í mánuði á meðan COVID-19 ástandið varir.**




Lesa á af rafmagnsmælum fyrirtækja um hver mánaðamót á meðan allt er meira og minna í lamasessi vegna kórónuveirunnar.

„Það eru fordæmalausar tímar og margir atvinnurekendur horfa fram á rekstrarerfiðleika vegna versnandi efnahagsaðstæðna. Margir hafa dregið verulega úr starfsemi eða jafnvel lokað alveg. Flest minni fyrirtæki greiða rafmagn eftir áætlun.

Við viljum hvetja eigendur fyrirtækja sem eru í þessari stöðu til þess að lesa af rafmagnsmælum núna og svo um hver mánaðamót á meðan ástandið varir. Þannig kemur rafmagnsreikningur til með að lækka í hlutfalli við minni starfsemi. Álestrum er skilað inn til dreifiveitna á vefsíðum þeirra. Ef það er ekki gert fá fyrirtæki áfram reikninga eftir áætlun sem miðar við fulla starfsemi," segir Bjarni Ingvar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Orku heimilanna, um leið og hann bætir því við að starfsmenn fyrirtækisins séu ávallt tilbúnir að svara spurningum sem upp geta komið. */MHH*



Bjarni Ingvar hvetur rekstraraðila til að lesa af raforkumælum sínum til að koma í veg fyrir að rukkað verði eftir áætlun sem miðast við fulla starfsemi. Með þessu móti geta þeir lækkað rafmagnsreikninginn í takt við minni notkun, sem kemur til með að létta mörgum róðurinn.
Mynd / Orka heimilanna

## Viðbrögð við COVID-19:

# Samkomulag um afleysingar til sveita

**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, Vinnumálastofnun og Bændasamtök Íslands hafa gert með sér samkomulag um fjárstuðning til að standa undir afleysingaþjónustu fyrir félagsmenn Bændasamtakanna sem sýkjast vegna kórónuveiru sem veldur COVID-19-sjúkdómnum.**

Samkomulagið varðar bændur sem sýkjast og geta af þeim sökum ekki sinnt bústörfum á búum sínum. Búnaðarsamböndum, í umboði Bændasamtaka Íslands, er heimilt að ráða til sín starfsfólk tímabundið sem verktaka til þess að sinna afleysingum að hámarki í 14 daga hjá bændum. Búnaðarsamböndin sjá um utanumhald, samskipti við verktaka og útdeilingu verkefna á hverju búnaðarsambandssvæði. Hvert búnaðarsamband verður í samskiptum við Vinnumálastofnun í sínu umdæmi og við Almannavarnir á svæðinu og upplýsir þau um þá þjónustu sem er í boði.

### *Fastar verktakagreiðslur*

Búnaðarsamböndin sjá um greiðslur til verktaka á hverju svæði. Greiddar verða fastar verktakagreiðslur samkvæmt vinnuskýrslum að hámarki í 14 daga samtals, þó að hámarki 80 klst. á fyrrnefndu 14 daga tímabili. Þá skal greiða samkvæmt akstursbók, að hámarki 1.000 km.

### *Stór hópur tilbúinn til verka*

Búnaðarsamböndin munu í samvinnu við Vinnumálastofnun leitast við að ráða verktaka úr hópi einstaklinga sem eru skráðir atvinnuleitendur í viðkomandi umdæmi. Um 100 manns eru á viðbragðslista nú þegar sem Bændasamtökin hafa tekið saman eftir auglýsingu sem birt var fyrir tveimur vikum.

Þjónustan verður í boði til 31. maí en uppgjöri vegna verkefnisins skal lokið fyrir 1. júlí á þessu ári. Nánari upplýsingar er að finna í auglýsingu sem birt er á bls. 54.



Um 100 manns hafa boðið fram þjónustu sína ef til þess kemur að bændur þurfi afleysingu vegna veikinda af völdum kórónuveirunnar.
Mynd / bbl

### *Almenn úrræði í boði fyrir bændur*

Bændur geta einnig nýtt sér þau almennu úrræði sem eru í boði vegna COVID-19 á vinnumarkaði. Vakin er sérstök athygli á að sett hafa verið lög frá Alþingi um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga (þar með talið sjálfstætt starfandi einstaklinga) sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir. Á vef Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is, er að finna margvíslegar upplýsingar, m.a. um minnkað starfshlutfall vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda. */TB*

# MÆLT AF MUNNI FRAM 247

Í síðasta vísnaþætti var lítillega greint frá saltkjötssamveru sem boðið var til hér í húsum okkar hjóna. Geðslag gesta var nokkuð misjafnt, en fleiri þó glaðir en gramir. Í hópi þeirra glöðu var **Reynir Hjartarson** fjöllistamaður og frændi **Péturs læknis Péturssonar**. Reynir orti all mjög milli saltkjötsbitanna:

*Um ýkjur og skreytni allra síst*
*ég Árna Jónsson vændi,*
*en honum ávallt lakar lýst*
*lúðurinn Pétur frændi.*

Í saltkjötsvímu og sætra vína kvaddi **Reynir** okkur hjón með þessari stöku:

*Núna held ég heim minn veg*
*heilsu vel með búna.*
*Þessa kvöldstund þakka ég*
*þúsund sinnum núna.*

Heim kominn daginn eftir var **Reynir** enn með þökkum og vín-andinn virkur mjög:

*Var í gær hér veðraböl,*
*vitlaust nótt og daginn,*
*er því komið feikna föl*
*sem fyllir allan bæinn.*

*Núna vil ég bæta um betur*
*um bölmóðinn og sút.*
*Brátt mun verða búinn vetur*
*og beljur settar út.*

Fyrir utan fádæma þakklæti, þá færði **Reynir** mér möppu með gömlum kveðskap góðskálda. Þar er að finna vísur Akureyrarskáldanna svonefndu, þeirra **Rósbergs Snædal, Gísla Jónssonar, Jakobs Ó. Péturssonar, Baldurs Eiríkssonar, Bjarna frá Gröf og Hjartar Gíslasonar,** föður Reynis og fleiri. Að sönnu teljast sumir ofanskráðra Húnvetningar og margt af efninu ber þess vott að nokkur núningur hafi verið með hagyrðingunum. Gísli orti meðal annars:

*Húnvetninga hersingar*
*hér óslynga kveða raust.*
*Þeir eru kringum kerlingar*
*að kjá og glingra endalaust.*

**Baldur Eiríksson** frá Dvergstöðum orti:

*Okkur hefir aldrei skort*
*óð í Vaðlaþingi.*
*En nýtt er að heyra nokkuð ort*
*af nýtum Húnvetningi.*

**Rósberg** orti til **Baldurs**:

*Baldur Eiríks yrkir ljóð*
*eins og sálin býður.*
*Undistaðan ekki góð-*
*upp úr honum sýður.*

**Hjörtur Gíslason** orti svo til **Bjarna úrsmiðs**:

*Bjarni hefir aldrei átt*
*öl í sínu glasi.*
*Enda notað allan mátt*
*í úrviðgerðarbrasi.*

Í möppunni frá **Reyni Hjartarsyni** er einnig að finna þessar haganlega gerðu afmælisvísur sem **Hjörtur Gíslason** sendi **Bjarna frá Gröf** sextugum:

*Þú hefir hlotið braga-byr*
*beint frá lífsins arni.*
*Því gat aldrei staðið styr*
*um stökur þínar Bjarni.*

*Þær hafa minnt á fagurt flest,*
*fljóð sem gleðja og hugga,*
*lækjarnið og lipran hest,*
*ljós í bæjarglugga.*

*Meðan hestsins hófagrip*
*heimabyggðin syngur,*
*besta vísan ber þinn svip*
*Bjarni Húnvetningur.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

Auðhumla og Mjólkursamsalan:

# Róttækar aðgerðir til að tryggja framleiðsluferla



**Auðhumla hefur sent mjólkurframleiðendum tilkynningu um að víða hafi verið gripið til róttækra aðgerða til að tryggja framleiðsluferla Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu. Öllum samlögum hafi til að mynda verið lokað utanaðkomandi.**

Þá hafi verið ákveðið að hætta tímabundið móttöku og mælingu á kýrsýnum, frumusýnum, gerlasýnum, fangsýnum og öðrum sýnum sem starfsmenn MS og Auðhumlu taka ekki sjálfir.

Gildi fyrirkomulagið meðan ástandið varir.

„Ekki verður tekið við sýnum hvorki í samlögunum né af bílstjórum. Þessi ráðstöfun tekur þegar gildi. Ef upp koma neyðartilfelli þá endilega verið í sambandi við gæðaráðgjafa Auðhumlu. Varðandi tengingu á fjölda kýrsýna við beingreiðslur þá er erindi í ráðuneytinu til úrvinnslu um að gefa undanþágu á fjölda sýna sem þurft hefur að uppfylla,“ segir í tilkynningunni.

Önnur atriði sem Auðhumla hefur gripið til og telur vert að vekja athygli á eru eftirfarandi:

- Gæðaráðgjafar eru ekki lengur með starfsaðstöðu í samlögunum. Þeir eru í tölvu- og símasambandi. Símanúmer eru á forsíðu Auðhumlu audhumla.is
- Heimsóknir gæðaráðgjafa til mjólkurframleiðenda varðandi öflun aukasýna verða takmarkaðar eins og kostur er. Enginn framleiðendi verður heimsóttur nema í ýtrustu neyð og í samráði við viðkomandi.
- Ef upp koma tilfelli þar sem vafi er um mjólkurgæði, verður alltaf fyrsti kostur að láta mjólkurbílstjóra taka sýni.
- Hafið samband við gæðaráðgjafa ef eitthvað er óljóst.
- Mjólkurbílstjórar eru nú með einnota hanska og handspritt meðferðis í mjólkurbílunum. Framleiðendur eru vinsamlegast beðnir um að hafa ílát eða poka inni í mjólkurhúsinu þar sem bílstjórar geta losað sig við hanskana að notkun lokinni. Eins eru framleiðendur beðnir að forðast samskipti við bílstjóra eins og kostur er meðan þetta ástand varir.
- Leiðbeiningar til matvælaframleiðenda er að finna á mast.is
- Einnig eru góð ráð að finna hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins á vefnum rml.is.

Í tilkynningunni kemur einnig fram að deildarfundum sem eftir var að halda hafi verið frestað ótímabundið sem og aðalfundi þar til ástandið batnar. Verður upplýst um það síðar þegar aðstæður í þjóðfélaginu leyfa.

„Við ágætu framleiðendur ásamt afurðafélögum ykkar er mikilvægur hlekkur í matvælaöryggi þjóðarinnar og aldrei eins og nú þegar á reynir fyrir alvöru.

Vonandi átta stjórnvöld sig á þessari staðreynd og tryggja hag landbúnaðarins betur hér eftir en undanfarin ár og munið að sól hækkar á lofti og þessu ástandi linnir.

Gætum vel að sóttvörnum og höldum áfram að framleiða okkur góðu landbúnaðarvörur.

Þannig komust við í gegnum þetta og horfum fram á betri tíð,“ segir í lok tilkynningarinnar, sem Garðar Eiríksson, framkvæmdatjóri Auðhumlu, skrifar undir. */smh*

Santen




ERTU MEÐ AUGNÞURRK?

Hyprosan augndropar – við augnþurrki

- Án rotvarnarefna
- Hægt að nota með augnlinsum
- Fæst án lyfseðils í apótekum

Hyprosan augndropar innihalda hypromellósa og eru ætlaðir til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi (keratoconjunctivitis sicca), hjá fullorðnum. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðil fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. September 2019.**

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR

FRÁBÆR VERÐ



John Deere
Zetor
Case IH
McCormick
Steyr
Claas
Ford
Fiat
New Holland
Deutz-Fahr
Massey Ferguson

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Sektin er til komin af því að Mjólkursamsalan seldi keppinautum sínum hrámjólk á hærra verði en til tengdra aðila og dótturfélaga.

Niðurstaða Landsdóms í máli Mjólkursamsölunnar:

# 480 milljónir króna í sekt vegna markaðsmisnotkunar

## – MS telur þetta ekki endanlega niðurstöðu og hyggst áfrýja til Hæstaréttar

**Landsdómur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um að Mjólkursamsölunni beri að greiða ríkinu 480 milljónir króna í sekt vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. MS mun áfrýja til Hæstaréttar.**

Sektin er til komin af því að Mjólkursamsalan seldi keppinautum sínum hrámjólk á hærra verði en til tengdra aðila og dótturfélaga. Mjólkursamsalan mun áfrýja málinu til Hæstaréttar, að sögn Elínar M. Stefánsdóttur, stjórnarformanns MS.

*MS mun áfrýja til hæstaréttar*

Elín M. Stefánsdóttir, stjórnarformaður Mjólkursamsölunnar, segir í svari til Bændablaðsins vegna fyrirspurnar um niðurstöðu Landsdóms að hún komi sér á óvart.

„Þessi niðurstaða kemur á óvart, enda telur fyrirtækið sig hafa farið að öllu leyti að lögum við framkvæmd á samstarfi til að hagræða og lækka verð á mjólkurvörum til neytenda. Við teljum að túlkun Landsréttar á ákvæðum búvörulaga skapi mikla óvissu um heimildir afurðastöðva í mjólkuriðnaði til að hagræða og lækka vöruverð með verkaskiptingu.

Slík verkaskipting fæst ekki staðist nema með jöfnun framlegðar á milli þeirra aðila sem í henni taka þátt og það þarf að vera óháð því hversu háa framlegð einstakar vörur gefa af sér.

Við lítum því ekki á þetta sem endanlega niðurstöðu í málinu og munum leita eftir heimild til áfrýjunar til Hæstaréttar.“

*Úr dómi Landsréttar*

Í dómi Landsréttar segir meðal annars að varðandi fjárhæð sektarinnar er litið til þess að brot aðalstefnanda er alvarlegt og stóð í langan tíma og að brotið varðaði vinnslu á mikilvægri neysluvöru og voru aðgerðir aðalstefnanda fallnar til að skaða samkeppni og neytendur með alvarlegum hætti. Þá er litið til þess að um ítrekað brot er að ræða, samanber úrskurð áfrýjunarnefndarinnar 14. desember 2006 í máli nr. 8/2006. Samkvæmt samkeppnislögum getur sekt numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarár þeirra sem aðild eiga að brotinu.

Mun heildarvelta aðalstefnanda árið 2015 hafa verið um það bil 26,7 milljarðar króna. Sekt gagnstefnanda nemur um það bil 1,6% af veltunni, sem telja verður hóflegt þegar litið er til heimildar. Verður aðalstefnanda því gert að greiða 440 miljónir króna í sekt. */VH*

Óviðunandi staða við förgun dýrahræja:

# Brennsluofnar víða settir upp við afurðastöðvar

## – Óheimilt að taka við hræjum frá öðrum

**„Það er rétt að staðan varðandi förgun dýrahræja er ekki í lagi,“ segir Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS, og bætir við að þegar rætt sé um að banna urðun á lífrænum úrgangi gleymist þetta atriði.**

Nautgriparæktarfélag Vestur-Húnavatnssýslu vakti athygli á málinu í bókun sem samþykkt var á aðalfundi þess á dögunum og var skorað á sveitarstjórn Húnaþings vestra að sinna lögbundinni skyldu sinni þegar kemur að förgun dýrahræja.

*Úrræðaleysið við förgun*

„Úrræðaleysið þegar kemur að förgun dýrahræja í sveitarfélaginu er algert og bændur því tilneyddir að urða hræ heima á bæjunum, sem er ólöglegt,“ segir í bókuninni.

*Þyrftum annars að aka þessu suður*

Ágúst segir að flestir sláturleyfishafar hafi leyst málið varðandi förgun dýrahræja með brennsluofnum sem félagið Nokk selur hér á landi. Einn slíkur er staðsettur á Sauðárkróki og þjónar þeim tilgangi að brenna áhættuvefjum (cat. 1) frá Kjötafurðastöð KS.

„Við höfum góða reynslu af þessu en ef við hefðum ekki þennan ofn



Brennsluofn við KS á Sauðárkróki. Mynd / KS

stæðum við frammi fyrir þeim kosti að safna þessu saman og keyra þetta suður til brennslu í Kölku,“ segir Ágúst.

*Ekki heimilt að taka á móti úrgangi frá öðrum*

Í tilfelli sláturleyfishafa fellur starfsemi brennsluofna undir starfsleyfi afurðastöðvanna og er einungis ætlað fyrir úrgang sem fellur til frá viðkomandi afurðastöð. Þeim er því ekki heimilt að taka á móti úrgangi frá öðrum til brennslu. Hægt er að fá ofnana í ýmsum stærðum og gerðum eftir því sem hentar.

Landbúnaðarráð Húnaþings vestra hefur bent á að núverandi lög og reglur sem í gildi eru hér á landi um förgun dýrahræja gangi ekki upp þar sem ekki eru til úrræði til að fylgja þeim eftir, þ.e. það vantar brennsluofn/ofna til að brenna hræ af sjálfdauðum dýrum, dýrum sem lógað er heima vegna sjúkdóma og sláturúrgang sem til fellur við heimaslátrun. Þá er söfnun hræja og förgun bæði mjög dýr og erfið í framkvæmd m.a. vegna varnarlína. */MÞÞ*



# Sendum
## frítt um land allt
Ef verslað er yfir 10.000 kr. í vefverslun

## FLANNEL SKYRTA
### FLÍSFÓÐRUÐ
Ekta hörkutól klæðast flanneli. Þægileg, fóðruð skógarhöggsskyrta með vatteruðu innanfóðri úr flísi. Fáanleg í nokkrum litum.



10.900 m/vsk

### STÍGVÉL PVC


4.900 m/vsk

### KULDA-GALLI


21.900 m/vsk

### VINNUBUXUR STRETCH





15.900 m/vsk

### PILOT-JAKKI


18.900 m/vsk

### SAMFESTINGUR


11.900 m/vsk

### KULDA-GALLI


22.900 m/vsk

### LEÐURHANSKAR FÓÐRAÐIR


1.590 m/vsk

### SAMFESTINGUR-BARNA


6.390 m/vsk

## HETTUPEYSA
### FLÍSFÓÐRUÐ
Einstaklega þægileg og hlý hettupeysa með mjúku flísfóðri. Sterkir rennilásar, rifflað stroff og faldar. Til í bláum- og svörtum lit.



17.686 m/vsk

567-6000
SINDRI.IS

SINDRI VINNUFÖT

FRÉTTIR

# Skreytum heimilið með gulum blómum

## – segir Birgir Steinn Birgisson, garðyrkjubóndi hjá Ficus í Hveragerði



Birgir Steinn Birgisson, garðyrkjubóndi hjá Ficus í Hveragerði, með gulblómstrandi begóníu. Myndir / Ingvar Sigurðsson



Blómstrandi ástareldur með knúppum. Mynd / Ingvar Sigurðsson



Pökkun á tete a tete.

**Gul blóm hafa lengi verið tengd páskum og flestum þykir sjálfsagt að skreyta heimilið með þeim yfir hátíðina. Í eina tíð voru afskornar páskaliljur vinsælastar en í dag er nóg að blómin séu gul til að teljast páskablóm.**

Birgir Steinn Birgisson, garðyrkjubóndi hjá Ficus í Hveragerði, segir að hann og fjöldi garðyrkjubænda í landinu vinni hörðum höndum að því að koma fjölda tegunda afskorinna blóma og pottaplantna á markað fyrir páska.

„Íslendingar eru hrifnir af gulum blómum um páskana og í huga margra eru þau fyrstu vorboðarnir sem fólk vill skreyta heimili sín með til að flýta vorkomunni."

### *Fjöldi tegunda í boði*

Birgir segir að úrvalið af páskablómum sé mikið og fjöldi gulra tegunda í boði. „Það eru til páskaliljur í pottum sem kallast tete a tete og stærri afskornar páskaliljur og afskornir gulir túlípanar. Gular afskornar forsytíugreinar, begóníur og krísar og ástareldur í pottum. Úrvalið er því mikið og eitthvað til fyrir alla.

Margar garðyrkjustöðvar á landinu eru því að taka á sig gulan lit þessa dagana. Sérstaklega þær sem rækta pottaplöntur og gul afskorin blóm."

### *Eitthvað fyrir alla*

„Fyrsta gula blómið sem fór á markað frá mér var begónía sem við fáum sem rótaða græðlinga frá Hollandi snemma í janúar. Begóníur eru virkilega harðgerðar plöntur og blómviljugar sem hæglega má halda áfram með og hafa úti í potti yfir hásumarið og taka svo inn yfir veturinn ef fólk vill."

Afskornar forsytíugreinar eru vinsælar í skreytingar um páskana og sannkallað vorblóm þar sem gul blómin koma áður en greinarnar laufgast og eru því mjög áberandi og falleg.

Birgir segir að á markaði séu tvær stærðir af gulum pottakríum og að þær komi frá Afríku sem græðlingar, en órótaðir, og að þeim sé stungið beint í sölupotta og ræktaðar í þeim. Yfirleitt eru þrír til fjórir græðlingar í hverjum potti til að þétta brúskinn.

„Gulur ástareldur er falleg pottaplanta sem við fáum sem græðlinga frá Danaveldi og tekur um 14 vikur að rækta í sölustærð og blóma. Litlar tete a tete liljur, sem eru seldar í pottum og í blóma, eru gríðarlega vinsælar. Teturnar, eins og þær eru oft kallaðar, voru lagðar þrjár saman í pott og í kæli seint á síðasta ári. Blómstrun þeirra er stjórnað með hitastigi og um það leyti sem blómvísirinn fer að myndast eru þær settar í gróðurhús í um það bil viku og drifnar til sölu." Tete a tete eru harðgerðir laukar sem má setja út í garð eftir blómgun. Það getur tekið þær tvö til þrjú ár að koma sér vel fyrir og mynda hliðarlauka en blómstra iðulega eftir það.

„Gulir afskornir túlípanar og páskaliljur eru líka mjög vinsæl páskablóm og fallegar skreytingar yfir hátíðina," segir Birgir.

### *Viðkvæmur markaður*

Aðspurður segist Birgir ekki vera viss um hversu mikið sé framleitt af hverri tegund fyrir sig.

Ekki eru til neinar opinberar tölur um sölu á blómum fyrir páska hér á landi en markaðurinn fyrir páskablóm er talsverður.

„Satt best að segja átta ég mig ekki á því hversu margir eru að kaupa sér blóm til að skreyta með yfir páskana en ætli það séu ekki einhver tugir þúsunda manna. Blóm eru vinsæl gjafavara og margir sem kaupa þau einfaldlega vegna þess að þeim þykir þau falleg og til að skreyta með í kringum sig." /VH

# Blóm eru viðkvæm söluvara og bændur eru uggandi um sölu páskablómanna

## – Markaður fyrir blóm í Evrópu hefur orðið illa úti vegna COVID-19 faraldursins



Fólk sem er mikið heima þessa dagana þyrstir í falleg blóm til að gleðja sjálft sig og aðra. Mynd / VH.

**Garðyrkjubændur hér á landi eru uggandi og hræddir um að sala á blómum verði dræm fyrir páska. Markaður fyrir blóm í Evrópu hefur orðið illa úti vegna afleiðinga COVID-19 faraldursins. Sala á blómum í Danmörku og annars staðar í Evrópu hefur dregist verulega saman.**

Blómamarkaður í Hollandi er nánast óstarfhæfur og þar í landi hefur þurft að farga gríðarlegu magni af blómum sem ekki hafa selst. Í fréttatilkynningu frá Royal Flora Holland, sem er einn stærsti blómamarkaðurinn í heimi, segir að vegna COVID-19 hafi sala og útflutningur á blómum frá Hollandi nánast stöðvast. Uppboðshaldarar í Aalsmeer sátu til dæmis uppi með um 15 milljón blóm á einum dagi sem seldust ekki. Til að draga úr förgun blóma sem ekki seljast hafa uppboðshaldarar tekið til þess ráðs að gefa blóm til spítala og annarra umönnunarstofnana í landinu.

### *Blómabændur uggandi*

Garðyrkjubændur hér á landi eru uggandi og hræddir um að sala á blómum verði dræm fyrir páska. Á þetta ekki síst við þar sem spár gera ráð fyrir að áhrif COVID-19 nái hugsamlega hámarki hér um páskana eða miðjan apríl.

Birgir Steinn Birgisson, garðyrkjubóndi hjá Ficus í Hveragerði, segir að blóm séu viðkvæm söluvara sem ekki sé hægt að geyma lengi.

„Ég veit að garðyrkjubændur sem eru að rækta blóm fyrir páskamarkaðinn eru margir hverjir áhyggjufullir vegna afleiðinga COVID-19 veirunnar og að sala á blómum muni dragast saman."

### *Blóm létta lundina*

„Íslendingar eru fastheldnir á liti þegar kemur að blómum og tengja gul blóm við páskana og markaðurinn fyrir þau því mestur í kringum páskahátíðina. Við sem erum að rækta blómin erum áhyggjufull yfir því að fólk dragi úr blómakaupunum vegna minni mannaferða.

Ég vil þó endilega hvetja fólk til að gera hlýlegt hjá sér með blómum, ekki síst núna þegar það er meira heima fyrir og þarf að hugsa jákvætt. Eitt er víst að hvað svo sem gengur á þá er sólin farin að hækka á lofti og falleg gul páskablóm flýta vorkomunni."

### *Fólk þyrstir í blóm*

Berglind Bjarnarsdóttir, rekstrarstjóri Blómavals, segir að hjá þeim hafi selst mikið af afskornum túlípönum undanfarið og greinilegt að fólk er að kaupa blóm til að fegra heimili sín og til að gefa öðrum.

„Að öllu jöfnu snerist sala á blómum mikið um fermingar á þessum árstíma. Það er greinilegt að fólk sem er mikið heima þessa dagana þyrstir í falleg blóm til að gleðja sjálft sig og aðra.

Sala á pottaplöntum er þokkaleg en svolítið öðruvísi en vanalega því að það er greinilegt að þeir sem koma til að kaupa pottablóm eru ákveðnir í að gera það en minna um að fólk komi bara til að skoða."

### *Afskorin blóm ónýt eftir blómgun*

„Afskorin blóm eru gríðarlega viðkvæm söluvara sem geta ekki beðið lengi og eru ónýt eftir að þau hafa blómstrað. Svipaða sögu er að segja um margar blómstrandi pottaplöntur, þær seljast verr eftir að blómstrun hefur lokið. Þetta á ekki síst við um gular pottaplöntur sem framleiddar eru fyrir páskamarkaðinn," segir Birgir Steinn Birgisson, garðyrkjubóndi hjá Ficus. /VH



OKKAR FRAMLAG
ÓBREYTT VERÐ
Gengi krónunnar gagnvart USD hefur sigið um tæp 17% frá 25. mars 2019.
Við bítum á jaxlinn og bjóðum óbreytt verð á flottum vöðlu- og stangapökkum út apríl.
Á öllum skóm er val um filt eða gúmmíbotn.
SIMMS FREESTONE Z vöðlur FREESTONE skór APRÍLVERÐ: 79.995 kr. (Fullt verð 97.990 kr.)
SIMMS FREESTONE vöðlur og skór APRÍLVERÐ: 65.995 kr. (Fullt verð 82.990 kr.)
SIMMS TRIBUTARY vöðlur og skór APRÍLVERÐ: 45.995 kr. (Fullt verð 56.990 kr.)
SIMMS TRIBUTARY krakkavöðlur og skór APRÍLVERÐ: 34.995 kr. (Fullt verð 41.990 kr.)
REDINGTON ESCAPE vöðlur BENCHMARK skór APRÍLVERÐ: 46.995 kr. (Fullt verð 62.990 kr.)
REDINGTON ESCAPE ZIP vöðlur BENCHMARK skór APRÍLVERÐ: 56.995 kr. (Fullt verð 75.990 kr.)
REDINGTON ESCAPE PANT vöðlur BENCHMARK skór APRÍLVERÐ: 42.995 kr. (Fullt verð 57.990 kr.)
REDINGTON CROSSWATER vöðlur PALIX skór APRÍLVERÐ: 28.995 kr. (Fullt verð 38.900 kr.)
REDINGTON YOUTH CROSSWATER krakkavöðlur og skór APRÍLVERÐ: 24.995 kr. (Fullt verð 33.900 kr.)
Vorið er komið. Við förum að veiða.
DÖMUSNIÐ
SIMMS FREESTONE Z dömuvöðlur FREESTONE skór APRÍLVERÐ: 79.995 kr. (Fullt verð 97.990 kr.)
SIMMS FREESTONE dömuvöðlur og skór APRÍLVERÐ: 65.995 kr. (Fullt verð 82.990 kr.)
SIMMS TRIBUTARY dömuvöðlur og skór APRÍLVERÐ: 45.995 kr. (Fullt verð 56 .990 kr.)
REDINGTON SONIC dömuvöðlur SIREN skór APRÍLVERÐ: 59.995 kr. (Fullt verð 77.990 kr.)
REDINGTON WILLOW dömuvöðlur og skór APRÍLVERÐ: 34.995 kr. (Fullt verð 44.990 kr.)
REDINGTON VICE Fluguveiðipakki APRÍLVERÐ: 44.995 kr. (Fullt verð 56.995 kr.)
REDINGTON PATH Fluguveiðipakki APRÍLVERÐ: 31.995 kr. (Fullt verð 38.995 kr.)
REDINGTON CROSSWATER Fluguveiðipakki APRÍLVERÐ: 24.995 kr. (Fullt verð 32.995 kr.)
REDINGTON MINNOW Fluguveiðipakki APRÍLVERÐ: 24.995 kr. (Fullt verð 32.995 kr.)
VEIÐIKORTIÐ 2020
www.veidikortid.is
VEIÐIKORTIÐ 2020
50% afsláttur þegar það er keypt með vöðlu- eða fluguveiðipökkum.
AÐEINS 3.950 kr.
(Fullt verð 7.900 kr.)
Framúrskarandi fyrirtæki 10 ár í röð
TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998
VEIÐIHORNIÐ
veidihornid.is • s: 568 8410
VEIÐIBÚÐ ALLRA LANDSMANNA Á NETINU ER OPIN DAG OG NÓTT
SENDUM SAMDÆGURS
MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN
SÍÐUMÚLA 8
SÍMI 568 8410
VEIDIHORNID.IS

FRÉTTIR

## Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

# Aðgerðarpakki vegna áhrifa COVID-19

**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnarðarráðherra kynnti á föstudaginn aðgerðir á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs til að bregðast við áhrifum COVID-19 veirunnar á þessar greinar.**

Markmið aðgerðanna er að lágmarka neikvæð áhrif á íslenskan landbúnað og sjávarútveg til skemmri og lengri tíma, en um leið skapa öfluga viðspyrnu þegar þetta tímabundna ástand er gengið yfir.

Aðgerðirnar eru átta fyrir landbúnað og eru eftirfarandi:



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Mynd / sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

***1. Íslensk garðyrkja efld til muna með auknum fjárveitingum***

Nú standa yfir samningaviðræður stjórnvalda og bænda um endurskoðun búvörusamnings um starfsskilyrði garðyrkjuræktar. Þar er gert ráð fyrir að íslensk garðyrkja verði efld til muna með auknum fjárveitingum og með tilheyrandi fjárfestingum í greininni. Aðgerðin er m.a. fjármögnuð með fjárfestingaátaki ríkisstjórnarinnar á þessu ári. Aukin framleiðsla á íslensku grænmeti er forsenda þess að íslenskir garðyrkjubændur nái að halda í við þá þróun sem aukin neysla grænmetis hefur í för með sér og nái að halda við og auka markaðshlutdeild íslensks grænmetis.

***2. Aukin þjónusta og ráðgjöf til bænda vegna COVID-19***

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun í samráði við Bændasamtök Íslands gera bændum kleift að fá fjölþætta ráðgjöf á sviði rekstrar og nýsköpunar til að takast á við þær áskoranir sem nú blasa við vegna COVID-19 og til að tryggja öfluga viðspyrnu þegar að þessu tímabundna ástandi lýkur.

***3. Tilfærslur á greiðslum samkvæmt gildandi búvörusamningum innan ársins 2020***

Framkvæmdanefnd búvörusamninga verður falið að leita leiða til að færa til fjármuni í samræmi við gildandi búvörusamninga til að koma sérstaklega til móts við innlenda matvælaframleiðendur sem nú glíma við tímabundna erfiðleika.

***4. Afurðatjón vegna COVID-19 skráð***

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Bændasamtök Íslands og Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins munu vinna saman að því að skrá afurðatjón bænda vegna COVID-19.

***5. Tryggja greiðslur til einstaklinga sem sinna afleysingaþjónustu fyrir bændur***

Bændasamtök Íslands hafa sett á fót afleysingaþjónustu til að aðstoða bændur sem ekki geta sinnt búum sínum vegna veikinda af völdum COVID-19. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnur að því í samstarfi við félags- og barnamálaráðuneytið að tryggja greiðslur til þeirra einstaklinga sem sinna þessari þjónustu.

***6. Mælaborð fyrir landbúnaðinn til að bæta framsetningu gagna um landbúnaðarframleiðsluna, birgðir og framleiðsluspár***




Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Bændasamtök Íslands munu vinna að gerð mælaborðs fyrir landbúnaðinn til að bæta framsetningu gagna um landbúnaðarframleiðsluna, birgðir og framleiðsluspár. Markmiðið er að búa til nokkurs konar mælaborð landbúnaðarins þar sem dregnar eru saman hagtölur sem snerta framleiðsluna og þeim haldið við. Slíkt skiptir máli m.a. til að tryggja fæðuöryggi til lengri og skemmri tíma.

***7. Óskað eftir liðsinni dýralækna í bakvarðasveit***

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Matvælastofnun og Dýralæknafélag Íslands hafa óskað eftir liðsinni dýralækna í bakvarðasveit. Leitað er að fólki sem hefur aðstæður og er reiðubúið að vera á útkallslista dýralækna og getur hlaupið til með skömmum fyrirvara, eftir því sem aðstæður leyfa.

***8. Ráðstafanir til að stuðla að ræktun iðnaðarhamps hér á landi***

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið gera ráðstafanir til að heimila með skilyrðum ræktun iðnaðarhamps hér á landi til að auka verðmætasköpun í íslenskum landbúnaði.

***Fyrir sjávarútveginn og fiskeldi eru aðgerðirnar fimm:***

***1. Komið til móts við grásleppusjómenn sem lenda í sóttkví eða einangrun varðandi lengd veiðitímabilsins***

Ráðherra hefur undirritað breytingu á reglugerð um hrognkelsaveiðar 2020 sem heimilar hlé á grásleppuveiðum ef skipstjóri eða áhöfn þurfa að fara í sóttkví eða einangrun.

***2. Afgreiðslu rekstrarleyfa í fiskeldi flýtt og eftirlit og stjórnsýsla styrkt***

Fiskeldi hefur vaxið mikið á undanförnum árum og var útflutningsverðmæti fiskeldis 25 ma.kr. í fyrra eða sem nemur tæplega 2% af heildarútflutningi. Samhliða miklum vexti greinarinnar undanfarin ár hefur málsmeðferð rekstrarleyfisveitinga vegna fiskeldis þyngst umtalsvert. Því er mikilvægt í samráði við Matvælastofnun að flýta afgreiðslu leyfa til fiskeldis enda gæti það á þessu ári og til framtíðar haft í för með sér mikla fjárfestingu hér á landi og ráðningu á fleira starfsfólki.

***3. Aukið fjármagn í hafrannsóknir***

Öflugar hafrannsóknir eru meginforsenda þess að gera megi verðmæti úr sjávarauðlindinni og nýta hana með sjálfbærum hætti. Í samræmi við samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar verður veitt viðbótarfjármagn til að efla hafrannsóknir við Ísland. Við ráðstöfun þessa viðbótarfjármagns verður sérstaklega litið til þess að auka rannsóknir á loðnu en um mikla þjóðhagslega hagsmuni er að ræða en útflutningsverðmæti loðnu árin 2016-2018 var að meðaltali um 18 milljarðar króna. Aðgerðin er fjármögnuð með fjárfestingaátaki ríkisstjórnarinnar á þessu ári.

***4. Aukið svigrúm til að flytja aflaheimildir milli fiskveiðiára***

Aðgerðin miðar að því að stuðla að sveigjanleika við veiðar og vinnslu en slíkt er mikilvægt í því tímabundna ástandi sem nú gengur yfir.

***5. Árskvótar deilistofna uppsjávarfisks gefnir út***

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun hraða vinnu við útgáfu árskvóta til veiða úr þremur deilistofnum uppsjávarfisks, þ.e. síldar, kolmunna og makríls. Með því er stuðlað að auknum fyrirsjáanleika við þessar veiðar.

***Tvær aðgerðir eru svo almenns eðlis:***

***1. Fallið frá áformum um 2,5% hækkun á gjaldskrá Matvælastofnunar til 1. september 2020***

Fyrirséð er að eftirspurn eftir íslenskum matvælum mun dragast saman á næstu misserum, m.a. í ljósi fækkunar ferðamanna til Íslands, og mun slíkt hafa áhrif á rekstur íslenskra matvælaframleiðenda. Vegna þessa verður fallið frá áformum um 2,5% hækkun á gjaldskrá Matvælastofnunar til 1. september á þessu ári.

***2. Ráðstafanir til að tryggja áframhaldandi starfsemi fyrirtækja í matvælaframleiðslu vegna samkomubannsins o.fl.***

Hertar kröfur um samkomur fólks, fjarvera starfsmanna frá vinnu vegna sóttkvíar og einangrunar og aðrar ráðstafanir yfirvalda geta haft neikvæð áhrif á fyrirtæki sem sinna íslenskri matvælaframleiðslu. Heilbrigðisráðherra hefur, eftir samráð við sóttvarnalækni, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Matvælastofnun, ákveðið að veita fyrirtækjum í þessum greinum undanþágu frá tilteknum ráðstöfunum að uppfylltum ströngum skilyrðum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun áfram fylgjast með þessari þróun í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld og atvinnulífið.

Í tilkynningu úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu kemur fram að eðli málsins samkvæmt breytist staðan hratt og mun ráðuneytið því áfram fylgjast náið með þróun mála og grípa til frekari aðgerða sem nauðsynlegar verða. /smh




# YAMAHA






**GRIZZLY** 700 EPS SE
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
***Verð: 2.230.000 kr.***
***36.000 kr.****
*afborgun á mánuði ***



**GRIZZLY** 700 EPS
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
***Verð: 2.170.000 kr.***
***32.800 kr.****
*afborgun á mánuði ****



**KODIAK** 700 EPS
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-306kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
***Verð: 1.890.000 kr.***
***29.600 kr.****
*afborgun á mánuði *****



**KODIAK** 450 IRS
421cc-fjórgengis-4WD
H/L drif-spil-289kg
***Verð: 1.690.000 kr.***
***25.600 kr.****
*afborgun á mánuði ******

Lykill fjármögnun

**Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 6,15% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér lánaskilmála Lykillána á heimasíðu Lykils **www.lykill.is.** Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er ** 7,86% - *** 7,88% - **** 7,90 - *****7,94% - Öll verð innifela virðisaukaskatt.*

ARCTIC TRUCKS

**YAMAHA** Á ÍSLANDI
ARCTIC TRUCKS

YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is

FRÉTTIR

### Samstarfssamningur stjórnvalda, RML, Skógræktarinnar, Landgræðslunnar og LS um loftslagsvænni landbúnað:

# Tækifæri til að ástunda umhverfisvænni og ábatasamari landbúnað

## – Bændum greitt fyrir vinnu þeirra við verkefnið

**Á morgunverðarfundi á Hótel Sögu, sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið bauð til í byrjun mars, var undirritaður samningur um verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður, sem er samstarfsverkefni stjórnvalda, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), Skógræktarinnar, Landgræðslunnar og Landssamtaka sauðfjárbænda um aðgerðir í loftslagsmálum.**



Frá undirritun samningsins í Bændahöllinni í byrjun mars. Talið frá vinstri: Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Árni Bragason landgræðslustjóri. Myndir / atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Markmið verkefnisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og vegna landnýtingar og auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri.

Yfirskrift fundarins var Landbúnaður, loftslag og náttúruvernd og hófst hann með erindi Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfis- og auðlindaráðherra. Hann sagði að í stjórnarsáttmálanum sé kveðið á um samstarf við sauðfjárbændur um kolefnisjöfnun greinarinnar. Ráðuneyti hans hafi leitt undirbúningsvinnu verkefnisins Loftslagsvænn landbúnaður í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Skógræktina og Landgræðsluna. Sagði hann að allar þessar stofnanir eigi það sammerkt að hafa mikil tengsl við bændur, hver á sínu sviði.

### *Um 20 prósent losunar frá landbúnaði*

„Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði, þ.e. búfé og áburði, telur um 20% af þeirri losun sem fellur undir beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Ljóst er að frumkvæði bænda sjálfra og áhugi þeirra á loftslagsmálum hefur stuðlað að því að ákvæði þessu tengt ratar í stjórnarsáttmála. Þannig hafa búgreinar sett sér markmið um kolefnishlutleysi, en til þess þarf að vinna að samdrætti í losun og auka kolefnisbindingu,“ sagði ráðherra.

„Verkefnið byggir á heildstæðri ráðgjöf og fræðslu fyrir bændur. Jafnframt geta þeir sótt um að vinna með sitt eigið bú, greina losun, móta aðgerðaáætlun um hvernig megi draga úr losun og vinna að henni með aðstoð. Þessir bændur munu vonandi ryðja brautina fyrir aðra, þar sem lagt verður mat á árangur mismunandi aðgerða og hvernig gengur að framkvæma þær. Þetta verkefni er mikilvægt bæði landbúnaðinum til að fá reynslu og mat á mismunandi aðgerðum og einnig stjórnvöldum til að ná heildarárangri í samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Enn sem komið er stendur þetta eingöngu sauðfjárbændum til boða, en ég hygg að hér sé komin ágætis fyrirmynd til að vinna með öllum búgreinum.“



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra flytur erindi sitt á morgunverðarfundinum.

### *Bætt í stuðning við landgræðslu- og skógræktarstarf*

Guðmundur Ingi sagði að í tengslum við verkefnið yrði bætt við stuðning við landgræðslu- og skógræktarstarf. „Á sama tíma fer nú fram heildarstefnumörkun fyrir landgræðslu og skógrækt en í vinnslu eru stefnumarkandi áætlanir fyrir hvort tveggja á grundvelli nýrra laga. Þær ættu að skerpa á forgangsröðun í verkefnum ríkisins og draga fram samlegð í þeim verkefnum sem verið er að sinna. Ég bind miklar vonir við alla þessa vinnu.

Í stjórnarsáttmálanum er einnig kveðið á um það að samhliða nýrri kynslóð landbúnaðarsamninga verði innleiddir sérstakir aðlögunarsamningar um nýja starfsemi til sveita. Þar er hugmyndin að bændur geti byggt upp nýjar búgreinar eða haslað sér völl á öðrum sviðum en jafnframt að samningarnir séu tímabundnir, háðir skilyrðum um byggðafestu og verðmætasköpun og geti stuðlað að nýsköpun, náttúruvernd og nýjum áherslum í rannsóknum og menntun.

Mikil samlegð er á milli landbúnaðar og náttúruverndar þegar kemur að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, sem felur í sér mikil tækifæri til sóknar í sveitum landsins. Landbúnaður er háður náttúrulegum aðstæðum. Því felast töluverð umhverfisleg og efnahagsleg tækifæri í að bændur nýti sér möguleg samlegðaráhrif landbúnaðar og náttúruverndar til að stunda umhverfisvænan en jafnframt ábatasaman landbúnað á jörðum sínum,“ sagði Guðmundur Ingi.

### *Greiðslur fyrir þátttöku háðar skilyrðum*

Borgar Páll Bragason, fagstjóri hjá RML, sagði á fundinum þá undirbúningsvinnu sem hefur snúið að þeim. Hann segir að verkefnið feli í grundvallaratriðum í sér fræðslu og heildstæða ráðgjöf til bænda um samspil landbúnaðar og loftslagsmála. „Verkefnið felur í sér umsjón og stjórnun verkefnisins, mótun verklagsreglna fyrir verkefnið, mótun námsefnis, undirbúning og framkvæmd námskeiða og fræðslu, auglýsingar og mat á umsóknum um þátttöku í verkefninu, gerð samninga við þátttakendur, ráðgjöf til þátttakenda í verkefninu, mat á árangri og kynningu á framvindu og niðurstöðum verkefnisins.

„Greitt verður fyrir þátttöku í verkefninu, sem annars vegar eru tengdar gerð, framfylgd og endurskoðun aðgerðaráætlunar fyrir hvert bú og hins vegar því hvort skýrsluhald þátttakenda teljist fullnægjandi samkvæmt þeim viðmiðum sem verða sett í verklagsreglum verkefnisins.

Ráðgjöfin mun felast í gerð aðgerðaáætlana fyrir einstök bú til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ávinningurinn fyrir þátttakendur mun felast bæði í loftslagsvænni búskap fyrir búin en einnig verður hann fjárhagslegur. Til dæmis verður 50 þúsund króna niðurgreiðsla á efnagreiningakostnaði og allt að 600 þúsund króna greiðslur á ári vegna eigin vinnu við gerð aðgerðaáætlunarinnar og aðgerða sem miða að því að draga úr losun og auka kolefnisbindingu. Ekki má gleyma því að með bættu kolefnisspori fylgir betri búrekstur,“ segir Borgar Páll.

Námskeiðahald hefur verið í gangi í febrúar og mars á vegum RML, Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur komið að fjármögnun þeirra. Þegar námskeiðahaldi er lokið verður auglýst eftir þátttöku búa. Fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að 15 bú geti tekið þátt, en aðeins sauðfjárbú í gæðastýringu. /smh



Borgarholtsskóli

# NÁM MEÐ STARFI
## Dreifnám fyrir fullorðna



**Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir**

- **Félagsliða**
- **Félags- og tómstundaliða**
- **Leikskólaliða**
- **Stuðningsfulltrúa í skólum**
- **Viðbótarnám Leikskólaliða**

**Umsóknarfrestur er til 31. maí 2020**

Sótt er um á: **www.bhs.is/namid/brautir/dreifnam/umsokn**
Nánari upplýsingar á: **www.bhs.is/namid/brautir/dreifnam/**
Ef þig vantar frekari upplýsingar sendu þá póst á: **dreifnam@bhs.is**

Námið fer fram í gegnum netið og í staðlotum – kjörið fyrir þá sem eru í starfi og vilja ná sér í starfsréttindi. Sláðu til og skráðu þig, þú sérð ekki eftir því.

**Fylgstu með okkur** Borgarholtsskoli | f Borgarholtsskoli | **BHS.IS**



# SENDIBÍLAR FYRIR KREFJANDI VERKEFNI

Eigum sendibíla sem henta stórum og smáum fyrirtækjum. Skoðaðu úrvalið á **notadir.is**



MERCEDES-BENZ Raðnúmer: 994622
**VITO 119**
Árgerð 2017, ekinn 126 þús. km, dísil, 191 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, burðargeta 800 kg, rennihurð b/megin.
**Verð nú ÁN VSK**
**3.190.000 kr.**
Verð áður ÁN VSK 3.590.000 kr.



MERCEDES-BENZ Raðnúmer: 994198
**VITO 116**
Árgerð 2019, ekinn 14 þús. km, dísil, 164 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, burðargeta 920 kg, rennihurð b/megin.
**Verð nú ÁN VSK**
**5.990.000 kr.**



MERCEDES-BENZ Raðnúmer: 994585
**CITAN**
Árgerð 2017, ekinn 26 þús. km, dísil, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn, burðargeta 500 kg, rennihurð b/megin.
**Verð nú ÁN VSK**
**1.990.000 kr.**
Verð áður ÁN VSK 2.290.000 kr.



TOYOTA Raðnúmer: 391300
**PROACE**
Árgerð 2014, ekinn 153 þús. km, dísil, 128 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn, burðargeta 1100 kg, rennihurð h/megin.
**Verð nú ÁN VSK**
**950.000 kr.**
Verð áður ÁN VSK 1.190.000 kr.



MERCEDES-BENZ Raðnúmer: 994674
**V-Class**
Árgerð 2016, ekinn 78 þús. km, dísil, 164 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn, fólksflutningabíll, 5 farþegar.
**Verð nú**
**5.990.000 kr.**



MERCEDES-BENZ Raðnúmer: 321143
**SPRINTER**
Árgerð 2015, ekinn 211 þús. km, dísil, 164 hö, sjálfskiptur, fólksflutningabíll 8 farþegar + bílstjóri.
**Verð nú**
**4.690.000 kr.**
Verð áður 5.750.000 kr.



VW Raðnúmer: 994656
**TRANSPORTER**
Árgerð 2016, ekinn 144 þús. km, dísil, 150 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, burðargeta 900 kg, rennihurð b/megin.
**Verð nú ÁN VSK**
**2.680.000 kr.**



MERCEDES-BENZ Raðnúmer: 994579
**SPRINTER 316NGT**
Árgerð 2010, ekinn 159 þús. km, bensín/metan, 157 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn, burðargeta 910 kg.
**Verð nú ÁN VSK**
**1.590.000 kr.**
Verð áður ÁN VSK 1.990.000 kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndarugli

NOTAÐIR BÍLAR ASKJA **notadir.is**

Kletthálsi 2 og Bílakjarnanum Eirhöfða 11
110 Reykjavík · Sími 590 2160

Opnunartímar
Mán-fim 10–18, fös 10-17, lau 12–16

Umboðsmenn um land allt:
K.Steinarsson, Bílás, Bílver, Bílasala Selfoss, BVA, Höldur

# STEKKUR

## Fjögur tré

**Annað slagið gerist það að ég lendi í vandræðum með að hugsa efni í Stekkinn og þá er gott að grípa til þess sem ég hef gaman af. Að þessu sinni er sagt frá þremur innfluttum trjám sem flestir þekkja.**

Samkvæmt kristinni þjóðtrú er að finna að minnsta kosti tvær skýringar á skrjáfi nöturasparinnar. Sú fyrri segir að kross Krists hafi verið smíðaður úr viði hennar og það er af skömm sem blöð trésins skjálfa án afláts. Hin skýringin er sú að Kristur hafi lagt á tréð að það myndi skjálfa án afláts eftir að það neitaði að lúta valdi hans.

Aðrir segja að tréð sé eins og sá sem ber út slúður og skelfur sífellt af hræðslu um að upp um hann komist eða að það minni á iðandi tungu lyginnar.

Í Skotlandi var nöturöspin tengd álfabyggð og talið að í námunda við hana mætti finna hlið milli heima. Þar í landi þótti gott að hafa laufblað nöturaspar undir tungunni þegar menn fóru á mannamót til að auka málsnilld sína. Það var aftur á móti ólán að nota viðinn til smíða á hlutum sem tengdust ræktun eða í veiðistangir og ekki mátti nota hann til húsbygginga. Vegna þess hve léttur viðurinn er þótti hann aftur á móti góður til útskurðar.

Samkvæmt blóma- og heilsufræði Edward Bach er nöturöspin kvíðastillandi.

Í þjóðtrú tengist ölur endurfæðingu og styrk. Viðurinn þykir góður til að smíða hluti sem vekja eiga ástir en börkur og blöð nýtast til að búa til grænan lit. Tréð gegnir veigamiklu hlutverki í goðsögnum og þjóðtrú Kelta. Írar töldu boða ógæfu að ganga framhjá elritré á ferðalögum. Í Noregi voru fersk blöð lögð á fætur til að draga úr þreytu og seyði úr þeim þótti gott við meinsemd í hálsi. Ef blöðin eru tínd snemma morguns með morgundögginni og lögð í rúm er sagt að þau fæli burt fló.

Ölur hefur þann eiginleika að rotna ekki í vatni og standa flestar byggingar í Feneyjum á elridrumbum. Viðurinn fúnar fljótt á þurru og hentar því illa til húsbygginga eða í girðingastaura.

Viður beykitrjáa er harður og góður efniviður til smíða á húsgögnum, handverkfærum og ýmiss konar kylfum sem notaðar eru í íþróttum. Skotar brenndu beyki til að reykja síld og kolin voru notuð til púðurgerðar og til að hita járn. Í Danmörku notuðu bændur beykitré til að rækta kræklinga með því að sökkva trjánum í sjó og láta kræklinginn vaxa á þeim.

Þegar hungursneyð steðjaði að í Evrópu voru beykifræ mulin og notuð í brauðdeig en ristuð fræ þóttu góð sem kaffibætir. Olían í fræjunum er sögð líkjast ólífuolíu og ágæt til matargerðar, sem viðbit í staðinn fyrir smjör, og sem lampaolía. Nýtt lauf er gott í salat og sem bakstur á bólgur í holdi. Beykibörkur var notaður til að rista á rúnir.

Talið var að beykitré væru góð vörn gegn eldingum og vegna þess hve krónan er þétt veitir hún gott skjól gegn regni. Bolurinn á beyki verður holur með aldrinum og því upplagður felustaður fyrir menn og skepnur. Sagan segir að snákar forðist beykitré.

Norrænir menn töldu að þyrnirinn hefði orðið til þegar elding laust til jarðar og því góð vörn gegn skruggum og óveðri á sjó. Sagt var að blóm þyrnitrjáa héldu konum ungum og væru góð við magaverk. Viðurinn þótti góður í eldköstinn. /VH

**NYTJAR HAFSINS**

## Bandaríkin eru með öflugan sjávarútveg:

# Fimmta stærsta fiskveiðiþjóð heims



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Bandarískir sjómenn að veiðum við Alaska. Myndir / NOAA

**Bandaríkin eru fimmta stærsta fiskveiðiþjóð í heimi. Bandarískir fiskimenn koma með nærri fjórfalt meira magn af fiski að landi en íslenskir kollegar þeirra. Alaskaufsi er mest veiddur en humar skapar mestu verðmætin.**

Fiskveiðar skipta gríðarlega miklu máli fyrir mörg ríki Bandaríkjanna sem eiga land að sjó. Bandaríkin hafa yfir að ráða stærstu efnahagslögsögu heims. Innan hennar eru mörg gjöful fiskimið og mikil fjölbreytni í veiðum.

Bandarískir fiskimenn komu með 4,3 milljónir tonna af fiski og skelfiski að landi árið 2018 að verðmæti 5,6 milljarða dollara, eða sem samsvarar 785 milljörðum íslenskra króna, miðað við gengi krónunnar í lok síðustu viku. Þetta er um 5,3% samdráttur í magni en 2,8% aukning í verðmætum frá árinu 2017. Til samanburðar má geta þess að Íslendingar veiddu 1.260 þúsund tonn árið 2018 og aflaverðmætin voru 128 milljarðar króna.

Heildarveiði Bandaríkjanna skiptist þannig að fiskur var rúmar 3,7 milljónir tonna en skelfiskur 502 þúsund tonn. Í heild voru fiskar um 88% af lönduðum afla en aðeins 45% að verðmæti.

Árið 2017 voru Bandaríkin í fimmta sæti á lista yfir stærstu fiskveiðiþjóðir heims með rúm 5% heimsaflans.

### *NOAA, ein allsherjarstofnun*

Tölur um fiskveiðar Bandaríkjamanna má finna í nýbirtri skýrslu NOAA, National Oceanic and Atmospheric Administration. NOAA er stofnun sem gegnir víðtæku hlutverki. Segja má að hún hafi á sinni könnu verkefni sem hér á landi heyra að hluta til eða öllu leyti undir Umhverfisstofnun, Veðurstofuna, Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu.

### *Fjögur ólík hafsvæði*

Fiskveiðar Bandaríkjanna fara fram á fjórum mjög svo ólíkum hafsvæðum samkvæmt skilgreiningu NOAA. Þau eru Norður-Atlantshafið meðfram austurströndinni niður að Flórídaskaga, Mexíkóflói, Kyrrahafið og hafsvæðið við Alaska. Flórídaskaginn skiptist á milli Atlantshafssvæðisins og Mexíkóflóa.

Veiðar í Beringshafi við Alaska eru taldar vera með hættulegustu veiðum í heimi. Þar glíma sjómenn oft við kulda og stórsjói. Hinir þekktu sjónvarpsþættir Deadliest Catch voru teknir þar.

Alaskasvæðið gefur mestan afla, eða 58% af heildinni, en skilar þó ekki nema tæpum þriðjungi af aflaverðmætum. Mexíkóflóinn er næstur í röðinni. Þar eru dregin úr sjó 16% aflans og 16% verðmæta. Úr Atlantshafinu koma 14% aflans en 37% verðmæta. Kyrrahafið rekur lestina með 12% aflans og 13% verðmæta.

Atlantshafið er þannig í fyrsta sæti varðandi aflaverðmæti og helgast það af því að afar verðmætar tegundir, eins og humar, skeljar og krabbar, veiðast þar.

### *Alaskaufsi á toppnum*

Helstu fisktegundir sem veiðast við Bandaríkin eru flestum Íslendingum lítt kunnar nema af afspurn.

Alaskaufsi er mest veidda tegundin. Hann veiðist einkum í Beringshafi en einnig víðar í Norður-Kyrrahafi. Á árinu 2018 komu rúmar 1,5 milljónir tonna á land af þessum ágæta fiski, sem er töluvert meira en afli Íslendinga í öllum tegundum var það ár.

Í öðru sæti er lítill bræðslufiskur sem nefnist meinhaddur (e. Menhaden). Veiðar á honum fara fram í Atlantshafi og Mexíkóflóa. Alls veiddust rúm 717 þúsund tonn af meinhaddi.

Lýsingingur, smár hvítfiskur, er þriðja mest veidda tegundin með um 318 þúsund tonn. Hann veiðist nær eingöngu í Kyrrahafinu.

Kyrrahafslax er í fjórða sæti með 262 þúsund tonn. Hér er um fimm aðskildar tegundir laxa að ræða.

Flatfiskar verma fimmta sætið með 248 þúsund tonn. Fjölda kolategunda og annarra flatfiska er þarna slegið saman. Um 90% aflans veiðast í Kyrrahafi.

Bandaríkjamenn veiða um 233 þúsund tonn af kyrrahafsþorski sem er frábrugðinn atlantshafsþorskinum sem Íslendingar veiða. Hér á árum áður veiddist mikið af atlantshafsþorski nyrst við austurströnd Bandaríkjanna. Stofninn hrundi vegna ofveiði og hefur ekki náð sér síðan. Þar veiddust aðeins 976 tonn af þorski árið 2018.

### *Humarinn skilar mestum verðmætum*

Þegar horft er til aflaverðmæta riðlast röðin á mikilvægi tegunda. Humar er sú tegund sem skilar mestum aflaverðmætum, eða um 648 milljónum dollara, sem er rúmur 91 milljarður íslenskur. Humarinn er nær eingöngu veiddur í Maine og Massachusetts.

Krabbar fylgja fast á eftir með svipuð verðmæti og humarinn. Hér er um nokkrar tegundir krabba að ræða sem veiðast bæði við vesturströndina, austurströndina og við Alaska.

Kyrrahafslax er í þriðja sæti á verðmætalistanum og þar á eftir koma hörpudiskur og rækjur. Rækjurnar veiðast aðallega í Mexíkóflóa en einnig í Kyrrahafi.

Alaskaufsi er aðeins í sjöunda sæti á lista yfir verðmætustu tegundirnar. Verðmæti hans er 451,2 milljónir dollarar, eða rúmir 63 milljarðar íslenskir. Meinhaddur, sem er í öðru sæti yfir mest veiddu tegundir, er í tíunda sæti miðað við verðmæti.



Bandarískir fiskimenn komu með 4,3 milljónir tonna af fiski og skelfiski að landi árið 2018 að verðmæti 5,6 milljarða dollara, eða sem samsvarar 785 milljörðum íslenskra króna, miðað við gengi krónunnar í lok síðustu viku.

### *Mestu verðmæti í Massachusetts*

Eins og að líkum lætur er Alaska mesta fiskveiðiríki Bandaríkjanna, bæði hvað varðar magn og verðmæti. Þar var landað 2,5 milljónum tonnum af fiski og skelfiski að verðmæti 1,8 milljarðar dollara, eða 253 milljörðum króna. Fyrir utan alaskaufsann kemur mikið á land af kyrrahafslaxi, kyrrahafsþorski og nokkrum verðmætum krabbategundum.

Annað stærsta fiskveiðiríkið er Louisiana sem liggur að Mexíkóflóa. Þar var landað 454 þúsund tonnum af sjávarafla.

Í þriðja sæti er Washington, sem er nyrst á vesturströndinni, með 268 þúsund tonn. Í Washingtonríki er borgin Seattle en þangað hafa allnokkrir íslenskir sjómenn lagt leið sína.

Þegar litið er á aflaverðmæti þá skýst Massachusetts upp í annað sæti á eftir Alaska með 647,2 milljónir dollara, um 91 milljarð íslenskan. Maine er í þriðja sæti með 587,4 milljón dollara, tæpir 83 milljarðar íslenskir. Bæði þessi ríki eru norðarlega á austurströndinni.

### *Stærsta fiskihöfnin*

Dutch Harbor í Alaska hefur í áraraðir verið stærsta fiskihöfnin í Bandaríkjunum. Árið 2018 var engin undantekning. Þar komu á land 365 þúsund tonn af sjávarfangi að verðmæti 182 milljónir dollarar, eða 25,6 milljarðar króna. Ekki kemur á óvart að alaskaufsi er rúmlega 90% þessa afla.

New Bedford í Massachusetts er hins vegar sú fiskihöfn þar sem mestum verðmætum var landað. Verðmæti afla þar var 431 milljón dollara, eða rúmir 60 milljarðar íslenskir. Á bak við þessi miklu verðmæti eru að langstærstum hluta veiðar á hörpudiski.

Þess má geta til samanburðar að stærsta fiskihöfn á Íslandi í tonnum talið árið 2018 er Neskaupstaður með 214 þúsund tonn. Mest verðmæti komu á land í Reykjavík eða 17,7 milljarðar. Helgast það meðal annars af því að margir frystitogarar landa þar afurðum sem unnar hafa verið um borð.

### *Gríðarlegur innflutningur*

Þrátt fyrir miklar fiskveiðar eru Bandaríkin stór innflytjandi á sjávarafurðum. Reyndar er ekkert annað ríki í heiminum sem flytur inn jafnmikið af sjávarafurðum og Bandaríkin.

Um 85 til 95% af sjávarafurðum sem Bandaríkjamenn neyta eru innflutt. Þetta segir ekki alla söguna því verulegt magn, sem bandarískir fiskimenn veiða, fer til vinnslu erlendis og er síðan flutt inn sem afurðir.

Helstu innfluttar tegundir eru hlýsjávarrækjur og flök ýmissa hvítfisktegunda.

Hér á árum áður voru Bandaríkin einn helsti markaður fyrir botnfiskafurðir frá Íslandi. Þessi viðskipti hafa dregist mikið saman en hafa reyndar verið örlítið á uppleið síðustu árin. Árið 2018 voru fluttar út sjávarafurðir héðan til Bandaríkjanna fyrir tæpan 21 milljarð króna, sem eru tæp 9% af virði fiskútflutnings okkar það ár.

### *Öflug fiskvinnsla*

Megnið af fiskafla Bandaríkjanna var ráðstafað til manneldisvinnslu, eða um 76% af lönduðum afla. Um 17% fóru í vinnslu á fiskimjöli og lýsi. Restin fór í beitu, dýrafóður o.fl.

Fiskvinnsla er mjög öflug í Bandaríkjunum og er bæði unnið úr sjávarafla sem fenginn er heimafyrir og úr innfluttu hráefni. Helstu tegundir sem teknar eru til vinnslu eru alaskaufsi, rækjur, kyrrahafslax, túnfiskur og kyrrahafsþorskur.

Í heild voru framleiðsluverðmæti sjávarafurða 10,1 milljarður dollara, um 1.420 milljónir íslenskar. Til samanburðar má geta þess að framleiðsluverðmæti útfluttra sjávarafurða frá Íslandi voru um 240 milljarðar árið 2018.

### *Eldi á verðmætum tegundum*

NOAA fjallar einnig um fiskeldi í skýrslu sinni en nýjustu tölur um þá grein eru frá árinu 2017. Fiskeldið skilaði 1,5 milljörðum dollara, eða um 211 milljörðum íslenskum. Framleidd voru 284 þúsund tonn. Lögð er áhersla á eldi á verðmætum tegundum, svo sem ostrum, skeljum og atlantshafslaxi.

Samanlögð verðmæti fiskveiða og eldis er rétt tæpir þúsund milljarðar íslenskra króna. Eldið er um 21% af verðmætum veiða og eldis samanlagt en í magni um 7%.

LANDSTÓLPI 20 ára —2000–2020—

# Afmælistilboð **Landstólpa**

## VALLARFOXGRAS TUUKKA Á
## 20% AFSLÆTTI Í APRÍL



~~kr. 849 m. vsk~~ pr/kg **kr. 680 m. vsk.**
25 kg í sekk

Við hjá **Landstólpa ehf**. höfum innflutning á Vallarfoxgrasi Tuukka árið 2011 en fram að þeim tíma hafði Vega verið okkar aðal yrki í Vallarfoxgrasi. Í mörg ár höfðum við keypt sáðvöru frá hollenska fyrirtækinu Barenbrug og þá aðallega sumar- og vetrarrýgresi, fjölært rýgresi og vetrarrepju. Okkur fannst vanta gott Vallarfoxgras yrki til að hafa á móti Vegu og eftir þó nokkrar samningaviðræður bauðst okkur finnska yrkið Tuukka frá Boreal. Það var þá algjör nýjung en við ákváðum að slá til og höfum við ekki séð eftir því, enda hefur það reynst afar vel við íslenskar aðstæður.

**FRÍ HEIMSENDING**
*Ef verslað er fyrir 30.000 kr. eða meira



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

***Höfum lokað verslun okkar tímabundið***

***Heimasíða okkar er opin, svörum síma og öllum póstum.
Við bjóðum nettilboð á þessum völdu steinum til 15.mai
geymum steina ef þess er óskað.***

**Nettilboð 1**




Blómarammi - innanmál 45 cm

***Verð:***
***Sett eins og á mynd : 445.000***
***Sett án blómaramma : 345.000***
***Steinn : 245.000***

***Innifalið í verði:***
***Steinn og sökkull, grátt granít***
***Grafskrift og skrautmynd (efst)***
***Uppsetning á höfuðborgarsvæði og N-landi***
***Frí sending um allt land***

**Nettilboð 2**




Blómarammi - 45 cm innanmál

***Verð:***
***Sett eins og á mynd : 530.000***
***Sett án blómaramma : 430.000***
***Steinn : 330.000***




***nr 113***

***Nettilboð 4***
***113 eða 111***

***Verð:***
***Sett eins og á mynd : 180.000***
***Steinn án aukahluta : 140.000***




***nr 111***

***Nettilboð 3***




***Hægt að setja 2 nöfn***

***Verð:***
***Sett eins og á mynd : 295.000***
***Steinn án aukahluta : 199.000***

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

***s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is minnismerki.is***

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

HROSS & HESTAMENNSKA

# Tuttugu og sjö hross sem bólusett hafa verið gegn sumarexemi flutt úr landi

**Lokahnykkur rannsóknar á sumarexemi í íslenskum hestum hófst mánudaginn 16. mars þegar 27 bólusettir hestar voru fluttir úr landi.**

Hópur íslenskra hesta var fluttur út til svokallaðra „flugusvæða“ í Evrópu, tuttugu og fimm til Sviss og tveir til Suður-Þýskalands, á mánudaginn. Þetta er lokahnykkur rannsóknar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og samstarfsaðila á sumarexemi í íslenskum hestum.



Allt klárt fyrir útflutning hrossanna til Sviss og Suður-Þýskalands.

### *Exemið veldur óþægindum og vanlíðan*

Sumarexem er ofnæmi gegn próteinum úr munnvatnskirtlum bitflugna sem lifa ekki á Íslandi. Tíðni hefur verið mjög há í útfluttum íslenskum hestum, allt að 50% á slæmum flugusvæðum. Exemið veldur óþægindum og vanlíðan og hefur reynst mikið vandamál í íslenskum hrossaútflutningi.

„Sumarexem í hrossum fluttum frá Íslandi er og hefur verið mikið velferðarmál þó að það hafi verið mismikið eftir svæðum og aðstæðum. En þegar verst lætur þarfnast hrossin mikillar umönnunar og líður hreint ekki vel,“ segir Sveinn Steinarsson, formaður Félags íslenskra hrossabænda.

„Auðvitað þekkir fólk erlendis sífellt betur hvernig er best að meðhöndla exemið og haga hrossahaldinu, en því fylgir oft mikil aukavinna og kostnaður. Því er mikilvægt að lausn sé fram undan. Allir sem hafa komið að þeirri vinnu að hægt verði að bólusetja hrossin gegn exemi, binda miklar vonir við bóluefnið, og að hægt verði að verja hrossin sem flutt eru úr landi þannig að þau verði að minnsta kosti jafnsett þeim íslensku hrossum sem fæðast erlendis hvað sumarexemið varðar. Góð niðurstaða úr þessari rannsókn mun umfram allt bæta líðan íslenskra hrossa erlendis og eins mun góð niðurstaða hjálpa mikið til við markaðssetningu og sölu á hrossum frá Íslandi. Á því er enginn vafi í mínum huga,“ segir Sveinn.


Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda, og Vilhjálmur Svansson, dýralæknir á Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum.

- Tíðni sumarexems hefur verið mjög há í útfluttum íslenskum hestum, sem veldur þeim óþægindum og vanlíðan.
- Eftir 20 ára rannsóknarvinnu hefur teymi íslenskra og erlendra vísindamanna þróað bóluefni gegn sumarexemi.
- Markmiðin eru tvö: Að bólusetja hross sem forvörn gegn exeminu og að meðhöndla eða afnæma hross sem eru komin með exemið.

### *Hefur verið rannsakað á Keldum síðan árið 2000*

Sumarexem hefur verið rannsakað á Keldum síðan árið 2000 í samstarfi við marga aðila og má þar helst nefna dýrasjúkdómadeild háskólans í Bern í Sviss, dýrasjúkdómadeild háskólans í Bristol í Bretlandi, ORF Líftækni og Cornell háskóla í Ithaca í New York-ríki í Bandaríkjunum. Próteinin sem eru að valda ofnæminu hafa verið einangruð og framleidd með aðferðum erfðafræðinnar. Markmiðin eru tvö:

Að nota próteinin til að finna ónæmismeðferð, þ.e. að bólusetja hross sem forvörn gegn exeminu, og meðhöndla eða afnæma hross sem eru komin með exemið. Þetta útskýrir Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, deildarstjóri sameinda- og veirudeildar á Keldum, í kynningarmyndbandi.

„Með því að prófa mismunandi bólusetningaraðferðir, sprautunaraðferðir og mismunandi blöndur af ofnæmispróteinunum og ofnæmisglæðum teljum við okkur hafa fundið aðferð til þess að beina ónæmissvari gegn ofnæmisvökunum í rétta átt þannig að það verði hægt að verja hrossin gegn sumarexemi,“ segir Sigurbjörg.

Vilhjálmur Svansson dýralæknir, sem er í rannsóknarteyminu, bætir við að fjölmargir ofnæmisvakar voru greindir í flugunum, en að misjafnt sé gegn hvaða vökum hrossin hafi ofnæmi. Í bóluefninu sem teymið þróaði eru níu ofnæmisvakar, þeir sem flest hross reyndust hafa ofnæmi gegn. Hrossin, sem flutt voru út á dögunum, voru bólusett beint í eitla, en fyrri tilraunir á hestum á Keldum hafa sýnt að bólusetning í eitla er árangursrík leið til að beina ónæmissvarinu á brautir sem ekki leiða til ofnæmis. Hrossin munu dvelja á flugusvæðunum í tvö til þrjú ár svo hægt sé að athuga hvort bólusetningin verji þá gegn exeminu.

### *Líka tilraunir í Bern á sýktum hrossum*

Rannsakendur við háskólann í Bern eru einnig að fara af stað með afnæmingar með bóluefninu. Í þeim tilraunum verða hross sem nú þegar eru komin með sumarexem sprautuð á sama hátt og gert var á Keldum.

Í kynningarmyndbandinu segir Sara Björk Stefánsdóttir frá seinni hluta verkefnisins. „Hann snýst um að þróa afnæmingu, þar sem að hestar með sumarexem fá meðferð til að draga úr einkennum sjúkdómsins. Sú aðferð byggist á því að meðhöndla hesta um slímhúð munns með byggmjöli.“ Erfðabætta byggið sem notað er í meðferðina er framleitt í samstarfi við ORF Líftækni en í bygginu eru ofnæmisvakar úr bitkirlum smámýsins í byggfræjunum.

### *Íslenskir hestar líka meðhöndlaðir í Bandaríkjunum*

Aðferðin hefur verið prófuð á heilbrigðum hestum á Keldum með því að láta hestana vera með byggmjölsblöndu í sérstökum mélum og hefur hún skilað góðum árangri. Vilhjálmur útskýrir að hægt sé að mæla bælissvörun í heilbrigðum hestum en að nú þurfi að skoða hvernig hestar með sumarexem bregðist við. Í samstarfi við Cornell-háskóla verða íslenskir hestar með sumarexem meðhöndlaðir í Bandaríkjunum.

---

Nýjung frá Sandhóli í Meðallandi í Skaftárhreppi:

# Repjuolía sem orkugjafi fyrir hross



Sandhóll í Meðallandi í Skaftárhreppi. Á innfelldu myndunum eru afurðir frá bænum. Myndir / Sandhóll

**Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli í Meðallandi í Skaftárhreppi, er iðinn í nýsköpun og nú hefur hann sett á markað kaldpressaða repjuolíu fyrir hesta.**

Repjuplantan er ræktuð á Sandhóli í Meðallandi, Skaftárhreppi, án notkunar skordýraeiturs, illgresiseyðis eða annarra óæskilegra efna. Olían er kaldpressuð og heldur því næringarefnum sérlega vel. Olían er rík af Omega 3. Olían er gefin út á kjarnfóður. Ráðlagður skammtur er 80–120 millilítrar á dag fyrir hvern hest. Repjuolía frá Sandhóli fyrir hesta er fáanleg í verslunum Líflands.



Repjuolía fyrir hesta.

Bærinn Sandhóll er í Meðallandi, Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Á Sandhóli er stundaður blandaður búskapur. Þar eru ræktaðar ýmsar nytjajurtir eins og hafrar, bygg og repja. Einnig er þar nautgriparækt og nytjaskógrækt. Auk repjuolíunnar fyrir hesta hefur Örn nokkuð verið í sviðsljósinu fyrir ræktun á tröllahöfrum og vinnslu og markaðssetningu á íslensku haframjöli. Þá hefur hann einnig framleitt repjuolíu á flöskum til matargerðar.

Örn segir að hestamenn á Suðurlandi og í Skagafirði hafi prófað olíuna frá honum í tvö til þrjú ár og séu ánægðir með útkomuna. Þeim þyki feldurinn t.d. meira gljáandi.

„Þess vegna langaði mig að gera tilraun með að setja þetta í sölu í samstarfi við Lífland.“

Repjuolía er góður orkugjafi, bæði fyrir hross í léttri og mikilli þjálfun en nýtist einnig til að bæta holdafar hrossa. Olían er rík af mettuðum, ein- og fjölómettuðum fitusýrum. Með olíugjöf er minni hætta á hófsperru og öðrum kvillum sem oft geta fylgt kjarnfóðurgjöf.





Ábúendur á Sandhóli á repjuakrinum.

Á Sandhóli hefur líka gengið mjög vel að rækta hafra.

„Við ætlum að setja núna niður í 100 hektara af höfrum. Ætli við verðum ekki með um 60 hektara í repju. Staðan hjá okkur í höfrunum er þannig að þeir verða uppseldir. Við ráðum eiginlega ekki við mikið meira en þessa vinnslu þar sem afkastagetan okkar á haustin í þreskingu og þurrkun er ekki meiri, nema að fara þá út í miklar fjárfestingar. Það gætu því verið tækifæri fyrir fleiri þar sem mikill markaður er fyrir þetta. Ég held að syðstu hlutar landsins ættu að henta vel fyrir ræktun á höfrum en þeir þurfa langan vaxtartíma. Það þarf þó að hjálpa okkur bændum að finna réttu yrkin. Landbúnaðarháskólinn og Lífland ætla því að gera hér yrkjatilraunir í sumar,“ segir Örn Karlsson. */HKr.*

# RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

## 21163 – ÞJÓÐGARÐSMIÐSTÖÐ HELLISSANDI – BYGGINGARÚTBOÐ

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd umhverfis- og auðlindarráðuneytisins, óskar eftir tilboðum í verkið: Þjóðgarðsmiðstöð Hellissandi - Byggingarútboð.

Verkið felst í uppbyggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar í þjóðgarði Snæfellsjökuls á Hellissandi. Bygging gestastofunnar mun hýsa fjölbreytta starfsemi þjóðgarðsins. Húsgrunnur nýbyggingar samanstendur af tveimur megin byggingum er tengjast með miðrými. Hluti byggingar kragar út yfir grunna, þar sem ekki má valda yfirborðsskemmdum á landi umfram það sem óhjákvæmilegt er. Húsið er á einni hæð staðsteypt og stálvirki að hluta, klætt með lerki.

Búið er að grafa fyrir húsi, grafa og fylla í bílastæði og setja upp heildargirðingu fyrir verksvæðið, sem var framkvæmt í sérstöku jarðvinnuútboði. Jarðvinna í þessu verki felst í að fylla í sökkla, fylla að húsi, grafa og endurfylla í lagnaskurði undir og meðfram húsi. Um jarðvinnu gildir að lágmarka skal allt jarðrask, þannig að yfirborð lands umhverfis mannvirkin verði eins ósnortið og mögulegt er. Í fyrra útboði var vinnusvæðið girt af. Verktaki tekur við þessum girðingum, sér um að viðhalda þeim til að hindra óviðkomandi umferð fari um svæðið. Verktaki tekur á sama hátt við akstursliði og gönguhliði og sér til þess að þau séu lokuð utan vinnutíma. Byggingarreiturinn er á hornlóð og liggur þjóðvegur í þéttbýli, Útnesvegur, með henni að norðanverðu. Norðan við þjóðveginn er íbúðabyggð Hellissands.

**Helstu stærðir:**
Brúttó flötur byggingar: 698 $m^2$
Brúttó rúmmál: 2.400 $m^3$
Steinsteypa: 400 $m^3$
Stálvirki: 24.000 kg
Timburklæðning útveggja: 850 $m^2$
Fyllingar: 1.200 $m^3$

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar í hinu rafræna útboðskerfi TendSign, laugardaginn **28. mars 2020**.

Ákvæði um val á tilboði er í grein 2.7 í ÍST 30 og í 79. gr. laga um opinber innkaup.

Fyrirspurnir varðandi verkefni **21163** skulu sendar rafrænt í gegnum útboðskerfið TendSign og verða svör birt þar.

Fyrirspurnarfrestur rennur út **26. apríl 2020** en svarfrestur er til og með **30. apríl 2020**. Tilboðum skal skila rafrænt í TendSign eigi síðar en kl. 12:00 þriðjudaginn **5. maí 2020**.

Sjá frekari upplýsingar á vefsíðunni: **www.utbodsvefur.is**



Skoðun dagsins:

[ Það er betra að vera skjótur en skjóttur ]



**Nældu þér í óumdeildari skoðun, komdu með hestakerruna á næstu skoðunarstöð og hafðu hana klára fyrir vorið og sumarið.**

Sími 570 9090 • www.frumherji.is

Frumherji








Lely Center Ísland

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI




**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600






Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghálsi | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur

FRÉTTASKÝRING

# Heimsbyggðin hrópar eftir auknu fæðuöryggi þjóða í kjölfar heimsfaraldurs á COVID-19

## – Það er þvert á orðræðu og skrif ýmissa „málsmetandi“ manna á Íslandi og víðar sem hæðst hafa af fæðuöryggisumræðunni

**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is



**Áhrif COVID-19 faraldursins á daglegt líf heimsbyggðarinnar er stöðugt að koma betur í ljós. Nú virðast áhyggjurnar fara vaxandi um allan heim um fæðuöryggi og að þjóðir hafi raunverulega getu til að brauðfæða sig sjálfar þegar lokast á aðflutningsleiðir og dregur úr miðlun á nauðsynjavörum á markaði.**

Fjölmiðlar víða um lönd hafa mikið fjallað að undanförnu um áhrif veirufaraldursins á fæðuöryggi og vaxandi ótta við matarskort. Á vefsíðu Food Navigator var t.d. greint frá því að evrópskir neytendur fylltust kvíða vegna þess að hillur í verslunum hafi verið að tæmast þegar fólk fór að hamstra matvörur. Forsvarsmenn stórverslana í Bretlandi og fleiri löndum, eins og á Íslandi, hafa reynt að róa fólk og segja nægar birgðir til fyrir alla. Benda þeir um leið á að þegar fólk fari að hamstra vörur sem það hafi jafnvel enga þörf fyrir, þá leiði það til þess að einhverjir aðrir grípi í tómt. Auðvelt sé að komast hjá þessu ef allir vinni saman og fólk hætti að hamstra og hugsa einungis um sjálft sig.



**Lífræn ræktun tryggir sjálfbæra nýtingu jarðvegs, en massaframleiðsla alþjóðahyggjunnar með beitingu gróðureyðingarefna og skordýraeiturs er smám saman að eyðileggja dýrmætt ræktarland víða um heim. Stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa verið að benda á þessa hættu á liðnum árum. Þannig sagði í yfirskrift ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun fyrir nokkrum árum, „Vaknið áður en það verður um seinan“.** Mynd / University of Vermont

### *Fæðuöryggi er ekki sjálfgefið*

Samkvæmt tölum Statista og Economist Intelligence Unit var mest fæðuöryggi á árinu 2019 talið vera í Singapúr og fékk það land 87,4 stig af 100 mögulegum. Þessi listi er mikil blekking því hann byggir á viðskiptaforsendum alþjóðahyggjunnar, en ekki á því hvaða þjóðir eru sjálfri sér nægar um matvæli. Íbúar Singapúr geta nefnilega alls ekki brauðfætt sig sjálfir, því yfir 90% af þeim matvælum sem þar er neytt eru innflutt. Án efa mun hrun í flugsamgöngum hafa meiri neikvæð áhrif á fæðuöryggi þessarar ríku þjóðar en margra annarra. Samt er talað um á vef Statista hversu mikilvægt fæðuöryggi er í ljósi útbreiðslu COVID-19 faraldursins. Fólk sem hafi talið sig í góðum málum með aðgengi af gnægð matar sé að vakna við þann vonda draum að öryggið nái ekki lengra en að tómum hillum verslana.

### *Fjárglæframenn og bankar voru látnir ganga fyrir hag almennings*

Fjölmörg lönd og ríkisstjórnir hafa haft fæðuöryggi að markmiði árum og áratugum saman og má þar t.d. nefna Noreg. Samt hefur alþjóðahyggjan, eða svonefndur „globalismi“, róið að því öllum árum að þurrka út þessa viðleitni og treysta alfarið á að frjáls viðskipti um allan heim leysi þetta vandamál. Sú viðleitni skilaði því að fæðu-**óöryggi** fór mjög vaxandi í Evrópu í kjölfar bankakreppunnar, eða eftir 2009 samkvæmt tölum í The Lancet. Ástæðan er að allt kapp var lagt á að bjarga evrópskum bönkum, öðrum peningastofnunum og fjárglæframönnum. Til þess var varið billjónum evra af fjármunum almennings í þeim ríkjum í stað þess að byggja upp innviði á borð við matvælaframleiðslu. Það hefur komið í bakið á almenningi í þessum löndum.

### *Óvissa í matvælaframleiðslu í Evrópu*

Hópur bænda í Þýskalandi hefur bent á að vegna stöðunnar sem upp er komin kunni langtímaáhrifin að verða þau að evrópskir bændur geti ekki annað eftirspurn. Það þýðir væntanlega líka að útflutningur á ýmsum landbúnaðarafurðum frá Þýskalandi verður mögulega úr sögunni. Það getur haft töluverðar afleiðingar fyrir þjóðir sem treysta á matvælainnflutning frá ESB-ríkjunum.

### *Hagnýting ódýrs vinnuafls í uppnámi*

Annar angi af þessu er að ekki gengur lengur upp sú hagfræði að íbúar í velmegunarríkjum geti treyst á að fá ódýr matvæli sem framleidd eru með hagnýtingu á ódýru vinnuafli í fátækum ríkjum og með óhóflegri notkun eiturefna. Slíkri framleiðslu hefur um langt árabil verið flogið heimshorna á milli og til þess m.a. nýtt aukaflutningsgetu í farþegaflugi. Með hruni í farþegaflugi er þetta ekki lengur mögulegt með sama hætti og áður og þarf því að slást um laust pláss í flutningavélum. Aðgengi að slíkri ódýrri landbúnaðarframleiðslu hefur hins vegar verið beitt óspart til að stilla bændum á Íslandi og víðar á Vesturlöndum upp við vegg af postulum hömlulausrar alþjóðahyggju í viðskiptum.





**Óttinn við fæðuskort í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19 er víða áþreifanlegur í verslunum.**

### *Ekkert erlent vinnuafl í Þýskalandi í ávaxta- og grænmetisrækt*

Bændasamtök Þýskalands, (Deutscher Bauernverband – DBV) segja í bréfi til yfirvalda að útbreiðsla COVID-19 muni hafa bein áhrif á matvælaframleiðsluna og gera þurfi sérstakar ráðstafanir til að halda framleiðslukeðjunni gangandi. Strax þurfi að bregðast við varðandi ávaxta- og grænmetisframleiðsluna enda að fara að vora og undirbúningur við ræktunarstörf víða að hefjast. Þessar greinar í Þýskalandi hafi reitt sig mjög á tímabundið aðkeypt erlent vinnuafl sem nú sé ekki hægt að óbreyttu vegna lokunar landamæra.

### *COPA-COGECA vil að tryggð verði snurðulaus starfsemi*

Samtök evrópskra bænda, COPA-COGECA, fóru fram á það við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á dögunum að tryggð verði snurðulaus starfsemi landbúnaðarvöruframleiðslunnar. Undir þetta taka samtök ungra bænda, „Conseil Européen des Jeunes Agriculteurs (CEJA)“. Segir í erindi samtakanna að hröð atburðarás vegna útbreiðslu COVID-19 geti fljótt haft neikvæð áhrif á framleiðslu og dreifingu landbúnaðarafurða. Þar segir einnig að útbreiðsla veikinnar hafi þegar haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þær dreifðu byggðir þar sem smit hafi verið mikið. Það eigi bæði við hefðbundin landbúnað sem og skógariðnað. Þetta muni hafa alvarlegar afleiðingar til lengri tíma litið ef ekkert verði að gert. Fagna samtökin jafnframt yfirlýsingu frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) um að engar staðfestingar hafi komið fram um að kórónavírusinn dreifist með matvælum. Bendir Marta Hugas, yfirmaður vísindasviðs EFSA, á að við útbreiðslu annarra kórónavírussjúkdóma, eins og SARS-CoV og MERS-CoV, hafi ekki orðið vart við smit í gegnum neyslu á matvælum.

### *Nauðsynlegt að tryggja fæðuöryggi þjóða*

Bandarísku landbúnaðarsamtökin, American Farm Bureau Federation, segja stöðuna langt frá því að vera eðlilega þar sem milljónir manna eru hvattir til að halda sig heima. Bændur hafi þó ekki um annað að velja en að halda sínu striki þó þeir reyni að forðast fjölmennið. Þar er líka bent á að bændur þurfi að reiða sig á vinnuafl til að halda hlutunum gangandi.

Á vefsíðu samtakanna segir einnig að fólk hafi blessunarlega getað gengið að nauðsynjavörum til þessa, þótt tómar hillur verslana kunni að líta ógnvænlega út vegna hamsturs. Það sé þó ekkert miðað við hvað geti gerst ef landbúnaðarframleiðslan stöðvast.

„Tímar eins og þessir ættu að minna okkur á nauðsyn þess að tryggja fæðuöryggi þjóða.“

### *Landbúnaður skilgreindur sem lykilatvinnugrein*

Í Bandaríkjunum er landbúnaðarframleiðsla skilgreind sem einn af lykilinnviðum samfélagsins. Það tekur til bænda, úrvinnsluiðnaðar, dreifingar, smásölu og tengdra greina. Starfsfólk þessara greina er kallað; nauðsynlegir starfsmenn í mikilvægum innviðagreinum, eða „essential critical infrastructure workers“.

### *Ekki enn matvælaskortur en brestir gætu komið upp í framleiðslukeðjum*

Þó ekki sé talinn verða neinn skortur á matvælum í Bandaríkjunum á næstunni er rætt um að brestir geti orðið í keðjunni þannig að truflun geti orðið á dreifingu matvæla til neytenda. Þar er samt ekki mælt með að framleiðsla verði stöðvuð né að vörur verði innkallaðar þótt starfsmenn sem vinna við framleiðslulínur veikist af COVID-19. Staðan á Íslandi er um margt sambærileg þó nálægðin sé oft meiri og dreifileiðir einfaldari.

### *Veruleikinn afhjúpar lýðskrum háðsmeistaranna*

Það er kaldhæðnislegt í ljósi þessa að samtök verslunar víða um heim, ekki síst á Íslandi, hafa gengið hart fram í því á liðnum árum að reka áróður fyrir alþjóðavæðingu viðskipta með landbúnaðarvörur. Hefur þar lítið verið gert úr áhyggjum sumra um að það kunni að hafa neikvæð áhrif á landbúnað í ríkjum eins og á Íslandi, sjúkdómavarnir, fæðuöryggi og sjálfsbjargarmöguleika þjóða.

Hæðst hefur verið opinberlega að slíkum áhyggjum, m.a. í greinaskrifum fólks sem aðhyllist aukna alþjóðavæðingu og ekki síst þeirra sem hafa verið hallir undir að Ísland gengi í Evrópusambandið. Hefur fólk sem talið er málsmetandi og hliðhollt þeim stjórnmálahreyfingum sem helst hafa rekið áróður fyrir inngöngu Íslands í ESB, ekki legið

Staða fæðuöryggis á heimsvísu er æði misjöfn eftir löndum. Þar er t.d. ekki hægt að setja samnefnara yfir öll Evrópulönd um að þau njóti mikils fæðuöryggis. Þá er það enn svo árið 2020 að um 822 milljónir jarðarbúa lifa við sult og vannæringu.

Heimsfaraldur COVID-19 sýnir það enn og sannar að allir jarðarbúar ættu að búa við öruggt fæðuframboð úr sínu nærumhverfi. Annað er í raun glapræði þegar samskipti og samgöngur leggjast niður í stórum stíl eins og raunin er nú. Fjölmörg lönd og ríkisstjórnir hafa haft fæðuöryggi að markmiði árum og áratugum saman, þó svonefndur „globalismi“ hafi róið að því öllum árum að þurrka út þessa viðleitni og treysta alfarið á að frjáls viðskipti um allan heim leysi þetta vandamál.


Óttinn við skort á nauðsynjavörum hefur víða leitt til þess að fólk hefur hamstrað vörur svo eftir standa tómar hillur.

á liði sínu varðandi háðsglósur um fæðuöryggið, m.a. í greinaskrifum í Bændablaðinu. Lítið heyrist hins vegar úr þeim ranni í dag eftir eftir að í ljós hefur komið að í neyð hugsa þjóðarleiðtogar fyrst og síðast um hag eigin þegna, líka hjá ríkjum ESB. Það gera menn án þess að hika, jafnvel þótt það brjóti í grundvallaratriðum meginstoðir milliríkjasamninga sem gerðir hafa verið eins og EES-samningsins.

*Grunnstoðum ESB hent út um gluggann*

Einna fyrst til að grípa til lokunar landamæra voru einmitt ríki innan Evrópusambandsins sem þar með brutu allar formlegar reglur um fjórfrelsið sem þar hefur svo mjög verið gumað að sem grunnstoðum ESB. Ríki eins og Frakkland og Þýskaland hafa harðlokað sínum landamærum og um tíma var líka skellt í lás af hálfu ESB hvað varðar sölu á neyðarbúnaði eins og á sýnatökupinnum til Íslands. Það var ekki fyrr en utanríkisráðherra og forsætisráðherra Íslands bentu á að þar með væri verið að brjóta viðskiptasamninga milli EFTA og ESB að skriffinnar í ESB gáfu eftir.

Þrátt fyrir þetta er sagt í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi vöruflutninga og þjónustu í þessu ástandi að mikilvægt sé að halda öllum flutningaleiðum opnum. Ekki síst er varðar matvæli, flutninga á dýrum og mikilvægum lyfjum.

*COPA-COGECA og Celvaa hafa áhyggjur*

Samtök evrópskra bænda, COPA-COGECA, sem og Celvaa, sem er Evrópunefnd um viðskipti með landbúnaðarafurðir, hafa í sameiginlegu áliti sagt að það sé mjög líklegt að lokun landamæra muni trufla landbúnaðarframleiðslu og viðskipti með slíkar vörur milli ríkja ESB. Er framkvæmdastjórn ESB hvött til að gera allt sem í hennar valdi stendur til að koma í veg fyrir truflanir á landbúnaðarframleiðslu og flæði matvæla, drykkjarvöru og umbúða á milli landa.

*Lagt að Schengenríkjum að lúta vilja ESB*

Þjóðverjar lokuðu landamærum sínum að Frakklandi, Austurríki og Sviss mánudaginn 16. mars. Þann 17. mars sagði Angela Merkel, kanslari Þýskalands, að 26 Evrópusambandsríki myndu loka ytri landamærum sínum í 30 daga samkvæmt samkomulagi þjóðarleiðtoga ESB-ríkjanna. Írland hafði þá ekki tekið afstöðu til lokunar sinna landamæra. Var þetta líka sagt gilda varðandi EFTA-ríkin Ísland, Liechtenstein og Noreg, sem eru aðilar að Schengen-samstarfinu.

Janusz Wojciechowski, framkvæmdastjóri landbúnaðarmála hjá ESB, sendi bréf til landbúnaðarráðherra Evrópusambandsins þann 19. mars þar sem hann sagði hreint út að lokun landamæra margra aðildarríkja muni leiða til mjög mikilla erfiðleika í fjölmörgum greinum, þar á meðal í landbúnaði. Ráðherrarnir verði því að vinna að samræmdum aðgerðum til að styðja við bændur og landbúnaðarframleiðsluna og tryggja öruggt flæði matvæla.

Útbreiðsla COVID-19 hefur leitt til þess að gjörbreyta hefur þurft vinnulagi í nær öllum atvinnugreinum. Landbúnaður og matvælaiðnaður er þar ekki undanskilinn. Taka þarf tillit til þeirra sem veikjast eða þurfa af öðrum ástæðum að fara í sóttkví. Því hefur víða verið tekinn upp sveigjanlegur vinnutími og vinnumiðlun til að halda hlutunum gangandi.

*Fjárhagsstaða evrópskra banka er afar slæm*

Það er alveg ljóst að COVID-19 mun hafa veruleg áhrif á hugmyndafræðina sem lögð hefur verið til grundvallar Evrópusambandinu. Hver framvindan verður er ekki gott að spá um, en nær útilokað má telja að staðan verði óbreytt. Nægir þar að nefna efnahagslegu hliðina, sem er að leika þetta samband afar illa, sem upphaflega var byggt á óheftum viðskiptum með stál milli landa.

Þýskaland hefur staðið fjárhagslega tiltölulega traustum fótum í þessu ríkjasambandi, en fjárhagur Ítalíu og Spánar er nú afar bágborinn. Þrátt fyrir inndælingu á milljörðum evra í viðleitni við að halda efnahagslífinu í Evrópu á lífi, þá eru samt margir sem efast. Seðlabanki Evrópu dældi þannig 750 milljörðum evra inn í efnahagskerfið þann 18. mars síðastliðinn.

Þetta felur í sér gríðarlega peningaprentun innistæðulausra seðla þar sem ríki Evrópu og bankar eru margir hverjir þegar skuldsettir upp fyrir rjáfur. Þessi björgunaraðgerð var kölluð „Big Bazooka“ í New York Times á dögunum, eða stóra sprengjuvarpan og peningaregnið nefnt þyrlupeningar, eða „Helicopter Money“. Þá er skuldabréfaútgáfa seðlabanka Evrópu nefnd „Corona Bonds“.

Vísitölustuðull evrópskra banka hafði verið örlítið að lagast frá hruninu 2008, en er nú að versna aftur. Þannig er staðan á bankavísitölunni 70% verri en hún var í mars 2008. Eru fréttaskýrendur farnir að tala um annað bankahrun geti verið yfirvofandi.

Samkvæmt Financial Times stóðu margir evrópskir bankar frammi fyrir því á síðasta ári að þurfa að leita eftir gríðarlegri endurfjármögnun vegna skulda og vafasamrar skuldabréfaeignar og fjármálavafninga. Þá var sagt í frétt blaðsins 17. mars að fjárfestar væru farnir að flýja evrópska banka vegna skuldastöðu þeirra. Þá hafði verið mikið fall á verði bréfa í bönkum eins og Deutsche Bank sem reyndar hefur líka verið að glíma við afleiðingar af peningamisferli.



**Það er nóg að gera hjá Cargolux á 50 ára afmælinu í kjölfar hruns í farþegaflugi.** Mynd / Cargolux/Shrisian van Heijst

# Uppgrip hjá fragtflugfélögum þegar farþegaflugið leggst af

**Stöðvun farþegaflugs um allan heim hefur þegar haft gríðarleg áhrif á vöruflutninga. Lestarrými í þúsundum farþegaflugvéla sem nýtt var til vöruflutninga, m.a. á matvælum, er ekki lengur fyrir hendi. Um leið skapar það tækifæri hjá fragtflugfélögunum.**



**Bluebird Nordic.**

Hefur eftirspurn eftir flutningarými hjá fragtflutningafyrirtækjum eins og Cargolux því stóraukist. Samfara verulegri lækkun á eldsneytisverði þýðir það mikil uppgrip hjá slíkum félögum.

*67,2% verðlækkun á þotueldsneyti*

Samkvæmt tölum IATA hefur þotueldsneyti (steinolía) lækkað um 55,2% á einum mánuði og 67,2% á einu ári miðað við stöðuna 24. mars síðastliðinn. Áhrifin á rekstur flugvéla er gríðarlegur. Þannig hefur eldsneytiskostnaður flugfélaga á heimsvísu lækkað um 31,4 milljarða dollara á árinu 2020.

*Cargolux 50 ára*

Cargolux, sem hefur mjög verið samofið íslenskri flugsögu, fagnaði 50 ára afmæli 4. mars síðastliðinn. Félagið var stofnað af Loftleiðum, Luxair og sænska flutningafyrirtækinu Salén og nokkrum fjárfestum. Slagorð félagsins; „Nefndu það og við fljúgum því“ [You name it, we fly it’], er enn í fullu gildi.

Hjá félaginu starfa í dag yfir 2.000 manns og í þeim hópi má finna marga Íslendinga. Það rekur félagið 14 Boeing 747-8 flutningavélar og 16 vélar af gerðinni Boeing 747-400. Félagið er með áætlunarflug á 75 staði um allan heim og er með skrifstofur í yfir 50 löndum. Einnig rekur félagið flota flutningatrukka víða um heim.

*Íslensk félög líka öflug í fragtflugi*

Á Íslandi hafa starfað nokkur flugfélög sem sérhæfa sig í vöruflutningum. Þar má nefna Bláfugl ehf. eða Bluebird Cargo sem stofnað var árið 1999 og Icelandair yfirtók 2005 og var í eigu Icelandair Group til 2010. Haru Holding keypti félagið 2014 og síðan BB Holding. Nú er búið að selja það til Avia Solution Group sem er með starfsemi í Mið- og Austur Evrópu. Blubird er með fimm Boeing 737-400 þotur í notkun og þrjár Boeing 737-300. Árið 2017 var nafni félagsins breytt úr Bluebird Cargo í Bluebird Nordic.

Þá er það Icelandair sem auk flutningarýmis í farþegavélum hefur rekið tvær B757-200 flutningavélar.

Flugfélagið Loftleiðir Icelandic, sem er hluti af Icelandair Group hefur rekið samtals 11 vélar. Það eru fimm 5 B727-200 þotur, tvær B767-300, eina B737-700 og þrjár B737-800 þotur. /HKr.



LÍF & STARF

### Dýralæknaþjónusta á Norðvesturlandi:

# Þjónustudýralæknir segir upp samningi við MAST

## – hefur áhrif í Húnavatnssýslum og á Skagaströnd

**Ingunn Reynisdóttir, þjónustudýralæknir fyrir Austur-, og Vestur-Húnavatnssýslur og Skagaströnd, hefur sagt upp samningi. Hún segir þjónustusvæðið of stórt og að ekki sé gert ráð fyrir sumar- eða veikindaleyfum í samningi þjónustudýralækna. Ingunn er í sóttkví vegna COVID-19 veirunnar.**



Ingunn Reynisdóttir, dýralæknir á Syðri-Völlum.

„Ég er einfaldlega búin að fá nóg," segir Ingunn, sem býr á Syðri-Völlum á Hvammstanga. „Ég er í sóttkví vegna COVID-19 veirunnar sem herjar á heiminn um þessar mundir og það er sýking á mínu heimili. Eftir að ég var sett í sóttkví tilkynnti ég það til Mast og mér tjáð að mér bæri að útvega dýralækni í minn stað og borga honum laun eins og samningar þjónustudýralækna gera ráð fyrir.

Þetta er náttúrlega galið ákvæði og ekki heil brú í að við berum ábyrgð á að manna stöðuna ef það kemur eitthvað upp. Hvað þá ef við viljum fara í sumarfrí, sem ég hef ekki gert í fjöldamörg ár."

*Ráðið úr bakvarðasveit dýralækna*

Ingunn segir að búið sé að finna nýjan dýralækni í starfið og að hann komi úr bakvarðasveit dýralækna. „Meðan á ráðningu hans stendur fæ ég ekki þjónustugreiðslur frá Mast en dýralæknafélagið er að athuga hvort ég eigi rétt á greiðslum frá Vinnumálastofnun vegna vinnutaps í kjölfar faraldursins."

*Stór þjónustusvæði*

„Ég er búin að vera þjónustudýralækir á þjónustusvæði 4, sem er Austur-, og Vestur-Húnavatnssýsla og Skagaströnd, síðan 2012. Svæðið er alltof stórt fyrir einn dýralækni að þjónusta og hefur verið það frá upphafi. Ég hef bent á það frá því að breytingin á þjónustu dýralækna var gerð árið 2011 og embætti héraðsdýralækna lögð niður. Eftir þennan vetur, þar sem náttúruhamfarir og endalaus óveður og ófærð hefur gert starfið geysilega annasamt og erfitt og ég er eini búsetti starfandi dýralæknirinn á svæðinu, sé ég ekki fram á neinar líkur á að geta unnið við mannsæmandi aðstæður í framtíðinni og tók ég því þessa ákvörðun.

Inni í þjónustusamningi dýralækna er ákvæði sem kveður á um að við þjónustudýralæknar berum sjálf ábyrgð á afleysingum og að greiða afleysingadýralæknum laun, hvort sem við viljum fara í frí eða þurfum veikindaleyfi."

*Samningar lausir 1. maí*

Ingunn segir að mjög erfitt sé að fá afleysingu og að hún hafi ekki farið í sumarfrí í fjöldamörg ár.

„Samningar þjónustudýralækna runnu út í nóvember síðastliðinn en hann var framlengdur til 1. maí og var settur á samráðshópur sem Matvælastofnun, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Dýralæknafélagið eiga sæti í til að finna lausnir á þjónustu dýralækna í dreifðum byggðum landsins. Engar lausnir eru í sjónmáli og mánuður í að allir þjónustudýralæknar séu samningslausir verði ekki samið. Allir þjónustudýralæknar eru sammála um að skrifa ekki undir óbreyttan samning án þess að eiga kost á afleysingu." /VH

Bændablaðið
kemur næst út 22. apríl
– Smáauglýsingar 56-30-300 –




UTAN ÚR HEIMI

### Norski prófessorinn Tore Midtvedt:

# Óttast að svínapestin stökkbreytist og geti þá smitað manneskjur

**Norski prófessorinn Tore Midtvedt var nýlega í viðtali hjá Norsk veterinærtidsskrift sem norska Bændablaðið birti einnig þar sem hann lýsti áhyggjum sínum af óstöðugleika afríkanskrar svínapestar og hræðist mest að hún geti stökkbreyst og smitað manneskjur. Mörg dæmi eru um, að sögn prófessorsins, að örverur skipta um og ráðast á aðra hýsla þegar það borgar sig fyrir þær.**



Norski prófessorinn Tore Midtvedt hræðist mest að afríska svínapestin geti stökkbreyst og smitað manneskjur.

Prófessorinn Tore Midtvedt er orðinn 85 ára gamall og hefur stóran hluta af sínu lífi unnið á Karólínsku stofnuninni í Svíþjóð en þrátt fyrir aldur stundar hann enn í dag rannsóknir. Hann er þekktur fræðimaður í Noregi og hefur unnið til ýmissa viðurkenninga en einnig er hann þekktur fyrir að koma fram með skoðanir sem samstarfsmenn hans hafa oftar en ekki rifið í hár sitt yfir.

„Kínversk stjórnvöld hafa slátrað fleiri hundruð milljónum grísa og sama sér maður í öðrum löndum í Asíu. Í Evrópu og þá sérstaklega í Austur-Evrópu dreifist svínapestin á ógnarhraða. Þýsk og dönsk stjórnvöld hafa tekið þessu mjög alvarlega og byggt girðingar til að hindra að smitið dreifist með villisvínum yfir þeirra landamæri," segir Tore.




Útbreiðsla afrísku svínapestarinnar í Evrópu í nóvember 2019.

*Dreifist hratt með villisvínum*

Prófessorinn segir að vírusinn sé svo óstöðugur að hann geti stökkbreyst og smitað manneskjur.

„Afrísk svínapest hefur alltaf verið til í Afríku, ekki eingöngu í svínum, heldur einnig í öðrum dýrategundum. Á meðan lítið var um verslunarskipti milli afrískra landa og restinni af heiminum var þetta eingöngu vandamál í Afríku. Svínapestin dreifði sér síðan til Evrópu fyrir nokkrum tugum ára og þá fyrst og fremst til Íberíuskagans. Með ýmsum ráðum tókst að útrýma sjúkdómnum," segir Tore og bætir við:

„Undanfarin 10–15 ár hefur vírusinn komið aftur til Evrópu og dreift sér hratt með villisvínum. Ef svínabændur og -ræktendur fá svínapestina inn á sín bú hafa þeir ekkert val því þá verður allur flokkurinn að aflífast og urðast. Sjálfur þekki ég norskan svínaræktanda í Kaliningrad sem þurfti að slátra öllum flokknum hjá sér, yfir 100 þúsund grísum. Vandamálið er svo víðfeðmt að heil atvinnugrein getur tapað milljörðum króna. Ástandið er sérstaklega slæmt fyrir ræktendur í Kína sem hafa slátrað um 300 milljónum svína af samtals 400 milljónum svo þetta eru miklar hörmungar."



Tore Midtvedt.



Prófessorinn segir að vírusinn sé svo óstöðugur að hann geti stökkbreyst og smitað manneskjur.

*Svínahjörtu mögulega grædd í mannfólk*

Tore bendir á að allar örverur þurfi að hafa einhvern stað til að vera á og bendir á líkindi með malaríu.

„Fyrir fleiri hundruð árum var malaría ekki sjúkdómur í manneskjum. Með auknum mannfjölda í afrísku heimsálfunni réðst malarían á mannfólk og aðlagaðist. Svínapestin hefur aðlagast nokkrum dýrategundum í Afríku og það er ekki óhugsandi að hún geti stökkbreyst yfir á mannfólkið. Stökkbreytingin verður að hafa nýjan einstakling til að lifa í og síðan þarf einhver að smitast til þess að vírusinn geti lifað áfram," útskýrir prófessorinn og segir jafnframt:

„Fyrir 200 árum flutti sænski kóngurinn inn villisvín til Svíþjóðar en hann hafði verið á villisvínaveiðum í Evrópu og fannst þessi veiðimennska svo spennandi að hann fékk með sér flokk til Öland.

Eftir því sem árin liðu var flokknum smyglað yfir til meginlandsins og dreifði sér þar. Villisvínin flytja sig stöðugt og fyrir nokkrum árum fóru þau yfir landamærin til Noregs svo nú er stofninn nokkur þúsund dýr í Noregi.

Ef svínapestin myndi koma hingað og dreifa sér yrði það hræðilegt fyrir norska svínaræktendur. Margt er líkt með svínum og mannfólki og nú er rannsakað hvort hægt sé að nota líffæri úr svínum í manneskjur.

Svínapestsvírusinn margfaldar sig ekki sjálfur heldur í dýrinu sem það smitar. Það er ekki ólíklegt að vírusinn geti farið yfir í manneskjur en í dag eru fáar vísbendingar um að það geti gerst.

Fyrir nokkrum árum var ég í nefnd stjórnvalda þar sem við áttum að rannsaka hvort það væri rétt að taka líffæri úr dýrum og græða í manneskjur. Niðurstaða okkar var að svín væru hinn fullkomni gjafi. Þyngd og stærð á svínahjarta er það sama og í okkur mannfólki, eini munurinn er að svín ganga á fjórum fótum en við á tveimur. Einnig sáum við að það eru í raun fá gen sem þarf að breyta til að skapa hið fullkomna gjafahjarta frá svínum. Með nútíma genatækni er mögulegt að aðlaga svínahjörtu til manna en með aukinni útbreiðslu svínapestarinnar getur verið mikil áhætta í að græða svínahjörtu í mannfólk."

/Bondebladet - ehg



Sýkt svín í Beihai í Guangxi Zhuang-héraði í Kína rekin í gryfju til slátrunar og urðunar þann 19. febrúar 2019.

Láttu Cleverdog eftirlitsmyndavélina auðvelda störfin.

Væri ekki gott að fylgjast með sauðburðinum úr sófanum eða hvaðan sem er, í gegnum símann, spjaldtölvuna eða tölvuna?



BSV netverslun

Verð frá aðeins 8.740 kr

Nánari upplýsingar á www.bsv.is eða bsv@bsv.is og í síma 571 4000

Clever Dog

GOVA horse PLAST

Afar sterk, endurunnin og nótuð plastborð sérhönnuð fyrir hesthús

Leitið tilboða hjá sölumönnum okkar



Stofnað 1968 Bílaklæðningar Ragnar Valsson

Bílaklæðningar ehf.
Kársnesbraut 100
200 Kópavogi
S. 554 0040
Netfang: sala@bkl.is

SAVAGE ARMS ACCUTRIGGER ACCUSTOCK



Savage B22 Precision cal. 22 lr 17 HMR
Með sjónauka 6 - 24 x 44 kr. 136.000
kr. 119,900

Savage 64 TR-SR Hálfsjálfvirkur 22 cal
Og með 4-16x40 sjónauka kr 94,900
kr. 75,900

MarkII FVXP
Cal: 22 LR Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 69,900

Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR og 270 þungt hlaup og Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 79,900

110 APEX PREDATOR XP
Cal 223, 243, 308, 6,5 creedmoore sjónauki 4-12x44mm Vortex®
Þungt hlaup, Crossfire II snittaður. Með hljóðdeyfi kr. 184.900
kr. 154,900

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Hækkað verð:
Greiðum 35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581-4138.

*Geymið auglýsinguna!*

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf I Víkurhvarf 8 I 203 Kópavogi I Sími 544-4656 I www.mhg.is

MATVÆLI & VINNSLA



Bjarki Freyr Sigurjónsson, kjötiðnaðarmeistari hjá Sláturfélagi Suðurlands á Hvolsvelli, hlaut titilinn Kjötmeistari Íslands 2020. Hann er einnig í nýju landsliði kjötiðnaðarmanna sem hugðist taka þátt í heimsmeistarakeppni kjötiðnaðarmanna, „World Butcer Challange (WBC)“, sem halda átti í Sacramento í Bandaríkjunum í september 2020 en hefur nú verið frestað fram í ágúst 2021.
Mynd / Hörður Kristjánsson

## Fagkeppni kjötiðnaðarmanna:

# Bjarki Freyr Sigurjónsson er kjötmeistari Íslands 2020

### – Kjötiðnaðarmeistarar SS voru í tveim efstu sætunum og kjötmeistari frá Ísfugli var í þriðja sæti

**Bjarki Freyr Sigurjónsson, kjötiðnaðarmeistari hjá Sláturfélagi Suðurlands á Hvolsvelli, hlaut titilinn Kjötmeistari Íslands 2020. Það var niðurstaða dómara í „Fagkeppni kjötiðnaðarmanna“ sem fram fór í fyrri viku.**

Bjarki Freyr er verkstjóri í pylsugerð og farslögun hjá SS á Hvolsvelli. Hann er líka í landsliði kjötiðnaðarmanna sem ráðgert er að taki þátt í heimsmeistarakeppni kjötiðnaðarmanna, „World Butcher Challange (WBC)“, sem halda átti í Sacramento í Bandaríkjunum í september 2020. Henni hefur nú verið frestað fram í ágúst 2021. Keppnin fer fram á tveggja ára fresti og árið 2018 vann landslið frænda okkar Íra þessa keppni. Íslenska liðið tók einmitt þátt í keppni á Norður-Írlandi dagana 2.–3. október síðastliðinn og keppti þar við lið frá Skotlandi, Englandi, Þýskalandi og Írlandi.

*Meistarafélag kjötiðnaðarmanna 30 ára*

Meistarafélag kjötiðnaðarmanna (MFK), sem stendur fyrir fagkeppni kjötiðnaðarmanna á Íslandi, var stofnað 1990 og á því 30 ára afmæli á þessu ári. MFK er búið að halda þessa fagkeppni síðan 1992 og líta þeir m.a. á þetta sem lið í að hvetja kjötiðnaðarmenn til góðra verka og ekki síður að vera aðdráttarafl til að draga fólk inn í greinina. Vegna COVID-19 faraldursins var ekki uppskeruhátíð með verðlaunaafhendingum eins og venja hefur verið, heldur voru úrslit kynnt í sérstöku riti sem gefið var út á vef Meistarafélags kjötiðnaðarmanna.

*Hver keppandi mátti senda inn allt að 10 vörur*

Keppnin fór þannig fram að kjötiðnaðarmenn sendu inn vörur með nafnleynd til dómarahóps sem dæmdi vörurnar eftir faglegum gæðum. Hver keppandi mátti senda inn allt að 10 vörur til keppninnar. Dómnefnd fór síðan yfir allar innsendar vörur í kennslueldhúsi Menntaskólans í Kópavogi.

Allar vörur byrjuðu með fullt hús, eða 50 stig. Dómarar leituðu síðan að öllum hugsanlegum göllum. Við hvern galla sem finnst fækkar stigum. Með þessu fyrirkomulagi gátu margar vörur fengið gull-, silfur- eða bronsverðlaun. Af innsendum vörum fengu 38% gullverðlaun og 31% fengu silfurverðlaun.

Til þess að fá gullverðlaun þurfti varan að fá 49 til 50 stig og vera nánast gallalaus.

Til þess að fá silfurverðlaun þurfti varan að fá 46 til 48 stig og mátti aðeins vera með lítils háttar galla.

Til þess að fá bronsverðlaun þurfti varan að fá 42 til 45 stig.

Titilinn Kjötmeistari Íslands hlaut svo sá kjötiðnaðarmaður sem fékk flest stig samanlagt úr fimm stigahæstu vörum sínum.



Rauðvínssalami eftir Benedikt Benediktsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.



Athyglisverðasta nýjungin reyndist vera Kalkúnasnakk sem Þorri Helgason hjá Ísfugli gerði.



Grafið nautafille m/lakkrískeim eftir Jónas Pálmar Björnsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.



Piparostapylsur með sveppum eftir Jón Sigurðsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.



Sviðasulta eftir Steinar Þórarinsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.



Kjúklingapaté eftir Björgvin Bjarnason hjá Reykjagarði hf.
Myndir af vörum / Björk Guðbrandsdóttir




Eldhressir kjötiðnaðarmenn í Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna sem er 30 ára á þessu ári. Mynd / MFK



Kristján G. Kristjánsson yfirdómari að störfum. Fyrir framan hann er skemmtileg smurkæfa sem heitir Eistnaflug. Hún er úr lambaeistum og lambaafskurði. Mynd / HKr.

*Kjötmeistari Íslands 2020*

Að þessu sinni var það **Bjarki Freyr Sigurjónsson, kjötiðnaðarmeistari hjá Sláturfélagi Suðurlands**, sem hlaut flest stig samanlagt og var því réttnefndur **Kjötmeistari Íslands 2020**. Þrír stigahæstu einstaklingarnir í fagkeppninni voru:

- Bjarki Freyr Sigurjónsson, Sláturfélagi Suðurlands, með 243 stig.
- Steinar Þórarinsson, Sláturfélagi Suðurlands, með 241 stig.
- Þorri Helgason, Ísfugli, með 230 stig.

*Athyglisverðasta nýjung keppninnar*

Fyrir athyglisverðustu nýjungina var veitt sérstök viðurkenning og var það fyrirtækið NOKK sem veitti þar verðlaun.

Athyglisverðasta nýjungin reyndist vera **Kalkúnasnakk** sem Þorri Helgason hjá Ísfugli gerði.

*Verðlaun búgreinafélaga*

**Besta varan úr svínakjöti:**
Svínaræktarfélag Íslands veitti sérstök verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr svínakjöti. Þar var um að ræða **Rauðvínssalami** eftir Benedikt Benediktsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.

**Besta varan úr alifuglakjöti:**
Félag kjúklingabænda veitti sérstök verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr alifuglakjöti. Það var **Kjúklingapaté** eftir Björgvin Bjarnason hjá Reykjagarði hf.

**Besta varan úr folalda- og hrossakjöti:**
Kjötframleiðendur og hrossaræktendur veittu sérstök verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr hrossa- eða folaldakjöti. Það var **Fjalla-Cayen grafið hrossafille** eftir Jónas Pálmar Björnsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.

**Besta varan úr nautakjöti:**
Landssamband kúabænda veitti verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr nautakjöti. Það var **Grafið nautafille m/lakkrískeim** eftir Jónas Pálmar Björnsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.

**Lambaorðan**
Landssamtök sauðfjárbænda veittu lambaorðuna þeim kjötiðnaðarmanni sem á bestu vöruna unna úr lambakjöti. Það var **Tindfjalla hangikjet** eftir Odd Árnason hjá Sláturfélagi Suðurlands.


Grafinn lax eftir Loga Brynjarsson hjá Hafinu fiskverslun ehf.


Reyktur regnbogasilungur eftir Loga Brynjarsson hjá Hafinu fiskverslun.


Tindfjalla hangikjet eftir Odd Árnason hjá Sláturfélagi Suðurlands.


Dómararnir Ómar Bjarki Hauksson, Ingólfur Þ. Baldvinsson og Björk Guðbrandsdóttir ráða ráðum sínum. Mynd / HKr.

*Sérverðlaun*

**Besta varan í flokknum eldaðar kjötvörur:**
Þar veitti Ölgerðin verðlaun, en besta varan var **Sviðasulta** eftir Steinar Þórarinsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.

**Besta varan í flokknum sælkeravörur:**
Saltkaup veitti þar verðlaun, en besta sælkeravaran var **Grafið nautafille m/lakkrískeim** eftir Jónas Pálmar Björnsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.

**Besta varan í flokknum soðnar pylsur:**
Það veitti PMT verðlaun, en besta varan í þeim flokki var **Piparostapylsur með sveppum** eftir Jón Sigurðsson hjá Sláturfélagi Suðurlands.

**Besta varan í flokknum kæfur og paté:**
Fyrirtækið ÍSAM veitti verðlaun í þessum flokki, en þar var hlutskarpast **Kjúklingapaté** eftir Björgvin Bjarnason hjá Reykjagarði hf.

**Besti reykti eða grafni laxinn:**
NOKK veitti verðlaun í þessum flokki, en bestur þótti **Grafinn lax** eftir Loga Brynjarsson hjá Hafinu fiskverslun ehf.

**Besti reykti eða grafni silungurinn:**
ÍSAM veitti þar verðlaun, en bestur þótti **Reyktur regnbogasilungur** eftir Loga Brynjarsson hjá Hafinu fiskverslun ehf.

**Besta matarpylsan 2020 að mati MFK og almennings:**

- Þar veitti Katla verðlaun, en þar var sigurvegari **Ostapylsa** frá Sláturfélagi Suðurlands með 38% atkvæði.
- Í öðru sæti var **HM pylsa Chili Ananas Papaya** frá Kjötpólpylsumeistaranum með 32% atkvæði.

**Starfsmenn keppninnar og stjórn MFK**

Starfsmenn keppninnar voru fjölmargir. Þar var yfirdómari Kristján G. Kristjánsson. Aðrir dómarar voru; Árni Níelsson, Ingólfur Þ. Baldvinsson, Ómar B. Hauksson, Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson, Erla Jóna Guðjónsdóttir og Þorsteinn Þórhallsson. Ritari var Björk Guðbrandsdóttir.

*Fagkeppnisnefnd*

Í fagkeppnisnefnd MFK sátu Arnar Sverrisson, formaður, Sigurfinnur Garðarsson, Ingólfur Baldvinsson og Hafþór Hallbergsson. Ráðgjafi fagkeppnisnefndar var Eðvald Sveinn Valgarðsson. Á bak við þetta allt saman er svo stjórn Meistarafélags kjötiðnaðarmanna (MFK). Það er Oddur Árnason, formaður, Þorsteinn Þórhallsson, varaformaður, Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson, gjaldkeri, Magnús Friðbergsson, ritari, Jóhannes Númason, meðstjórnandi, Arnar Sverrisson, formaður fagkeppnisnefndar og Kjartan Bragason varamaður.

*Þakkir*

Meistarafélag kjötiðnaðarmanna vill koma á framfæri þakklæti til Landssamtaka sauðfjárbænda, Landssamtaka kúabænda, Svínaræktarfélags Íslands, Félags kjúklingabænda, Kjötframleiðenda/hrossaræktenda, landbúnaðarráðuneytisins og Menntaskólans í Kópavogi. Einnig þakkar MFK fyrirtækinu Kötlu, sem gaf verðlaunapeninga, og fyrirtækjunum sem gáfu verðlaun, en það voru pmt, Multivac, AVO, Ölgerðin, NOKK ehf., ÍsAm, Samhentir og Saltkaup Nordic.


YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is




byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Vatnsaflstúrbínur

Getum boðið allar gerðir af vatnsaflstúrbínum, tilbúnar til notkunar, uppsettar í húsi.
Bjóðum einnig allan annan búnað til virkjunar s.s. þrýstipípur og inntaksbúnað.



Eftir vandlegan samanburð á verðum og gæðum völdu bændurnir að Eystri Leirárgörðum búnað frá okkur fyrir sína virkjun, Bugavirkjun, 40 kW. Landsvirkjun valdi einnig búnað frá okkur fyrir sína minnstu virkjun, Hágönguvirkjun, 25 kW.

Bjóðum ráðgjöf varðandi allt sem viðkemur virkjunum.

VATNSAFL ORKA
vatnsaflorka@vatnsaflorka.is
s. 856-9309

Byggðafesta og búferlaflutningar: Íslensk sveitasamfélög
Könnuninni er að ljúka
Taktu þátt – www.byggdir.is
www.byggdir.is/english
BYGGÐASTOFNUN Háskólinn á Akureyri HÁSKÓLI ÍSLANDS Háskólasetur Vestfjarða University Centre of the Westfjords

DANUBE
Getum við orðið að liði?
Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.
Þurrkarar 8-80kg. Þvottavélar 8-120kg.



Strauvélar, hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.
IceFAKTA ehf.
Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

Lely Center Ísland
JUROP HAUGSUGUDÆLUR



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra
HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Þingeyjarsveit:

# Keyptur verður öflugur dróni

**Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur samþykkt að taka upp viðræður við björgunarsveitir á svæðinu um afnot af drónum sem þær eiga í þágu sveitarfélagsins.**

Hlöðver P. Hlöðversson sendi sveitarfélaginu erindi og leggur til að það beiti sér fyrir því að keyptur verði öflugur dróni í héraðið. Tillaga hans er sú að björgunarsveitir héraðsins verði leiddar saman til að vinna sameiginlega að kaupunum. Dróni myndi í fyrsta lagi nýtast vegna leita og björgunar. Einnig gæti hann nýst til smölunar og leitar á fé. Jafnframt gæti hann nýst til grenjavinnslu og hugsanlega veiðieftirlits um sumar og vetur. Dróninn yrði í umsjón og eða eigu björgunarsveitanna og seldur út til þeirra verkefna sem fyrir liggja á hverjum tíma.

*/MÞÞ*

Blönduósbær:

# Jákvætt tekið í drónakaup

**Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar tók jákvætt í erindi frá Halldóri Skagfjörð Jónssyni sem leitaði til nefndarinnar um styrk til fjallskilasjóðs vegna drónakaupa.**

Sá hann fyrir sér að nota mætti drónann í fjárleitir. Nefndin tók fram að hún væri jákvæð fyrir því að gerður yrði samningur við Halldór gegn því að hann skuldbindi sig til að sinna ákveðnum verkefnum fjallskila og var fjallskilastjóra falið að útfæra það nánar.

*/MÞÞ*

Hafrahvammagljúfur:

# Útsýnispallur verður smíðaður

Fljótsdalshérað hefur fengið styrk upp á ríflega 14 milljónir króna til að smíða útsýnispall til að stýra gestum á ákveðinn útsýnisstað við Hafrahvammagljúfur og vinna þannig gegn hraphættu á gljúfurbrúninni. Styrkurinn fékkst úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Að auki er áformað að leggja stiga ofan í Hvammana til að bæta aðgengi fyrir gesti og sjúkraflutningafólk og auka fjölbreytni gönguleiðar. Þá er þörf á að að setja upp stök þrep ofan í Hvömmunum í brekku þar sem hætta á hrösun er nokkur og rask á gróðri er orðið töluvert.

Verkefnið bætir öryggi ferðamanna til muna á á ferðamannastað, þar sem skapast geta varasamar aðstæður.

*/MÞÞ*

NÝTT!

RÚLLUPLAST!




**RaniRepel er nýtt rúlluplast frá Rani, hannað til verndar gegn meindýrum, fuglum og nagdýrum og dregur úr fjárhagslegu tjóni fyrir bændur.**

RaniRepel inniheldur óeitruð, náttúruleg virk efni sem er með lykt sem er fráhrindandi fyrir fugla, rottur og mýs, en þetta innihaldsefni skaðar ekki dýr.

Skaði á rúllum vegna nagdýra og fuglaárása getur eyðilagt fóður og verið dýrt fyrir bændur. Umfangsmiklar rannsóknir hafa sýnt að RaniRepel útrýmir nánast að fullu árás fugla og nagdýra þannig að umbúðirnar haldast óskaddaðar. Rannsóknirnar hafa einnig sýnt að nagdýr og fuglar læra að forðast það og koma þessum viðvörunum til síns hóps.

Rigning hefur engin áhrif á efnið í plastinu, hitastigsbreytingar hafa ekki áhrif á efnið og er að fullu virkt í tvö ár frá framleiðsludegi. RaniRepel er hægt að nota og geyma eins og hvert annað Rani Plast rúlluplast.

Efnið sem notað er í RaniRepel er samþykkt af eftirlitsaðilum Evrópusambandsins, það uppfyllir líffræðilegar reglur og hægt er að endurvinna það. Lausnin hefur einnig unnið til verðlauna í mörgum löndum.

Búvís
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

PANTIÐ TÍMANLEGA Í SÍMA 465 1332



Ársæll Jónsson, bóndi á Eystra-Fróðholti (t.v.), og Stefán Ólafsson, bóndi á Hóli, klipptu á borðann. Ekki er ólíklegt að blásið verði til annarrar borðaklippingar á vegum Rangárþings ytra og ríkisvaldsins þegar kórónuveiruástandið er yfirstaðið. Brúin er 92 metrar að lengd. Mynd / Ragnheiður Sumarliðadóttir

# Ný brú á Þverá við Odda á Rangárvöllum

**Ársæll Jónsson, bóndi í Eystra-Fróðholti á Rangárvöllum, og Stefán Ólafsson, bóndi á Hóli í Vestur-Landeyjum, mættu nýlega vopnaðir skærum og rúningsklippum og klipptu á borða og vígðu þar með nýja og glæsilega brú á Þverá við Odda á Rangárvöllum.**

Þeir félagar ýttu verkefninu úr vör í byrjun árs 2011. Þá var farið á milli bæja og safnað undirskriftum fjölda íbúa á Rangárvöllum og vestanverðum Landeyjum um brú á þessum stað. Áskorun ásamt listanum var send á alla þingmenn Suðurkjördæmis, ásamt ráðherra og fjölda embættismanna. Á endanum áttuðu yfirvöld sig á því að skynsamlegt væri að fara í þessa framkvæmd og veittu fé til verkefnisins. Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur síðan haft verkið á sinni könnu.

*/MHH*

# Stórátak í að eyða einbreiðum brúm um allt land

**Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra hefur ákveðið með sínu fólki í ríkisstjórn að á þessu ári muni hefjast verulegt átak í að skipta út einbreiðum brúm.**

Ætlunin er að verja aukalega 3.300 m. kr. til að breikka einbreiðar brýr, alls um 5.200 milljónum á næstu tveimur árum. Alls verða til um 140 ársverk vegna átaksins.

Elsta einbreiða brúin á hringveginum er brúin yfir Jökulsá á Fjöllum, byggð 1947, er orðin 73 ára gömul og komin af léttasta skeiðinu. Sú yngsta er yfir Selá í Álftafirði en hún var byggð 1985 og er því 35 ára gömul.

Áætlað er að breikka brýr yfir Köldukvíslargil á Norðausturvegi, Gilsá á Völlum á Skriðdals- og Breiðdalsvegi, Botnsá í Tálknafirði, Bjarnadalsá í Önundarfirði, Núpsvötn, Stóru-Laxá á Skeiða- og Hrunamannavegi, og Skjálfandafljót á Hringvegi hjá Fosshóli við Goðafoss. Auk þessa er unnið eftir samgönguáætlun en þar eru brýr yfir Jökulsá, Sólheimasandi, Hattardalsá og Steinavötn, Brunná austan við Kirkjubæjarklaustur, Kvíá í Öræfasveit og Fellsá í Suðursveit sem fá að víkja fyrir nýrri kynslóð. */MHH*



**Brúin yfir Jökulsá á Sólheimasandi, en þar er fyrirhugað að setja tvíbreiða brú.** Mynd / HKr.

Byggðaráð Blönduósbæjar óánægt:

# Enginn styrkur til að byggja upp í Hrútey

## – Segir hróplegt ósamræmi vera við úthlutun milli landshluta

**Byggðaráð Blönduósbæjar hefur lýst miklum vonbrigðum yfir því að umsókn sveitarfélagsins um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða var synjað, sérstaklega með tilliti til þess að mikil þörf er á uppbyggingu ferðamannastaða á svæðinu.**

Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri á Blönduósi, segir að sveitarfélagið hafi sótt um styrk til að halda áfram uppbyggingu fólkvangsins í Hrútey. Áður, eða árið 2018, fékkst styrkur úr Uppbyggingarsjóði ferðmannastaða og hófust framkvæmdir að þeim styrk fengnum.

„Við viljum endilega halda áfram með þetta verkefni og teljum það skipta miklu máli fyrir uppbyggingu ferðamannastaða hér um slóðir. Það er töluvert mikið eftir að gera og við viljum fyrir alla muni halda okkar striki,“ segir Valdimar.




**Hrútey er fólkvangur við Blönduós sem friðuð var árið 1975. Eyjan stendur í miðri Blöndu. Blönduóshreppur keypti eyjuna árið 1923 af bænum Klifum og friðaði fyrir beit árið 1933. Skógrækt hófst þar árið 1942 og árið 2003 lýsti Skógræktin yfir opnum skógi þar. Birki og stafafura eru algeng tré. Göngubrú er út í eyna (núverandi brú er frá 1988).**

### *Norðurland vestra fær langminnst*

Byggðaráð bendir í bókun sinni á það hróplega ósamræmi sem er í úthlutun sjóðsins á þessu ári á milli landshluta. Þar komi Norðurland vestra illa út, einungis 34 milljónir komi inn á svæðið í formi styrkja af heildarfjárhæð sem er rúmlega 500 milljónir króna.

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra hafa velt þessu ósamræmi í úthlutun styrkjanna fyrir sér og eru margir hugsi. Í svonefndri Landsáætlun kemur fram að styrkir til verkefna á Vesturlandi nemi 219 milljónum, 141 milljón á Vestfjörðum, 338 milljónum á Norðurlandi eystra, 114 milljónum á Austurlandi og 1,5 milljörðum á Suðurlandi. Sem fyrr segir komi 34 milljónir til verkefna á Norðurlandi vestra.

*/MÞÞ*

Aflvélar er nýr sölu- og þjónustu-aðili SAC mjaltakerfa á Íslandi



Fyrirspurnir og tímapantanir:
sac@aflvelar.is

Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabæ
Sími: 480 0000 • www.aflvelar.is • sala@aflvelar.is

AFLVÉLAR



Lely Center Ísland



Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



SPECTRA
BYGGINGALASERAR
FRÁ TRIMBLE
VAL FAGMANNA



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

SPECTRA PRECISION LASER

SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5100 / ISMAR.IS

ÍSMAR



Wendel

AMMANN

AMMANN
JARÐVEGSÞJÖPPUR
Í MIKLU ÚRVALI

GÆÐI SEM ENDAST



Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is



ÞARF AÐ SÓTTHREINSA? Hjá Fóðurblöndunni færð þú virkilega góð efni til sótthreinsunar.
Gerðu hreint hjá þínum dýrum.





JORENKU Staldren®



20%
AFSLÁTTUR
2.-30. APRÍL



**Sag, 18 kg**
Hitameðhöndlað sag.
Góður undirburður fyrir dýr, þá sér í lagi fyrir mjólkurkýr.

**Halamid**
Alls staðar þar sem hreinlætis er þörf. Losar þig við bakteríur, veirur og óværur.

**Staldren**
**Bylting í sóttvörnum!**
Drepur bakteríur en er skaðlaust mönnum og dýrum. Þurrkar, eyðir lykt og bindur ammoníak. Hentar fyrir allt búfé og fugla.

Einnig í vefverslun • Sendum um allt land

FB
FÓÐURBLANDAN
gæði í hverri gjöf!

**www.fodur.is**
**www.aburdur.is**
**aburdur@aburdur.is**

**FB Reykjavík**
Korngarðar 12
570 9800

**FB Selfoss**
Austurvegur 64 a
570 9840

**FB Hella**
Suðurlandsvegur 4
570 9870

**FB Hvolsvöllur**
Ormsvöllur 2
570 9850







# Það er nóg til og meira frammi

**Fæðuöryggi skiptir okkur öll máli.**

Íslenskir bændur og fyrirtæki í landbúnaði munu hér eftir sem hingað til tryggja framleiðslu á úrvalsmatvælum fyrir land og þjóð. Við sjáum til þess að það sé nóg til af innlendum mat í verslunum landsins.

## Takk fyrir að velja íslenskt!







HAMINGJU EGG
SMJÖR
KÓKÓ mjólk
ab mjólk
TINDUR
Landbúnaðarháskóli Íslands
AUÐHUMLA
Bio-Bú
Bústólpi
Ali
RJÓMABÚIÐ ERPSSTAÐIR
FJÖLSKYLDUBÚIÐ
FLÚÐA SVEPPIR
FÓÐURBLANDAN
ÍSLENSK GEITA AFURÐ
GRÆNN MARKAÐUR
Íslyft ehf
STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF
JOHN DEERE
JÖRFI
KAUPLAND
BÚREKSTRARDEILD
KJARNAFÆÐI
KRÓNAN
Landgræðslan
LANDSSAMBAND KÚABÆNDA
Landssamtök sauðfjárbænda
LANDSTÓLPI 20
ÁRTANGI
LELY
LÍFLAND
LSB
LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA
MÓÐIR JÖRÐ
myranaut
N1
NORÐLENSKA
NESBÚ EGG
REYKJABÚIÐ
SÖLUFÉLAG GARÐYRKJUMANNA
Sprettur ÁBURÐUR
SS
STRÚKTÚR
VIG
Búvís
ÍSFUGL
Undan renna
Léttmjólk
Ný mjólk
GRÁÐAOSTUR
G-mjólk

## Vörulína Kormáks & Skjaldar úr íslensku vaðmáli:

# Ætla að endurreisa iðnaðarvefnað úr íslenskri ull

### – Fimm jakkaföt og sixpensarar í boði í versluninni

**Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar er komin með vörulínu þar sem hráefnið er „íslenskt tweed“, ullarvefnaður sem unninn er úr ull af íslensku sauðfé. Í vörulínunni eru fimm tegundir jakkafata, auk vesta, og fimm sixpensarar.**

Íslenskur ullarvefnaður gekk ætíð undir heitinu „vaðmál“ og var í margar aldir aðalhráefnið til heimilisiðnaðar og fatagerðar, auk þess að vera mikilvæg útflutningsvara. Nú hefur þessi hefð verið endurvakin hjá Kormáki & Skildi, en tæp 50 ár eru liðin frá því að hún lagðist af.

Að sögn Gunnars Hilmarssonar, yfirhönnuðar hjá framleiðsludeild Kormáks & Skjaldar og umsjónarmanns vaðmálsframleiðslunnar, er ullin í vörulínunni í grunnlitunum fjórum; mórauður, hvítur, grár og svartur.

„Úr þessum fjórum litum hönnum við úrval mynstra og blöndum samana litunum sem saman mynda heildstæða línu. Ullin kemur frá öllum landshornum Íslands, ullarbandið er spunnið af Ístex í Mosfellsbæ og svo er „tweedið“ ofið í einni bestu myllum í Evrópu, Seidra í Austurríki. Draumurinn er að geta gert allt ferlið eingöngu hérlendis en til þess vantar enn tæki og þekkingu sem hefur með tímanum tapast að hluta,“ segir Gunnar.

Hann segir að sixpensarar úr ull af forystufé komi í haust og ef til vill verði tilraunir gerðar með að klæða vasapela slíkri ull.



Gunnar Hilmarsson, yfirhönnuður hjá framleiðsludeild Kormáks & Skjaldar.



Kormákur Geirharðsson í jakkafötum sem heita Þráinsson og með sixpensarann Móra.



Skjöldur Sigurjónsson í íslenskum „tweed“-jakkafötum sem heita Kjartansson.

***Snúa við neikvæðri þróun***

„Sú var tíðin að íslenskt tweed-efni var framleitt hérlendis. Öll stig framleiðslunnar voru unnin hér. Allt frá því að bóndinn afhenti hráa ullina, ullin var hreinsuð og þvegin, kembd og spunnið úr henni ullarband. Bandið var svo ofið í tweed-efni sem var notað í fatnað, teppi, áklæði og margs konar aðra hluti. Gamla Álafossúlpan er gott dæmi um fatnað sem nýtti íslenskt tweed.

Sumar aðferðir við vinnslu textílefna hafa þó viðhaldist betur hér á landi en aðrar. Prjón og hekl eru aðal vinnsluaðferðir okkar. Vefnaðurinn er talinn gera textílefnið sterkara en við erum ekki að framleiða ofin textílefni lengur og hefur vefnaður úr íslensku ullinni horfið að mestu leyti. Sá tækjakostur og þekking sem var til hérlendis er því miður horfin og því enginn iðnaðarvefnaður til staðar lengur. Textílframleiðslan á ullinni er því frekar einhæf hér á landi.

Við hjá Kormáki og Skildi höfum haft það markmið að snúa þróuninni við þegar kemur að vefnaði úr íslenskri ull. Okkar sýn er að iðnaðarvefnaður úr íslenskri ull komist aftur á laggirnar hér á landi. Því höfum við hafið þessa framleiðslu, bæði fyrir innlendan markað og erlendan,“ segir Gunnar.

***Tweed-bólstruð húsgögn***

„Þessi þróun okkar hefur vakið athygli eiganda húsgagnaverslunarinnar Epal, sem frábæran kost sem áklæði fyrir innlenda sem og erlenda húsgagnaframleiðendur. Efnið hefur staðist allar gæðaprófanir og er leitast við að varan sé í senn náttúruvæn og með sömu gæði og samkeppnisaðilar erlendis bjóða upp á. Markmið Epal var að kynna húsgögn frá þeim sem bólstruð eru með íslensku tweedi á Hönnunarmars, sem valkost í húsgagnaframleiðslu,“ segir Gunnar að lokum.

/smh


SMÁHÝSI - 40 M² - 100 M²

NÝR VALKOSTUR - SMÁHÝSI ÚR STÁLGRIND

5 X 8 M - ÓEINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.400.000 KR. M/VSK.
5 X 8 M - EINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.800.000 KR. M/VSK.

Smáhýsi úr Z - stálgrind. Fæst með tvenns konar klæðningum. Stærð grunngerðar er 5 x 8 m / 40 m². Vegghæð 2,8 m. Stærð á hurðargati 3 x 2,5 m.





EINFÖLD HÚS - AUÐVELD UPPSETNING

GRÓÐURHÚS
Tryggðu þér gróðurhús fyrir sumarið!



Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
865-9277
VEFFANG
www.bkhonnun.is


## RML gefur út grunn að viðbragðsáætlunum vegna COVID-19:

# Nauðsynlegt að tryggja órofinn búrekstur

### – Gera þarf ráð fyrir að afleysingamaður geti gengið inn í dagleg störf



**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur gefið út grunna að viðbragðsáætlunum fyrir helstu gerðir búrekstrar, vegna aðsteðjandi ógnar af COVID-19. Aðallega eru áætlanirnar hugsaðar fyrir einyrkja, en geta nýst stærri búum þar sem slíkar áætlanir eru ekki til staðar.**

RML hefur útbúið grunna að slíkum áætlunum fyrir kúabú, sauðfjárbú, hesthús, gróðurhús, loðdýrabú, alifuglabú og svínabú.

Í tilkynningu vegna útgáfunnar kemur fram að nauðsynlegt sé fyrir bændur að hafa slíka viðbragðsáætlun, sem taki til þátta sem mikilvægir séu til að tryggja órofinn búrekstur komi til veikinda. „Gera þarf ráð fyrir að afleysingamaður geti gengið inn í dagleg störf án þekkingar á viðkomandi búi eða með aðstoð bónda. Þá skiptir viðbragsáætlun hvers bús höfuðmáli,“ segir í tilkynningunni sem fer hér á eftir.

„Viðbragðsáætlunin er byggð upp með það að markmiði að auðvelda bændum greiningu á lykilþáttum starfseminnar með sniðmáti til að skrá mikilvæga þætti og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Áætlunin miðast einkum við bú sem rekin eru af einyrkjum þar sem aðrir eru lítið inni í daglegum störfum en getur einnig nýst stærri búum þar sem viðbragðsáætlanir eru ekki nú þegar til staðar.“

***Mikilvægir staðir merktir inn***

„Helstu atriði viðbragsáætlunar taka m.a. til teikninga af gripahúsum þar sem merktir eru inn mikilvægir staðir s.s. rafmagns tafla, vatnsinntök, gjafakerfi, dráttar- og vinnuvélar og hvernig rafstöð skal tengd og ræst, sé hún til staðar. Hnitmiðuð símaskrá búsins flýtir einnig viðbragði. Sniðmát viðbragðsáætlana er alls ekki tæmandi og er ráðlagt að bæta við eins og þurfa þykir.

Stutt og markviss leiðbeiningamyndbönd þar sem gengið er um búið og farið yfir mikilvæga þætti starfseminnar geta verið mjög gagnleg. Þau nýtast jafnframt til frekari útskýringa á tækjabúnaði eða öðrum lykilþáttum búsins. Myndböndin er svo hægt að senda til afleysingamanns í gegnum samskiptaforrit (Facebook) eða tölvupóst.

Ráðunautar RML aðstoða við gerð viðbragðsáætlana, sé þess óskað. Símanúmer RML er 516-5000 og tölvupóstfangið rml@rml.is. Við bendum einnig á að hægt er að hafa samband í gegnum vefspjall á heimasíðu fyrirtækisins.“

Áætlanirnar eru aðgengilegar á vef RML, rml.is. /smh

UTAN ÚR HEIMI



Gróðurháhýsið í Utrecht í Hollandi verður klætt með um 300 mismunandi tegundum af plöntum. Mynd / Stefano Boeri Architetti

## Holland:
# Öll þök skulu vera græn

**Íbúar og yfirvöld í Utrecht í Hollandi ætla kerfisbundið að vinna í því að gera borgina grænni. Ný áætlun gerir ráð fyrir að gera umhverfið grænna og að á öllum þökum í miðbæ borgarinnar eigi að vaxa gróður eða vera með sólarsellur.**

Hugmyndin, sem kallast engin þök ónotuð, nær einnig til þaka á strætisvagnaskýlum. Með því að rækta gróður af einhverju tagi, gras, blóm eða mosa á að auka líffræðilega fjölbreytni í borginni og um leið draga úr magni koltvísýrings í andrúmsloftinu. Einnig er hugmyndin að meiri gróður í borginni muni draga úr æðibunugangi og stressi íbúanna og auka þannig hamingju og vellíðan.

Til að auðvelda íbúum að grænka þökin sín ætla borgaryfirvöld að styrkja íbúðareigendur í miðborginni um allt að 50% kostnaðar vegna framkvæmdarinnar en að hámarki um 20 þúsund €, eða rúmar þrjár milljónir króna.

### *Hátt gróðurhýsi*

Til að sýna vilja í verki stendur til að byggja háhýsi skammt frá aðaljárnbrautastöð borgarinnar og klæða það að utan og ofan með 300 ólíkum tegundum af plöntum, 360 trjám, 9.640 runnum og fjölda smærri plantna. Alls mun gróðurinn utan á húsin þekja um einn hektara. Áætlað er að háhýsið verði tilbúið árið 2022 og samkvæmt útreikningum mun það binda um 5,4 tonn af koltvísýringi og framleiða um 41 tonn af súrefni á ári.

### *Hnoðrar á strætóskýlum*

Á síðasta ári var lokið við að koma hnoðrum fyrir á þökum 316 strætisvagnaskýla í borginni. Hnoðrarnir sem eru sígrænir hafa sýnt fram á að þeir draga úr magni svifryks, hækka rakastig og auka litadýrð þar sem þeir vaxa og blómstra. Hnoðrarnir hafa einnig góð áhrif á skordýralíf og laða að sér fugla. /VH















### Húmor og gleði til að létta fólki stundirnar:

# Gamanmyndahátíð Flateyrar verður haldin á netinu

## – Efnt til 48 stunda kvikmyndagerðarkeppni þar sem allir geta tekið þátt

**Gamanmyndahátíð Flateyrar hefur í samstarfi við Reykjavík Foto efnt til 48 stunda gamanmyndakeppni á netinu. Keppnin gengur út á það að einstaklingar eða lið geta skráð sig til leiks og frá og með 27. mars fá liðin 48 klukkustundir til að fullklára gamanmynd út frá því þema sem verður gefið upp.**

Sýningarhæfum myndum þarf svo að skila inn til Gamanmyndahátíðarinnar 48 klukkustundum síðar, þann 29. mars. Í kjölfarið verður netkosning um fyndnustu 48 stunda gamanmyndina og fær sigurmyndin veglega Canon EOS M50 myndavél frá Reykjavík Foto að launum.

*Fyndnasta kvikmyndahátíð Íslands*

Gamanmyndahátíð Flateyrar er fyndnasta kvikmyndahátíð Íslands og verður hún haldin í fimmta skiptið nú í haust. Á síðustu hátíð var í fyrsta skiptið keppt í 48 stunda gamanmyndagerð á Íslandi og var það stuttmyndin Ballarhaf sem var valin fyndnasta stuttmyndin af áhorfendum þar sem þemað var Fiskur. Myndina má sjá á slóðinni: https://www.youtube.com/watch?v=gvn9T_fkoQM&t=2s



Frá gamanmyndahátíð Flateyrar á síðasta ári.




Eyþór Jóvinsson og Ársæll Níelsson, forsvarsmenn Gamanmyndahátíðarinnar.



*Þörf fyrir gleði og húmor*

Það hefur sjaldan eða aldrei verið jafn mikil þörf á gleði og húmor eins og nú og því er tilvalið að halda nýja 48 stunda gamanmyndakeppni. Keppnin verður opin öllum og hægt að taka þátt hvar sem er. Einstaklingar, fjölskyldur eða vinahópar geta skemmt sér við þetta saman, tekið upp litla gamanmynd í sínu nærumhverfi. Það þarf ekki mikinn tækjabúnað til að setja saman stutta gamanmynd, bara góða hugmynd og einfalda myndavél eða síma.

Á sama tíma og aðstandendur vonast til að fá margar skemmtilegar myndir frá áhugafólki skora þeir einnig á kvikmyndagerðarfólk að taka þátt og leggja sitt af mörkum við að gleðja landsmenn með nýjum fyndnum stuttmyndum.



Það er bara gaman á Gamanmyndahátíð.

Skráning í keppnina fer fram á vefsíðu Gamanmyndahátíðarinnar: https://www.icelandcomedyfilmfestival.com/48-stunda-gamanmyndakeppni

„Með gleði og húmor komumst við í gegnum þessa skrítnu tíma," segir Eyþór Jóvinsson framkvæmdastjóri Gamanmyndahátíðar Flateyrar. */HKr.*

### Hafsteinn Reykjalín Jóhannesson:

# Með ljóðabók á 80 ára afmælinu

**Hafsteinn Reykjalín, vélstjóri og leigubílstjóri, varð áttræður í gær, 1. apríl. Af því tilefni gaf hann út sína fimmtu ljóðabók og nefnist hún Gengin slóð.**

Hafsteinn er ekki ósnortinn af listagyðjunni og hefur sótt mörg námskeið í olíumálun og haldið 14 sýningar og nokkrar samsýningar, á vegum Félags tómstundamálara. Þá stundar hann ljóðagerð í Ljóðahóp Gjábakka og hefur gefið út nokkrar ljóðabækur með þeim og er nú sjálfur að gefa út sína 5. ljóðabók, GENGIN SLÓÐ, sem er með 220 ljóðum, flest gerð 2018.

Hafsteinn fór á nokkur námskeið í hljómfræði og píanóleik. Gaf hann út tvo CD diska, Ljúfar stundir 2012 og Lífið er dans 2015, með 23 frumsömdum ljóðum og lögum. Einnig gaf hann út nótnahefti með 50 lögum og 16 einsöngslög á nótum. Þá semur hann ljóð á dag og setur flest inn á Facebook, svo eitthvað sé nefnt.

*Fæddur á Hauganesi við Eyjafjörð*

Hafsteinn býr í Kópavogi, en hann er fæddur og uppalinn á Hauganesi við Eyjafjörð og ólst þar upp og bjó þar til 18 ára aldurs. Hann bjó á Akureyri nokkur ár, lauk þar iðnnámi og vélvirkjameistaraprófi 1966, var í Vélskóla Íslands 1968–1971 og útskrifaðist þaðan vélfræðingur.

Hann var vélstjóri á fiskiskipum og fossum Eimskips, átti og rak nokkur fyrirtæki í Reykjavík og víðar og stundaði leigubílaakstur í fjölda ára. Hafsteinn var formaður Sjálfstæðisfélags Kópavogs um tíma og sat í nokkrum nefndum hjá Kópavogskaupstað.




Hafsteinn Reykjalín hefur gefið út fimm ljóðabækur, tvo geisladiska og nótnahefti auk þess að halda málverkasýningar.



Hafsteinn Reykjalín Jóhannesson.




# Vísnasafn Óskars í Meðalheimi gefið út á hljóðdiskum

**Fjölskyldan í Meðalheimi á Ásum í Austur-Húnavatnssýslu hefur látið taka saman þónokkuð af kveðskap Óskars Sigurfinnssonar, bónda í Meðalheimi. Heiðurinn af þeirri samantekt og skrásetningu á Árni Geirhjörtur Jónsson.**

Vísnasafnið var lesið inn á geisladiska af Árna og Þór Sigurðssyni. Eru diskarnir síðan fjölfaldaðir á Ólafsfirði og seldir í tveggja diska albúmi sem hannað er af Ágústi Halldórssyni, grafískum hönnuði hjá Ásprenti á Akureyri.

Áhugasamir geta haft samband við fjölskylduna í Meðalheimi á netfangið; medalheimur@emax.is, eða í síma: 452 4263 og 895 6866.

LESENDABÁS

# Samstaða um íslenska matvælaframleiðslu

**Í síðustu viku kynnti ég í ríkisstjórn 15 aðgerðir sem vinna móti áhrifum COVID-19 veirunnar á íslenskan landbúnað og sjávarútveg. Aðgerðirnar koma til viðbótar við almennar aðgerðir ríkisstjórnarinnar en umfang þeirra er yfir 200 milljarðar króna.**


Kristján Þór Júlíusson.

Aðgerðirnar eru afrakstur náins samráðs við m.a. Bændasamtök Íslands. Átta af aðgerðunum 15 eru á sviði landbúnaðar, fimm á sviði sjávarútvegs og tvær eru almennar og snerta báðar greinar. Markmið þeirra er skýrt. Að lágmarka neikvæð áhrif á þessar greinar til skemmri og lengri tíma, en um leið skapa öfluga viðspyrnu þegar þetta tímabundna ástand er gengið yfir. Ég vil nýta þetta tækifæri til að fara yfir þær aðgerðir sem snerta íslenskan landbúnað.

### *Fjárfest í íslenskri garðyrkju*

Fyrst ber að nefna þá metnaðarfullu sókn sem fyrirhuguð er í íslenskri garðyrkju. Nú standa yfir samningaviðræður stjórnvalda og bænda um endurskoðun búvörusamnings um starfsskilyrði garðyrkjuræktar. Þar er gert ráð fyrir að íslensk garðyrkja verði efld til muna með auknum fjárveitingum strax á þessu ári. Ég hef óbilandi trú á þeim tækifærum sem blasa við íslenskri garðyrkju enda er aukin framleiðsla á íslensku grænmeti forsenda þess að íslenskir garðyrkjubændur nái að halda við og auka markaðshlutdeild íslensks grænmetis.

Í öðru lagi hef ég ákveðið í samráði við Bændasamtök Íslands að beina því erindi til framkvæmdanefndar búvörusamninga að leita leiða til að færa til fjármuni í samræmi við gildandi búvörusamninga. Markmið slíkra tilfærslna er að koma sérstaklega til móts við innlenda matvælaframleiðendur sem glíma við áskoranir vegna þessa ástands.

> „En mögulega er mikilvægasta aðgerðin af þeim öllum hins vegar sú sem hver og einn Íslendingur hefur í hendi sér á hverjum degi; að velja íslensk matvæli.“

Í þriðja lagi má nefna að ráðuneyti mitt mun taka höndum saman með Bændasamtökum Íslands og Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins við að skrá afurðatjón bænda vegna COVID-19.

Jafnframt má nefna að ráðuneyti mitt mun gera bændum kleift að fá fjölþætta ráðgjöf til að takast á við þær áskoranir sem nú blasa við vegna COVID-19, tryggt verður að einstaklingar sem sinna afleysingarþjónustu fyrir bændur sem glíma við COVID-19 fái greitt fyrir þá vinnu og ráðuneyti mitt og Bændasamtökin munu vinna að gerð mælaborðs fyrir landbúnaðinn til að bæta framsetningu gagna um landbúnaðarframleiðsluna, birgðir og framleiðsluspár. Þá má nefna að óskað hefur verið eftir liðsinni dýralækna í bakvarðasveit og ráðstafanir verða gerðar til að heimila ræktun iðnaðarhamps hér á landi með skilyrðum.

### *Fallið frá hækkun á gjaldskrá*

Tvær aðgerðir af aðgerðunum 15 eru almennar, en snerta báðar hagsmuni íslensks landbúnaðar. Annars vegar hef ég ákveðið að fallið verður frá áformum um 2,5% hækkun á gjaldskrá Matvælastofnunar til 1. september á þessu ári. Þetta er gert til að bregðast við þeirri staðreynd að fyrirséð er að eftirspurn eftir íslenskum matvælum muni dragast saman á næstu misserum, m.a. í ljósi fækkunar ferðamanna til Íslands, og mun slíkt hafa áhrif á rekstur íslenskra matvælaframleiðenda.

Hins vegar liggur fyrir að hertar kröfur um samkomur fólks og aðrar ráðstafanir yfirvalda geta haft neikvæð áhrif á fyrirtæki sem sinna íslenskri matvælaframleiðslu. Heilbrigðisráðherra hefur, eftir samráð við sóttvarnalækni, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Matvælastofnun, ákveðið að veita kerfislega og efnahagslega mikilvægum fyrirtækjum í þessum greinum undanþágu frá tilteknum ráðstöfunum að uppfylltum ströngum skilyrðum. Undir það falla meðal annars sláturhús og afurðastöðvar. Ráðuneyti mitt mun áfram fylgjast með þessari þróun í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld og atvinnulífið.

### *Veljum íslenskt*

Ég hef í mínum samskiptum við bændur upplifað samstöðu um þær fyrstu aðgerðir sem ég hef nú kynnt. Það verður í forgangi í mínu ráðuneyti á næstu dögum og vikum að framfylgja þessum aðgerðum og aðstoða íslenska matvælaframleiðslu í gegnum þetta ástand. Grípa til frekari aðgerða sem nauðsynlegar virðast og gera það sem þarf. En mögulega er mikilvægasta aðgerðin af þeim öllum hins vegar sú sem hver og einn Íslendingur hefur í hendi sér á hverjum degi; að velja íslensk matvæli.

*Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*




Bílalíf
Bílasala



LAND ROVER DEFENDER (7 sæta)
Nýskráning: 3/2015, akstur 89.000 km.
Dísil, beinskipting, verð: 4.990.000



TOYOTA HILUX
Nýskráning: 12/2015, akstur 57.000 km.
Dísil, beinskipting, verð: 3.990.000



TOYOTA HIACE (9 sæta)
Nýskráning: 12/2010, akstur 126.000 km.
Dísil, beinskipting, verð: 2.990.000



MITSUBISHI PAJERO INSTYLE
Nýskráning: 6/2018, akstur 52.000 km.
Dísil, Sjálfskipting, verð: 6.650.000



SKODA OCTAVIA COMBI 4X4 TDI (184hö)
Nýskráning: 5/2017, akstur 91.000 km.
Dísil, Sjálfskipting, verð: 3.290.000



KIA SORENTO EX LUXURY
Nýskráning: 1/2016, akstur 103.000 km.
Dísil, Sjálfskipting, verð: 4.490.000

*Við bjóðum gott úrval af nýlegum notuðum bílum og allt að 100% fjármögnun.*

Bílalíf bílasala, Kletthálsi 2, 110 Reykjavík • Sími 562-1717 • bilalif@bilalif.is • www.bilalif.is



VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is



Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 22. apríl

LANDBÚNAÐUR & UMHVERFISMÁL

# Listin að flokka landbúnaðarplast

## – Gerum íslenskan landbúnað grænni og umhverfisvænni með markvissari flokkun og endurvinnslu

**Árlega falla til um 1500-1800 tonn af landbúnaðarplasti á Íslandi. Þótt plast sé nytsamlegt efni til þess að geyma fóður, matvæli og fleira, er plastmengun orðið eitt alvarlegasta vandamál heims og mikil ógn við allt lífríki jarðar. Rétt flokkun og öflug plastendurvinnsla er mikilvægt skref í að gera íslenskan landbúnað umhverfisvænan og sjálfbæran.**



Hvítt rúllubaggaplast hentar best til endurvinnslu. Svart plast er sérlega erfitt í endurvinnslu í samanburði við annað plast. Það veldur erfiðleikum í flokkun vegna þess að innrauður geisli í flokkunarvélum nemur ekki svart plast.

Almenna reglan er sú að flokka heyrúlluplastið sérstaklega – og vera ekki að blanda neinu saman við það. Landbúnaðarplast sem er notað utan um heyrúllur er úrvalsplast sem er tilvalið í endurvinnslu, en sé plastið ekki rétt flokkað eða óhreint er ekki hægt að endurvinna það og því er brýnt að flokka landbúnaðarplastið rétt og vandlega.

Hér eru nokkur atriði sem hafa ber í huga:

- Plastið þarf að vera hreint.
- Mikilvægt er að plastið sé hreint og laust við alla aðskotahluti. Sé plastið ekki hreint er ógjörningur að endurvinna það og því þarf að urða það með tilheyrandi kostnaði og umhverfisáhrifum. Net og plastbönd verða að vera í sér pokum, alls ekki blanda neti, spottum, hræjum eða öðru drasli við heyrúlluplastið, því þá er plastið ekki endurvinnanlegt. Léleg flokkun á einum stað getur eyðilagt stórt hlass af hreinu og fínu plasti til endurvinnslu. Best er að ganga frá landbúnaðarplasti um leið og það fellur til við gegningar og hrista úr því hey og önnur óhreinindi. Hreint landbúnaðarplast (annað en svart plast) má vera laust eða baggað.
- Svart plast er ekki sama og hvítt plast.
- Svart plast er sérlega erfitt í endurvinnslu í samanburði við annað plast. Það veldur erfiðleikum í flokkun vegna þess að innrauður geisli í flokkunarvélum nemur ekki svart plast. Reynum því að forðast að nota svart plast og blöndum því ekki saman við annað plast í flokkun. Ef svart plast fellur til þá að binda vel utan um það sérstaklega.



Best er að ganga frá landbúnaðarplasti um leið og það fellur til við gegningar og hrista úr því hey og önnur óhreinindi. Hreint landbúnaðarplast (annað en svart plast) má vera laust eða baggað.

### *Gott samstarf við bændur er lykilatriði*

Markmiðið er að allir bændur sem nota landbúnaðarplast hafi möguleika á því skila plastinu á auðveldan og markvissan hátt til að tryggja góða endurvinnslu eða endurnýtingu. Slíkt verklag tryggir verndun á íslenskri náttúru og dýralífi. Samstarf um þetta brýna mál hefur gengið vel um allt land og bændur hafa almennt tekið mjög vel í að flokka landbúnaðarplast frá öðrum úrgangi. Mikilvægt er að aðgengi að bæjunum sé gott og ekki síður að þeim stað sem plastinu er safnað saman.

Við minnum á að samvinna er lykilatriði. Terra, sem hefur sinnt sorphirðu og plastsöfnun, gerir sitt besta til að láta vita þegar söfnun á sér stað þannig að bændur geti undirbúið söfnunina og einnig verið á staðnum og aðstoðað bílstjóra eftir þörfum. Þá er einnig farið yfir hvort rétt sé staðið að söfnun og frágangi á plastinu. Allt landbúnaðarplast sem er vel flokkað fer til endurvinnslu. Plastið er að hluta endurunnið á Íslandi og að hluta flutt erlendis til endurvinnslu.

### *Málmar, hjólbarðar og spilliefni*

Terra vill einnig hvetja bændur til að huga vel að almennri flokkun. Fara með efni eins og hjólbarða og brotamálma til móttökustöðva þar sem þess er nokkur kostur. Síðan þarf að fara sérstaklega varlega með öll spilliefni eins og olíu, sýru og önnur eiturefni. Það er afar nauðsynlegt að flokka og eyða hættulegum efnum á þann máta að land, sjór, vötn og loft mengist ekki. Terra hefur margra ára reynslu af meðhöndlun spilliefna og skipulagningu á móttöku spilliefna.. Almenningur getur losað sig við hættuleg efni og annan spilliefnaúrgang á endurvinnslustöðvum sveitarfélaga, þar sem spilliefnum er safnað saman áður en þau eru send til Terra – Efnaeyðingar. Öll berum við ábyrgð á umhverfinu og hluti af þeirri ábyrgð felst í skynsamlegri meðferð á spilliefnum, takmarkaðri notkun þeirra og öruggri förgun.

Gæði íslenskra landbúnaðarvara eru vel þekkt. Hróður ýmissa afurða, eins og íslenska lambakjötsins, er óðum að breiðast út til annarra landa. Íslendingar eru mjög stoltir af hreinleika landsins og vilja vera vissir um að skiptar muni ekki menga það. Því markmiði náum við ekki nema vera öll meðvituð um rétta flokkun og endurvinnslu - þátttaka allra skiptir miklu máli. Skiljum ekkert eftir!

***Freyr Eyjólfsson***
*Höfundur er samskiptastjóri Terra. Terra er viðurkenndur þjónustuaðili Úrvinnslusjóðs við söfnun á landbúnaðarplasti.*








Allur úrgangur sem berst frá sumarbústöðum ætti að flokkast sem almennt sorp, ekki að meðhöndlast né flokkast sem endurvinnsluefni. Þetta er gert af heilsufarsástæðum því sorpið getur mögulega verið sóttmengað. Mynd / Feykir

# Ganga þarf sérstaklega vel um gámasvæði sveitarfélaga

**Sveitarfélög víða á landinu hafa hvatt heimili og sumarbústaði þar sem fólk er í sóttkví eða í einangrun vegna COVID-19 veirunnar að ganga vandlega frá öllu sorpi og úrgangi til þess að hindra frekari smit.**

Allur úrgangur sem berst frá þessum heimilum ætti að flokkast sem almennt sorp, ekki að meðhöndlast né flokkast sem endurvinnsluefni. Þetta er gert af heilsufarsástæðum því sorpið getur mögulega verið sóttmengað. Endurvinnsluefni (pappír, plast, málmar) er meðhöndlað af starfsmönnum þeirra fyrirtækja, sem þjónusta sveitarfélögin eftir að það er sótt og því er allt gert til að forðast mögulegt smit og gæta fyllstu varúðarráðstafana. Því er biðlað til allra þeirra sem eru í sóttkví eða einangrun að setja allt endurvinnsluefni beint í tunnur fyrir óflokkað sorp til þess að hefta útbreiðslu veirunnar. /MHH

LESENDABÁS

# Takk fyrir matinn

**Fyrr í vetur fékk ég til mín gesti frá Bandaríkjunum. Bar ég fram það fínasta úr búrinu á borðin og kynnti fyrir þeim íslenskan mat. Þar mátti finna skyr, osta, lax og lamb. Áður en sest var að snæðingi fóru þau með sína borðbæn: „God bless the food.“ Já, já, ég hnikaði höfði kurteislega til samþykkis, sinn er hver siðurinn og allt það.**


Halla Signý Kristjánsdóttir.

Núna síðustu vikur hef ég verið að hugsa um þennan sið sem líklega er til á öllum tungumálum og í öllum trúarbrögðum. ´Guð laun fyrir matinn‘, var sagt og var þá verið að vísa til þess að ekki er það sjálfsagt að eiga til hnífs og skeiðar og auðvitað ætti maður að drjúpa höfði í auðmýkt að geta borið næringu á borð fyrir sig og sína.

*Okkar öryggi*

Stefna um fæðu- og matvælaöryggi á Íslandi er liður í stefnu í almannavarna- og öryggismálum sem er hluti af þjóðaröryggisstefnu sem samþykkt var á Alþingi 2016. Í stefnu fyrir árin 2015-2017 segir að matvælaöryggi felist í aðgangi að nægum, öruggum og næringarríkum matvælum. Settar eru fram aðgerðir og verkefni til að tryggja að til sé áætlun um að nægar birgðir séu til af heilnæmum mat og ómenguðu neysluvatni í að minnsta kosti sex mánuði og áætlun um heilnæmi og gæði matvæla til verndа heilsu fólks. Meðal tilgreinda verkefna til að ná markmiðunum er að að setja þyrfti lög um matvælageymslur, dreifingu matar, orku og eftirlit, gera þyrfti viðbragðsáætlun við matvælaskorti í samráði við helstu birgja og gera neyðaráætlun um hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landinu.

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn minni á Alþingi í sl. viku um uppfærslu á stefnu í almannavarna- og öryggismálum kemur fram að unnið sé að stefnumótun varðandi fæðuöryggi samhliða mótun matvælastefnu fyrir Ísland. Þá hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið með samningi sem undirritaður var í febrúar 2020 falið Landbúnaðarháskóla Íslands að vinna greiningu á fæðuöryggi. En sumt getum við sagt okkur sjálf.

*Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir*

Þeir tímar sem við lifum á núna minna okkur á hversu mikilvægt það er að tryggja fæðuöryggið í landinu, þó ekki væri nema vegna legu landsins. Farsælasta leiðin til þess er að framleiða næg matvæli innanlands, svo við verðum að mestu leyti sjálfum okkur nóg um matvæli. Innlend matvælaframleiðsla á að geta fullnægt frumþörfum okkar, þó hún muni seint geta uppfyllt alla þá fjölbreytni sem við viljum búa við hér á landi. Engu að síður er það ljóst að við getum spýtt verulega í til að tryggja að neytendur hafi ávallt aðgang að góðum og heilnæmum matvælum.

Framsóknarflokkurinn hefur ávallt verið óhræddur við að benda á það augljósa, að það þurfi að styðja og vernda íslenska landbúnaðinn. Með því að styðja við íslenska landbúnaðarframleiðslu tryggjum við ekki aðeins fæðuöryggi, heldur verndum við einnig störf fólks og tryggjum fjölbreytni atvinnulífsins. Við viljum geta boðið upp á hágæðavöru sem framleidd er við bestu mögulegu aðstæður á sama tíma og við sköpum störf fyrir fólkið í landinu. Það gleymist nefnilega oft að þúsundir einstaklinga starfa við matvælaframleiðslu hér á landi. Þetta fólk borgar hér skatta og skyldur sem og fyrirtækin sem stunda sína framleiðslu. Með því að efla íslenskan landbúnað er hægt að draga úr niðursveiflunni í hagkerfinu og um leið tryggja fæðu- og matvælaöryggi í landinu.

***Halla Signý Kristjánsdóttir***
*alþingismaður*


lamb inn
Öngulsstaðir

SUMARTILBOÐ

Tveggja manna herbergi með morgunverði í sjö nætur á 99.000 krónur. Einnig þriggja og fimm nátta tilboð og þriggja og fjögra manna herbergi: Sjá heimasíðu

LÍF OG FJÖR Í SVEITASÆLUNNI

- Lifandi tónlist á laugardagskvöldum
- Göngu- og skoðunatferðir um Eyjafjarðarsveit
- Kyrrðarstund í Gamla bænum á sunnudagsmorgnum
- Grasaferð með Matthew meistarakokki
- Ljósmyndasamkeppni og fleira
- Endalausir útivistarmöguleikar í sveitinni blómlegu




OKKAR ÚTLÖND Á ÍSLANDI Í SUMAR

Fimbul Kaffi á Lamb Inn töfrar fram ævintýri í mat og drykk alla daga undir stjórn meistara veitingapars frá Portland Oregon USA sem hefur tekið ástfóstri við íslenska matargerð og hefðir.

Hægt að bóka á www.lambinn.is eða hafa samband á lambinn@lambinn.is / 463 1500


Við bjóðum Auroru, Matthew og Freyju Wickstrom velkomin til starfa.




## Erfðanefnd landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki

Meginhlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Í því skyni hefur nefndin ákveðið að verja fjármunum í að styrkja einstök afmörkuð verkefni sem falla að því hlutverki.

Vísað er til stefnumörkunaráætlunar erfðanefndar varðandi nánari áherslur nefndarinnar. Sjá vefsíðu nefndarinnar **www.agrogen.is.**

**Lögð er áhersla á að styrkja verkefni á eftirfarandi sviðum:**

- Rannsóknir er lúta að varðveislu og viðhaldi á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Lokaverkefni til prófs á háskólastigi er tengjast varðveislu og/eða nýtingu á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri varðveislu og/eða nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.
- Kynning og fræðsla fyrir almenning um erfðaauðlindir í landbúnaði og gildi þeirra.

Einstaklingar og félagasamtök eru hvött til að sækja um styrki til verkefna sem hafa það að markmiði að stuðla að varðveislu og/eða sjálfbærri nýtingu innlendra erfðaauðlinda í landbúnaði.

Að jafnaði verða veittir styrkir á bilinu kr. 200–900 þús. Sérstök eyðublöð má finna á heimasíðu erfðanefndar **www.agrogen.is.**

**Umsóknum skal skilað fyrir 8. maí 2020** til Birnu Kristínar Baldursdóttur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarnes - **birna@lbhi.is.**

Erfðanefnd landbúnaðarins

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS


BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi





Berkjualdin eru til græn, gul og hvít með rauðu og í mörgum stærðum og líkjast einna helst könglum að lögun.

# Berkjualdin líkjast könglum


**Vilmundur Hansen**
vilmundur@bondi.is




**Að smakka alls kyns hitabeltisaldin er góð skemmtun. Berkjualdin eða berkjur sjást annað slagið í verslunum hér en vinvældir þeirra hafa aukist mikið í Evrópu undanfarin ár. Plantan er það sem kallast pantropical og þýðir að hún er ræktuð í hitabeltinu hringinn í kringum hnöttinn. Aldinin þroskast hratt og þola illa geymslu.**

Ekki fundust heimildir um magn berkjualdina í ræktun í heiminum undanfarin ár og líklega stafar það af því að nokkrar tegundir aldinsins eru í ræktun og flokkun þeirra misjöfn milli landa.

Mest mun vera framleitt af aldininu í Mexíkó og fylgir Brasilía þar á eftir. Ræktun á berkju í Evrópu er mest við strendur Granada á Spáni og í Portúgal og neyta þær þjóðir mest Evrópubúa af aldininu. Víða í ræktun í Suðaustur-Asíu og í Ástralíu. Plantan er í dag það sem kallast pantropical sem þýðir að hún er ræktuð í hitabeltinu hringinn í kringum hnöttinn.

Spár gera ráð fyrir að ræktun berkjualdina eigi eftir að aukast talsvert í framtíðinni þar sem markaður fyrir aldinið er að aukast og framleiðslugeta talsvert meiri en framleiðslan.

Innflutningur á berkjualdinum er ekki skráður sérstaklega hjá Hagstofu Íslands enda ólíklegt að hann sé það verulegur að hann flokkist ekki með öðrum aldinum í innflutningi.

### *Ættkvíslin Annona*

Tegundir innan ættkvíslarinnar Annona eru sagðar vera milli 120 og 160 en fjöldinn er breytilegur eftir heimildum. Allar tegundirnar eru blómstrandi tré eða runnar sem finnast villtir á mörkum hitabeltisins í Suður-Ameríku og Afríku. Flestar eru sígrænar en nokkrar tegundir lauffellandi. Allar eru þær með öfluga stólparót sem nær allt að 1,8 metra niður og er með hliðarrætur. Stofninn brúnleitur og með þunnum og eilítið skeljakenndum berki sem myndar mislitar langsum rendur. Laufið misstórt og ólíkt viðkomu eftir tegundum, samsett úr mörgum stakstæðum smáböðum. Blómin fá í hnapp eða eitt sér og vaxa á meginstofni plöntunnar eða eldri greinum. Krónublöðin þrjú til fjögur og minni en bikarblöðin sem eru gul eða hvít með rauðu. Tvíkynja en frævlar og frævur í sama blómi þroskast á mismunandi tíma, frjóvgað með skordýrum. Aldinið misstórt eftir tegundum, kón- eða köngullaga, gul, rauð eða hvít á ytra borði en ljós að innan. Milli 55 og 75 svört fræ eru í hverju aldini og er þeim mikið dreift af ávaxtaleðurblökum sem eru sólgnar í aldinið.



Berkjualdin á grein á Indlandi.
Mynd / GHP.

Sjö tegundir innan ættkvíslarinnar Annona eru talsvert mikið í ræktun og enn fleiri eru ræktaðar í minna mæli til heimilisnota. Helstu ræktunartegundirnar eru A. reticulata, A. squamosa og A. cherimola auk þess sem fjöldi blendinga þessara tegunda eru í ræktun og að sögn þeirra sem til þekkja er talsverður bragðmunur milli tegundanna og blendinganna.



Aldin tilbúið til neyslu. Algengt er að indversk skólabörn færi kennara sínum berkju að gjöf.
Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

Tegundin A. reticulata, sem er í mestri ræktun í heiminum í dag, er lauffellandi tré sem nær um 10 metra hæð og myndar opna og óreglulega krónu, yfirleitt lægra í ræktun. Stofninn ljósbrúnn 25 til 35 sentímetrar í þvermál. Blöðin mjólensulaga og með greinilegum blaðæðum, 10 til 20 sentímetra löng og 2 til 7 sentímetrar að breidd og oddmjó. Stakstæð og illa lyktandi. Blómin opin, gul, 2 til 3 sentímetrar í þvermál og yfirleitt þrjú saman í hnapp. Aldinin ólík af stærð eftir afbrigðum og allt frá 7 og upp í 16 sentímetra að lengd og þvermáli, brún, gul og bláleit og rauð með hvítu í. Oftast 200 til 700 grömm en hafa mælst yfir kíló að þyngd. Þrátt fyrir að aldinin geti verið samhverf, hjartalaga, óregluleg, hnöttótt eða köngullaga eftir afbrigðum er með þeim sterkur ættarsvipur. Aldinhúðin þykk í sér en aldinið safaríkt, ilmsterkt og með mjög einkennandi sætu bragði. Fræin svört, flatvaxin, 1,5 til tveir sentímetrar að lengd, einn að breidd.



Blóm að opnast.

Villtar plöntur dafna vel frá sjávarmáli upp í 1500 metra hæð í náttúrulegum heimkynnum sínum. Hundruð ef ekki þúsundir yrkja og blendinga ólíkra tegunda sem eru ólík eftir stærð, lit og lögun eru í ræktun.

### *Saga og útbreiðsla*

Fornleifarannsóknir sýna að villt berkjualdin hafa verið nytjuð í þúsundir ára og að þau voru ræktuð við Yautepec-ána í norðanverðri Mexíkó rúmum eitt þúsund árum fyrir Krist.

Þrátt fyrir að flestar tegundir innan Annona ættkvíslarinnar séu upprunnar í Suður-Afríku finnast nokkra tegundir í Afríku, bæði villtar og ræktaðar. Aldin tegundanna beggja vegna Atlantsála eru sviplík þrátt fyrir sjónarmun að undanskildu aldini einnar afrískrar tegundar, A. mannii, sem líkist langri, sverri og hangandi pylsu frekar en köngli. Þekktasta afríska berkjutegundin kallast á latínu A. senegalenis og finnst villt frá Senegal til Suður-Afríku, auk þess sem tréð er víða ræktað við lítil þorp. Sagt er að senegalberkjualdin, sem eru gul eða appelsínugul að lit og fremur smá, angi eins og ananas og bragðist eins og apríkósa.

Írski læknirinn og náttúrufræðingurinn Sir Hans Sloane, uppi 1606 til 1753, var duglegur safnari forn- og náttúrugripa og er safn hans að hluta til grunnurinn að bæði þjóðminja- og náttúrugripasafni Breta. Sloane segir í bók um ferðalög sín á árunum 1686 til 1688 að Annona tegundir vaxi á eyjunni Jamaíka en að þar væri plantan meira notuð til alþýðulækninga en til átu. Til dæmis til að græða sár og lægja bólgur.

Jamaíka var á þessum tíma gríðarleg uppspretta auðs vegna ræktunar á sykurreyr sem var mannað með þrælahaldi. Meðal þess sem Sloane skráði hjá sér meðan hann dvaldi á Jamaíka var hvernig þrælum var refsað. Væri þræll fundinn sekur um að gera uppreisn var hann negldur fastur við jörðina og síðan lagður eldur að höndum hans og fótum og hann brenndur smátt og

smátt í átt að höfðinu. Fyrir smærri glæpi þótti viðeigandi að höggva af þrælum hálfan fót og svikust þrælar undan í vinnunni fengu þeir óspart að finna fyrir svipunni og salt og pipar sturtað í sárin. Stundum var bráðnu vaxi eða sjóðheitri olíu hellt á líkama þeirra í refsingarskyni.

Heimili og garður Sloan, Chelsea Manor, síðustu æviárin er í dag þekkt sem Chelsea Physic Garden í London og einn elsti varðveitti lækningajurtagarður í heimi.

Talið er að A. reticulata hafi verið flutt til Afríku snemma á 17. öld og Indlands um svipað leyti. Algengt er í dag að indversk skólabörn færi kennara sínum berkju að gjöf sem virðingarvott.

Bandaríski rithöfundurinn Mark Twain, uppi 1835 til 1910, sagði að berkjur eða berkjualdin væru sannkallaðar kræsingar.

Berkjualdin eru þjóðarávöxtur Síle.

### *Nafnaspeki*

Þrátt fyrir að aldin berkjutegunda séu ólík eiga þau það til að ganga kaupum og sölum undir sama heitinu þrátt fyrir að staðarheiti þeirra séu ólík. Nafnaruglingur milli tegunda er því talsverður.

Latneska ættkvíslarheitið Annona er komið af anón sem er nafn aldinsins á Taíno sem er eitt af mörgum tungumálum sem kallast Aravkan og voru töluð víða í Suður-Ameríku fyrir komu Evrópumanna. Heitið Annona mun hafa orðið til úr blöndu af spænsku, latínu, frönsku og tungumáli Kreóla á Haítí. Tegundarheitin reticulata, squamosa og cherimola þýða aftur á móti netlaga, vísa til lögunar aldinsins og heitis aldinsins á tungumáli Inka.

Á ensku þekkjast heiti eins og custard apple, soursop, wild-sweetsop, bull's heart, bullock's-heart, ox-heart, pearl of the Andes og queen of the subtropical fruit. Spánverjar kalla aldinið mörgum nöfnum eins og anona, anona colorada, anona corazón, anonillo, corazon, corazón de buey, guanabano, mamán og suncuya. Frakkar segja pomme cannelle, cachiman, coeur de boeuf eða zannone, Ítalir cachirmano, cuor di bue eða cuore di bue. Í Kína kallast aldinið niu xin fan li zhi en í Víetnam binh bat, mâng câu dai og qua na en mean bat og mo bat í Kambótíu. Á Kúbu gengur aldinið undir heitunum cherimoya og mamón.

Þjóðverjar segja annone, netzannone, ochsenherz, og ochsenherzapfel, Svíar nätannona og Danir oksehjerte og netannona.

Á íslensku þekkjast heiti eins og sætaldintré, kvöldberkja, sólberkja, morgunberkja og dagmálsberkja til að aðgreina ólíkar tegundir. Berkja er því ágætt samheiti en greinir ekki milli einstakra tegunda af ættkvíslinni Annona.

### *Ræktun*

Almennt dafnar sætaldintré best í röku hitabeltisloftslagi þar sem loftraki er hár eða á jöðrum þess þar sem úrkoma er mikil. Kjörhiti þeirra er 17° til 24° á Celsíus og trén þola ekki að hitinn fari niður fyrir -2° á Celsíus. Hæfilegt sýrustig jarðvegs fyrir A. reticulata er á bilinu 5 til 8. Kýs djúpan síraka og lifandi mold en þolir ekki að standa í vatnsósa jarðvegi.

Trén bera aldin þrjú til fimm ár eftir gróðursetningu og það tekur aldinið fimm til sex mánuði að ná fullum þroska eftir frjóvgun.

Auðvelt er að rækta plöntuna upp af fræi en erfiðara að halda henni lifandi innanhúss hér á landi. Í framleiðslu á aldinum er yrkjum fjölgað með greina- eða brumágræðslu.

Blómin sums staðar frjóvguð með höndum til að tryggja aldinmyndun þar sem hentugir frjóberar finnast ekki í náttúru ræktunarsvæðisins. Trén þurfa talsverða umhirðu í ræktun svo þau vaxi ekki úr sér.

Síðþroski aldinanna er hraður og þarf því margar og hraðar hendur við uppskeruna sem er öll unnin með höndum. Aldinið er viðkvæmt fyrir hjaski strax við uppskeru og hefur stuttan hillutíma.

Í dag hefur tegundin gert sig heimakomna á stöðum og víðar í heiminum þar sem hún hefur slæðst út frá ræktun og á mörgum stöðum er litið á hana sem ágenga tegund og bölvaðan arfa í annarri ræktun.

Við góðar aðstæður gefur hvert tré af sér um 45 kíló á ári.

### *Nytjar*

Berkjualdin er 72% vatn, 25% kolvetni, 2% prótein og 1% fita. Í hundrað grömmum af berkjualdini eru um 101 kílókaloría og 25% af ráðlögðum C-vítamín dagskammti og 17% af ráðlögðum dagskammti af B6. Auk þess sem aldinið inniheldur A, B, E, og K1 vítamín, auk stein- og andoxunarefna.

Gæta skal þess að allir hlutar sætaldinstrjáa nema aldinin eru eitraðir og geta valdið skaða á taugakerfinu og heilastarfsemi sé þeirra neytt í miklu magni.

Berkjualdin eru sæt og þykja einstaklega bragðgóð. Þau eru borðuð hrá og einnig höfð í safa, ís og búðinga og á Indlandi eru þau höfð í sósur. Lauf og greinar eru notuð til litunar og gefa bláan lit.

Þar sem ytri börkur sætaldinstrjáa er fremur þunnur er hann notaður í umbúðir og úr innri berkinum eru búnir til fínlegir skrautmunir. Viður trjánna er mjúkur í sér en þrátt fyrir að hann sé talinn fremur lélegur til smíða er búnir til úr honum ýmsir smámunir.

Allir hlutar plöntunnar eru nýttir til alþýðulækninga þar sem hun finnst. Mulin lauf eru sögð góð á graftarkýli og lægja bólgur. Mulið rótarduft var notað til að sefa tannverk og rótarseyði til að lækka sótthita. Auk þess sem barkarseyði þótti gott við iðraormum, steinsmugu og ýmsum amorskvillum.

### *Berkjualdin á Íslandi*

Vinsældir berkjualdina hafa aukist víða um heim og þau hafa verið til sölu hér á landi. Skammur hillutími og að aldinin eru viðkvæm og skemmast við hnjask hefur eflaust valdið því að aldinin eru fremur fáséð hér á landi. Þetta gæti þó breyst því að ný yrki með lengri geymslutíma eru komin á markað, flutningatækni batnað og sala þeirra að aukast í Evrópu.

Ekki fer mikið fyrir berkjualdinum í íslenskum fjölmiðlum. Ein lýsing fannst á timarit.is úr Morgunblaðiðnu frá því í ágúst 2002 þar sem segir í grein sem ber fyrirsögnina Velkomin sólaldin, blæjuber og kakí og fjallar um framandi ávexti og aldin. „Morgunberkja, annóna (e. cherimoya, lat. Annona cherimola): aldin trés af sætaldinsætt sem vex í Suður-Ameríku. Með grænleitt hreistrað hýði, ljóst aldinkjöt með svörtum fræjum, talið með ljúffengustu ávöxtum en geymist illa.“


Berkjualdin eftir tínslu.


Berkjualdin þroskast hratt og þarf að hafa hraðar hendur við uppskeru þeirra og pökkun.


Lauf og blómvísar.


Indversk afbrigði berkjualdins.


Aldin til sölu í Víetnam.


Tegundin Annona reticulata er mest ræktaða sætaldinstré í heiminum í dag og nær um 10 metra hæð.



Aldin ólíkra Annona tegunda (a) A. squamosa, (b) A. cornifolia, (c) A. coriacea, (d) A. cherimola, (e) A. reticulata, (f) A. senegalensis, (g) A. purpurea, (h) A. diversifolia, (i) A. hypoglauca, og (j) A. salzmannii.

Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

LESENDABÁS

# Íslenskur landbúnaður í breyttum heimi

**Við lifum á einkennilegum tímum. Við sótthreinsum á okkur hendur og setjum á okkur hanska þegar við förum í kjörbúðina og ekki er ólíklegt að við rekumst á fólk með andlitsgrímur í verslunum og á förnum vegi. Við erum flest, ef ekki öll, orðin meðvitaðri um hvað við snertum, hvort heldur það er hurðarhúnar eða andlit okkar.**

Okkur er ráðlagt af yfirvöldum að heilsa ekki með handabandi, kossum eða faðmlögum. Fyrir nokkrum vikum hefðum við litið á slíkt ástand sem kafla úr vísindaskáldsögu, jafnvel hryllingssögu. Þessi fjandans veira hefur mikil áhrif á daglegt líf okkar og mun eflaust hafa það um ókomna tíð.



Sigurður Ingi Jóhannsson.

### *Vísindi og lýðheilsa*

Eitt af því sem ég tel að þessar einkennilegu vikur muni hafa áhrif á er viðhorf til matvæla. Norrænir fréttamiðlar hafa á síðustu dögum fjallað um að sýklalyfjaónæmi gæti verið einn þeirra þátta sem hafi áhrif á alvarlegar afleiðingar Covid-19. Ekki er nema rúmt ár síðan Framsókn stóð fyrir fjölsóttum fundi um sýklalyfjaónæmi þar sem amerískur prófessor, Lance Price, lofaði íslenska matvælaframleiðslu fyrir ábyrgð og framsýni hvað varðar notkun sýklalyfja í framleiðslu sinni. Á þessum fundi var einnig framsögumaður Karl G. Kristinsson, prófessor og yfirlæknir, sem hefur verið einn helsti baráttumaðurinn í því að vekja athygli á þeim ógnum sem fylgja óheftri notkun sýklalyfja í landbúnaði. Við sjáum honum bregða fyrir í fréttum þessa dagana þar sem hann berst við kórónuveiruna ásamt frábæru íslensku heilbrigðisstarfsfólki.

Það var á grunni vísinda og lýðheilsu sem Framsókn barðist fyrir því að íslensk stjórnvöld lýstu því yfir að Ísland yrði fyrsta landið í heiminum til að banna sölu og dreifingu á matvælum með sýklalyfjaónæmum bakteríum. Þar stigum við mikilvægt skref sem á síðustu vikum sýnir mikilvægi sitt enn frekar.

### *Hráa kjötið*

Innflutningur á hráu kjöti til landsins hefur verið mikið hitamál enda mikið undir fyrir bændur en þó einn meira fyrir íslenska neytendur sem eru vanir því að þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að það sem þeir kaupa í verslunum, hvort heldur það er í kjötborði eða grænmetisdeild, sé ekki örugg fæða. Ástæðan fyrir því að opna varð á innflutning er sú að árið 2004 gerðu íslensk stjórnvöld ekki kröfu um bann við innflutning á hráu kjöti, heldur aðeins lifandi dýrum og erfðaefni. Það er þó ljóst að atburðir síðustu vikna hljóta að breyta stöðunni. Þjóðir Evrópu hafa tekið ákvarðanir sem eflaust eiga eftir að hafa gríðarleg áhrif á samvinnuna innan Evrópu. Þar sannast hið fornkveðna: Það er ekkert til sem heitir vinátta þjóða, aðeins hagsmunir.

### *Sáttmáli um fæðuöryggi*

Velta má því fyrir sér hvort komið sé að gerð sáttmála milli matvælaframleiðenda, neytenda, verslunarinnar og ríkisvaldsins þar sem fæðuöryggi þjóðarinnar yrði tryggt. Sáttmála um að umhverfi matvælaframleiðslunnar verði tryggt. Þjóðin treystir á innlendan mat, það sannast núna á þessum erfiðu tímum. Við verðum sem þjóð, sér í lagi vegna landfræðilegrar staðsetningar okkar að tryggja það að matvælaframleiðsla standi sterkum fótum og víkka út þá geira sem fyrir eru á jötunni. Þá liggur fyrst og beinast við að koma til móts við grænmetisbændur varðandi flutningsverð á raforku. Um það hefur verið rætt og á ég von á að það verði hægt innan skamms.

### *Ábyrg framleiðsla*

Hætt er við því að sú efnahagsdýfa sem hafin er og tímabundin fækkun ferðamanna á Íslandi mun hafa einhver áhrif á íslenska bændur og allt það fólk sem starfar í matvælageiranum. Framtíðin er þó björt sé rétt haldið á spilum. Sá grunnur sem íslenskur landbúnaður stendur á með sinni hreinu matvælaframleiðslu er lýðheilsulegur fjársjóður fyrir íslensku þjóðina. Vörur úr þeim jarðvegi geta einnig orðið eftirsóttar fyrir íbúa annarra þjóða nú þegar allir gera sér grein fyrir því hvað óábyrg framleiðsla og óábyrg meðhöndlun matvæla getur haft alvarleg áhrif á heilsu og hag fólks um allan heim.

Ég efast ekki eina mínútu um að við komumst í gegnum þetta ef við stöndum saman. Við mætum þessum vanda af yfirvegun og æðruleysi eins og stórhríðunum sem við þekkjum vel. Öll él birtir um síðir. Það kemur vor og það kemur sól og daginn lengir. Við höfum áður tekist á við erfiðleika og staðið sterkari eftir. Við getum gert það aftur.

***Sigurður Ingi Jóhannsson**, formaður Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.*

# Eru íslenskar reglur of linar og slappar?

**Margir hafa áhyggjur af eignasöfnun auðmanna, einkum útlenskra gróðamanna sem ætla sér mikinn hlut í íslenskum jarðeignum, auðlindum og víðernum landsins. Og þá spyrja menn líka: - Eru íslenskar reglur miklu „opnari“, veikari, linari, loðnari og slappari heldur en reglur nágrannaþjóðanna um þessi sömu efni?**

Nú hefur ríkisstjórnin boðað nýja löggjöf um þessi mál. - Vonandi stenst hún samanburðinn.

Í Bændablaðinu 19. mars sl. er sagt frá drögum að lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, en frumvarpið hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.is).



Jón Sigurðsson vísar í greininni til reglna um heimildir til kaupa á fasteignum og jörðum í Danmörku, Finnlandi og á Möltu.

### *Danmörk*

Í Danmörku gilda athyglisverðar reglur um þessi mál (Regler om køb af ejendom i Danmark - Begrænsninger ved udlændingers køb af fast ejendom i Danmark - erhvervelsesloven - planloven - sommerhusloven). Þessar reglur njóta fullrar viðurkenningar Evrópusambandsins enda byggðar á sérstakri bókun (protokoll) frá inngöngu Dana í sambandið.

Þessar reglur Dana gilda m.a. um þegna annarra aðildarríkja Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Og reyndar gilda reglurnar að hluta einnig um Dani sjálfa. Helstu drættir eru sem hér segir:

- Þeir útlendingar sem eru búsettir, starfa og taka laun eða aðrar tekjur í Danmörku mega kaupa fasteign í landinu en aðeins til eigin afnota.
- Strangar kröfur gilda um búsetu og eiginnýtingu.
- Sérstakar kröfur gilda um kaup á fyrirtækjum.
- Sumarhús eða tómstundahús mega þeir einir útlendingar eiga sem búið hafa í Danmörku í fimm ár og búa í landinu í varanlegri fastri búsetu.
- Sérstök skilyrði gilda um kaup bújarða:

  – kaupandi sé a.m.k. 18 ára og hafi landbúnaðarmenntun,
  – kaupandi setjist varanlega að sjálfur á býlinu og annist búreksturinn sjálfur,
  – ef eignin er minni en 30 hektarar, verður kaupandi a.m.k. að sjá um fulla nýtingu í 8 ár og útvega þá leigjanda á eignina ef hann býr þar ekki sjálfur, og er eigandanum þá óheimilt að dvelja þar sjálfum.

- Í sérstökum aðstæðum geta menn sótt um undanþágu til dómsmálaráðherra.

### *Finnland*

Á Álandseyjum í Finnlandi gilda merkilegar reglur um „heimarétt“ (Åländsk hembygdsrätt, sem styðst við „Álandsbókunina“ - Ålandsprotokollet, sem er 2. bókun/protokoll með aðildarsamningi Finna við Evrópusambandið).

Heimaréttur Álendinga takmarkar aðgengi allra annarra, þ. á m. þegna annarra aðildarríkja Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Heimaréttur Álendinga er í aðalatriðum þessi:

- Aðeins þeir sem búa varanlega á Álandseyjum, hafa þar uppruna, búsetu, atvinnu og lögheimili, þ.e. Álendingar sjálfir og einir, mega eiga fasteignir, fyrirtæki, lóðir og jarðeignir á Álandseyjum.
- Álendingar geta gengið að arfi frá foreldri, við 18 ára aldur, og nægir eitt foreldri sem hefur, eða ef látið er, hafði heimarétt á eyjunum.
- Alger skilyrði eru föst varanleg búseta á Álandseyjum og finnskur þegnréttur.
- Til greina kemur að samþykkja umsókn um heimarétt, ef um er að ræða fasta búsetu á eyjunum í fimm ár, finnskan þegn sem kann sænsku; og sérreglur eru til viðbótar.
- Heimaréttur glatast ef finnskur þegnréttur er ekki lengur fyrir hendi eða maðurinn dvelst fjarri frá eyjunum í fimm ár.
- Til greina kemur að veita heimarétt með sérstakri heimild í lögum eða að ákvörðun héraðsstjórnar vegna sérstakra ástæðna.

### *Malta*

Í aðildarsamningi Maltverja við Evrópusambandið eru merkileg ákvæði (XI viðbótarákvæði – AA2003/ACT/Annex XI).

Eins og ljóslega birtist eru takmarkanir Maltverja ekki síst miðaðar við að halda þegnum og fyrirtækjum annarra aðildarríkja Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins frá Möltu. Nokkur atriði eru sem hér segir:

- Stjórnvöld á Möltu skulu senda framkvæmdastjórn Evrópusambandsins upplýsingar ef röskun verður á jafnvægi á vinnumarkaði á Möltu, hvort sem er í byggðarlagi eða einstaka atvinnugrein, t.d. vegna samkeppni fyrirtækja eða þegna annarra Evrópusambandsríkja sem hnekkir samkeppnisstöðu heimamanna, o.fl.
- Framkvæmdastjórninni er þá skylt að taka þegar í stað til viðeigandi mótaðgerða.
- Ef Möltustjórn telur málið mjög brýnt er henni heimilt að grípa til einhliða aðgerða.
- Viðurkenndar eru sérreglur um ríkisaðstoð við atvinnurekstur á Möltu, m.a. um lægri skatta fyrir smáfyrirtæki og meðalstór.
- Sérstakar takmarkanir gilda um kaup útlendinga, líka frá öðrum Evrópusambandsríkjum, á fasteignum til tómstundadvalar eða til að nota sem aukabústaði.

### *Íslenskt lögfræðiálit*

Sérstakt lögfræðiálit var gert fyrir íslenska innanríkisráðuneytið, nú dómsmálaráðuneytið, í skýrslu dagsettri 30. maí 2014. Álitið snertir þessi mál beint, og er ekki úr vegi að nefna nokkur aðalatriði úr ályktunum þar.

Álitið fjallar um kaup og eignarhald fasteigna, lóða, bújarða, bygginga og fyrirtækja hérlendis. Rætt er um þætti eignarréttarins, s.s. kaup, sölu, umráð, nýtingu, og ákvæði sem varða tengda aðila. Fjallað er um heimildir og möguleika andspænis öðrum lögum, stjórnarskrá og fjölþjóðlegum samningum og skuldbindingum Íslendinga.

Í lögfræðiálitinu er sérstaklega miðað við fyllsta gegnsæi og jafnræði allra aðila, íslenskra sem erlendra.

Í lögfræðiálitinu kemur fram að takmarka má eignarréttinn:

- vegna skipulagsreglna og öryggismála,
- setja má ákvæði um stærðarmörk lands (nefnt hámark 10 hektarar),
- vegna landnýtingar, landbúnaðarnytja, og til að tryggja rekstrargrunn bújarða,
- til að tryggja virka búsetu í byggðarlagi eða héraði,
- vegna umhverfisverndar, þjóðgarða, og verndar menningarstaða eða -svæða,
- til að hindra uppsöfnun eigna og bújarða í hendur sama aðila,
- setja má fjöldatakmörk bújarða til að hindra uppsöfnun sama aðila,
- vegna áhrifa á verðlag og til að hindra fjárhagslegt ofurvald og þjóðhagsleg áhrif,
- framfylgja ber tilkynningaskyldu til stjórnvalda, og leyfisskyldu þegar við á.

Vonandi stenst ný löggjöf ríkisstjórnarinnar samanburðinn við þau dæmi sem hér eru rakin. Sérstaða Íslandsbyggðar og öll aðstaða þjóðarinnar krefst þess að ekki sé skemmra farið hér í löggjöf en þessi fordæmi Dana, Finna og Maltverja sýna.

Ef vandaður lestur nýja lagafrumvarpsins leiðir í ljós að ríkisstjórnin er með einhverja feimni eða lausatök, verður að ráða bót á því í meðferð málsins á Alþingi.

***Jón Sigurðsson***
*Höfundur er fv. skólastjóri*

MENNNING & SAGA

# Brynjúlfsmessa að Stóra-Núpi



**Brynjúlfsmessa var sunnudaginn 23. febrúar sl. í Stóra-Núpskirkju í Hrunaprestakalli. Þar var minnst skáldsins, heimspekingsins og fræðimannsins Brynjúlfs Jónssonar á Minna-Núpi sem fæddur var 26. september 1838 og dáinn 16. maí 1914 á Eyrarbakka og hvílir í kirkjugarðinum þar.**

Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson sóknarprestur minntist Brynjúlfs Jónssonar í stólræðu sinni að vönduðum og innihaldsríkum hætti.

Þorbjörg Jóhannsdóttir organisti stjórnaði sameinuðum kirkjukór Ólafsvalla- og Stóra-Núpskirkna.

Sóknarnefndin bauð gestum í veglegt messukaffi á eftir í Félagsheimilinu Árnesi. Þar söng kirkjukórinn nokkur lög sem hæfðu vel tilefninu.



Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Stóra-Núpskirkja sem Vestfirðingurinn Rögnvaldur Ólafsson (1874–1917), frá Ytrihúsum í Dýrafirði, teiknaði og vígð var árið 1909.

### *Bóndasonur, fæddur á Minna-Núpi árið 1838*

Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson minntist Brynjúlfs Jónssonar í stólræðunni að Stóra-Núpi.

Brynjúlfur var bóndasonur, fæddur á Minna-Núpi árið 1838 og þótti snemma bókhneigður, gáfaður og námsfús. Lítil efni í foreldrahúsum urðu þess valdandi að hann var ekki sendur til mennta. En á vertíðum sínum syðra, bæði í Reykjavík og suður með sjó, kynntist Brynjúlfur ýmsum mennta- og fróðleiksmönnum sem áttu eftir að reynast honum vel. Má þar nefna Steingrím Thorsteinsson skáld, Jón Pétursson yfirdómara og Jón Árnason, bókavörð og þjóðsagnasafnara. Á þessum tíma lærði Brynjúlfur dönsku, málfræði, landafræði og náttúrusögu.

Segja má að viss straumhvörf hafi orðið í lífi Brynjúlfs árið 1866 er hann féll af hestbaki og slasaðist á höfði og hálsi. Afleiðingarnar urðu þær að hann gat ekki lengur reynt á sig í líkamlegri vinnu án þess að verða ómögulegur af verkjum og dofa.

Brynjúlfur var heilsuveill eftir þetta en lífið tók aðra stefnu. Um veikindin segir Brynjúlfur þetta í æviminningum sínum:

„Þá er veikindi mín voru að byrja og lengi síðan áleit ég þau hina mestu ógæfu en svo hefir guðleg forsjón hagað til að þau urðu upphaf minna betri daga.“

Hann tók að sér barnakennslu víða um Suðurland á vetrum, heimsótti vini sína á sumrum. Brynjúlfur átti lögheimili alla tíð á Minna-Núpi en bjó síðustu æviárin á Eyrarbakka, þar sem hann kenndi og sinnti ritstörfum. Hann var sæmdur Dannebrogsorðu árið 1908 á sjötugsafmæli sínu. Brynjúlfur lést á Eyrarbakka árið 1914 og hvílir í kirkjugarðinum þar.

Í kjölfar veikindanna þótti Brynjúlfi einsýnt að hann myndi ekki festa ráð sitt eins og hugur hans hafði áður staðið til. Enda allt eins víst að hann yrði skammlífur og ætti sennilega nóg með sig sjálfan. Í fyrrgreindum æviminningum segir hann samt:

„Þó höfðu veikindin eigi svift mig ástarhæfileikum.“

Það átti eftir að sannast því með Guðrúnu Gísladóttur, ættaðri undan Eyjafjöllum, eignaðist Brynjúlfur soninn Dag sem ólst upp í Fljótshlíðinni og síðar á Skeiðunum. Dagur átti síðar eftir að minnast föður síns sem manns sem lét skoðanir sínar óhikað í ljós en, með hans orðum, „allt með hógværð og viðeigandi orðum, en rökfast og ákveðið. Fyrir þetta varð hann meiri áhrifamaður en ætla mætti af embættislausum manni. Góðleikur hans, samfara þekkingarauð og ljósri hugsun hreif alla sem kynntust honum.“ Hér er vel að orði komist.



Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson að blessa kirkjugesti í lok Brynjúlfsmessu.



Embættisfólk Stóra-Núpskirkju eftir Brynjúlfsmessu, talið frá vinstri: Ámundi Kristjánsson, Minna-Núpi, gjaldkeri sóknarnefndar, Árdís Jónsdóttir, Eystra-Geldingaholti, ritari sóknarnefndar, Kristjana Heyden Gestsdóttir, Hraunteigi, formaður sóknarnefndar, Þorbjörg Jóhannsdóttir, Stóra-Núpi, kórstjóri og orgelleikari, séra Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hrunaprestakalli, Oddur Guðni Bjarnason, Stöðulfelli, hringjari og Hannes Sigurðsson, Hrauni í Ölfusi og félagi í Kirkjuráði Hrútavinafélagsins Örvars.



Kirkjuráð Hrútavinafélagsins og kaffikonur Stóra-Núpskirkju, talið frá vinstri: Björn Ingi Bjarnason, Ránargrund á Eyrarbakka, Kirkjuráði Hrútavinafélagsins, Guðbjörg Kolbeinsdóttir, Hamarsheiði, kaffikona, Ingigerður Jóhannsdóttir, Stóra-Núpi, kaffikona, Kristjana Heyden G. Hraunteigi, formaður sóknarnefndar Stóra-Núpskirkju og Hannes Sigurðsson, Hrauni í Ölfusi, Kirkjuráði Hrútavinafélagsins.



Í messukaffinu í Árnesi. F.v.: Sigvaldi Kaldalóns Jónsson og Helga Kristinsdóttir, Lómsstöðum og Hannes Sigurðsson, Hrauni í Ölfusi.

Á síðasta tug 19. aldar tók Brynjúlfur að ferðast um héruð á sumrin á vegum Hins íslenska fornleifafélags til fornleifarannsókna og grafast fyrir um forngripi. Þeirra erinda fór hann vítt og breitt um Suðurland en einnig norður í land. Hann fór um afréttarlönd Árnesinga og ferðaðist einnig vestur á Snæfellsnes og í Dalina. Um þennan tíma segir hann sjálfur í æviminningum sínum: „Þetta frjálsa og þægilega líf bæði sumar og vetur hefur eigi einasta styrkt heilsu mína og gert mér æfina skemtilega; það hefir ennfremur gefið mér tækifæri til að fylgja betur eðli míns innra lífs en áður var kostur að stunda bókfræði og menntun yfir höfuð.“

### *Heilladrjúgt og merkilegt ævistarf*

Ævistarf Brynjúlfs á Minna-Núpi var heilladrjúgt og merkilegt til þess að hugsa að þeir hafi verið á bæjunum hlið við hlið þessir andans alþýðuvinir og fræðimenn, sr. Valdimar og Brynjúlfur. Og vel til fundið var það hjá Ásgrími Jónssyni er hann dró upp mynd af þeim félögum í hópi áheyrenda frelsarans í altarismyndinni fallegu í Stóra-Núpskirkju. Árið 1907 gerði Brynjúlfur afskaplega greinargóða samantekt á aðstæðum fyrr og nú í Gnúpverjahreppi sem birtist í Eimreiðinni. Þar ber hann saman ástand mála eins og það blasti við honum í uppvextinum við það þegar hann svo sjálfur var kominn á fullorðinsár.

### *Drykkjuskapur æði almennur og sumir nokkuð uppivöðslusamir*

Fjallað er um efnahag, verslun, vegabætur, jarðabætur, bóklega menntun, heimilislíf og almennan hugsunarhátt. Í síðastnefnda kaflanum segir m.a.:

„Framkoma manna hér var að ýmsu leyti stórkarlalegri fyrrum en nú er. ... Hér var þá drykkjuskapur æði almennur; átti raunar undantekningar, og voru sumir nokkuð uppivöðslusamir við vín, og vildu gjarna, að aðrir hefðu beyg af sér. Bót var það í máli að það mátti heita föst regla, að drekka aldrei heima fyrir. Og varla voru dæmi til þess, þó í ferðum væri eða útreiðum að menn drykki svo frá sér vit, að þeir gættu eigi allra hagsmuna sinna. Þeir þóttust jafnvel hafa meiri hag af viðskiftum við aðra drukknir en ódrukknir.“ Svona var þetta þá en nú var tíðin sumsé orðin önnur þarna í byrjun tuttugustu aldar.

Um kirkjuræknina segir Brynjúlfur að hún hafi verið góð, messað hafi verið hvern helgan dag og sama fólkið sótt kirkju hvern helgidaginn eftir annan og varla komi það fyrir að nokkur komi drukkinn til kirkju. Nefnt er að kirkjulífið hafi um tíma legið í dvala en hafi síðan lyfst aftur í hæðir með komu sr. Valdimars Briem á Stóra-Núp. Síðan segir Brynjúlfur: „Menn hafa nú fremur hægt um sig og eru ólíku jafnari í framkomu sinni en fyrrum, þó ávalt verði munur á mönnum að einu og öðru. Gestrisni og góðvilji við þá er bágt áttu hefir eigi breyzt. En innbyrðis bróðernishugur hefur glæðst að góðum mun.“ Í þessum orðum alþýðu- og fræðimannsins á Minna-Núpi felst prýðilegt nesti fyrir okkur við föstuinngang, sumsé að stunda gestrisni og iðka góðvilja til þeirra sem bágt eiga og glæða bróðernishug.

**Heimildir:**
*Brynjúlfur Jónsson: „Ævisaga mín“. (Skírnir, 1914)*
*Brynjúlfur Jónsson: „Fyr og nú í Gnúpverjahreppi“. (Eimreiðin, 1907)*
*Valdimar Briem: „Æfisaga Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi“. (Árbók Hins íslenzka fornleifafélags, 1915)*






# Jarðvegssýni og jarðvegssýnaniðurstöður

**Eiríkur Loftsson**
ráðunautur, Rekstrar- og umhverfissvið
el@rml.is



**Anna Lóa Sveinsdóttir**
ráðunautur, Rekstrar- og umhverfissvið
als@rml.is



**Teknar hafa verið saman nokkrar niðurstöður úr jarðvegssýnum frá árunum 2014-2019 að báðum árum meðtöldum. Samtals er um að ræða efnagreiningar á 1.320 sýnum sem öll eru tekin með 10 cm sýnatökudýpt.**

Í meðfylgjandi töflum eru niðurstöðurnar flokkaðar eftir árum og landshlutum. Niðurstöður af Vestfjörðum fylgja Vesturlandi. Fjöldi sýna er ekki mikill og þyrftu margir bændur að hafa meiri reglu á sýnatöku.

Greina má mun milli landshluta hvað varðar einstök næringarefni. Það er þó rétt sé að fara varlega í að túlka þann mun því myndirnar með dreifingu mælinga á fosfór, kalí og sýrustigi jarðvegs sýna mikinn breytileika innan hvers landshluta.

Meðaltals gildi fyrir fosfór, kalí, kalsíum, magnesíum og natríum eru öll lægst úr sýnum af Suðurlandi. Fosfór og natríum mælist hæst í sýnum af Vesturlandi en kalsíum og magnesíum í sýnum af Norðurlandi. Sýrustig jarðvegs (pH-gildi) er að meðaltali 5,4 í öllum þessum sýnum. Á Vesturlandi mælist það lægst pH=5,2 en er að jafnaði pH=5,5 í öllum hinum landshlutunum.

Mæligildi einstakra efna sýna mikla dreifingu. Hér er myndrænt sýnd dreifing á fosfór (P) og kalí (K). Þá má einnig sjá dreifingu mælinga á sýrustigi. Á myndunum sýnir hver punktur eina mælingu. Gráa svæðið táknar það sem ætla má miðlungsgildi fyrir viðkomandi næringarefni í jarðveg. Fyrir sýrustig þekur gráa svæðið æskilegt pH-gildi til að nýting næringarefna fyrir plöntur verði nokkuð góð eða góð. Niðurstöðum er raðað á myndirnar eftir landnúmerum frá vinstri til hægri. Niðurstöður af Vesturlandi eru því lengst til vinstri en af Suðurlandi lengst til hægri. Á myndunum má greina mismun innan landshluta sem kann að vera vegna jarðvegsgerðar, staðsetningar t.a.m. fjarlægðar frá sjó og fleiri þátta.



**Sýnataka.**

*Tafla 1.* **Meðaltal helstu næringarefna milli ára**

| Ár | Fjöldi sýna | P | K | Ca | Mg | Na | PH |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 251 | 29,4 | 163,4 | 1912,4 | 396,5 | 141,2 | 5,6 |
| 2015 | 166 | 40,0 | 230,4 | 2213,1 | 472,6 | 193,1 | 5,5 |
| 2016 | 296 | 30,9 | 152,6 | 1558,3 | 339,1 | 110,2 | 5,4 |
| 2017 | 210 | 42,4 | 162,1 | 1700,3 | 371,3 | 122,2 | 5,4 |
| 2018 | 224 | 38,9 | 167,1 | 2040,6 | 403,5 | 121,1 | 5,3 |
| 2019 | 173 | 42,1 | 190,2 | 2360,4 | 518,1 | 143,7 | 5,4 |
| ALLS / Meðaltal | 1320 | 36,4 | 173,4 | 1918,4 | 406,5 | 134,8 | 5,4 |

*Tafla 2.* **Meðaltöl ára innan landshluta. Samanburður milli landshluta**

| Landshluti / Ár | Fjöldi sýna | P | K | Ca | Mg | Na | PH |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vesturland** | **388** | **47,5** | **191,1** | **2074,7** | **427,8** | **175,7** | **5,2** |
| 2014 | 78 | 38,7 | 182,1 | 2341,4 | 460,1 | 149,4 | 5,3 |
| 2015 | 65 | 50,8 | 250,6 | 2191,6 | 498,7 | 193,0 | 5,3 |
| 2016 | 99 | 42,1 | 153,9 | 1621,2 | 328,5 | 244,7 | 5,2 |
| 2017 | 72 | 53,1 | 193,4 | 1931,5 | 453,3 | 139,3 | 5,2 |
| 2018 | 34 | 68,7 | 184,1 | 2584,5 | 419,9 | 161,6 | 5,1 |
| 2019 | 40 | 44,7 | 204,3 | 2300,1 | 453,4 | 170,3 | 5,2 |
| **Norðurland** | **389** | **36,7** | **199,8** | **2633** | **581,1** | **145,6** | **5,5** |
| 2014 | 46 | 20,8 | 172,8 | 2448,2 | 557,3 | 161,4 | 5,5 |
| 2015 | 63 | 31,7 | 212,0 | 2624,0 | 529,3 | 154,7 | 5,4 |
| 2016 | 54 | 22,3 | 216,6 | 2614,3 | 643,3 | 186,4 | 5,8 |
| 2017 | 64 | 50,8 | 178,0 | 2205,3 | 468,3 | 133,2 | 5,4 |
| 2018 | 82 | 39,0 | 183,4 | 2598,6 | 556,8 | 119,0 | 5,5 |
| 2019 | 80 | 46,1 | 228,2 | 3131,1 | 707,3 | 122,5 | 5,5 |
| **Austurland** | **74** | **30,6** | **190,4** | **1997,3** | **432,8** | **108,5** | **5,5** |
| 2014 | 28 | 31,9 | 233,3 | 2466,1 | 521,9 | 92,3 | 5,8 |
| 2015 | 9 | 17,6 | 274,0 | 2137,8 | 531,7 | 116,0 | 5,8 |
| 2016 | 2 | 17,0 | 122,0 | 1458,0 | 403,0 | 122,2 | 5,3 |
| 2018 | 25 | 34,7 | 144,8 | 1494,5 | 334,9 | 83,0 | 5,1 |
| 2019 | 10 | 29,8 | 115,7 | 1869,4 | 342,1 | 102,8 | 5,2 |
| **Suðurland** | **469** | **27,8** | **134** | **1179,6** | **238,9** | **95,7** | **5,5** |
| 2014 | 99 | 25,4 | 124,6 | 1168,8 | 236,1 | 117,4 | 5,7 |
| 2015 | 29 | 41,1 | 211,7 | 1392,3 | 272,7 | 101,2 | 5,7 |
| 2016 | 141 | 26,4 | 127,3 | 1110,8 | 229,5 | 114,3 | 5,3 |
| 2017 | 74 | 24,2 | 116,9 | 1027,2 | 204,4 | 81,4 | 5,6 |
| 2018 | 83 | 27,7 | 150,2 | 1416,0 | 262,6 | 85,5 | 5,3 |
| 2019 | 43 | 35,1 | 123,7 | 1096,8 | 267,0 | 104,7 | 5,6 |
| Heildarsumma/Meðaltal: | 1320 | 36,4 | 173,4 | 1918,4 | 406,5 | 134,8 | 5,4 |

*EIGENDA- OG RÆKTENDAFÉLAG LANDNÁMSHÆNSNA (ERL)*

# Stofnstærð íslenskra landnámshænsna

**Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna (ERL) ætlar að gera tilraun til þess að komast að því hversu margir í félaginu eiga hænsni og hversu margt af þeim eru hanar eða hænur. Einnig væri gaman að vita um hænsnahópa sem standa utan félagsins. Þetta eru trúnaðarupplýsingar og verður ekki dreift annað, nema heildartölur sem út úr könnuninni koma. Með þessu má ef til vill sjá, álykta eða fá einhverjar hugmyndir um hversu stór stofn landnámshænsna er.**

Nýlega var birt ný Landsáætlun um verndun erfðaauðlinda í íslenskri náttúru og landbúnaði af hálfu Erfðanefndar landbúnaðarins (EL) fyrir árin 2019–2023. Þar er fjallað um mikilvægi þess og skuldbindingar sem við höfum á Íslandi gagnvart verndun og varðveislu á erfðaauðlindum. Landnámshænan er hluti af fánu íslensku húsdýranna og partur af því búfé sem þarf að vernda.

Landnámshænan er landkyn eða landsstofn en það er hugtak yfir t.d. búfé sem hefur aðlagast ákveðnu umhverfi, búsvæðum eða búskaparlagi um langan tíma (aldir jafnvel). Þetta er hópur dýra (stofn) sem hefur mótast löngu fyrir tíma skipulagðra kynbóta. Það sem mótaði þessa stofna er fyrst og fremst náttúruval og að bændur og aðrir sem héldu þessi dýr völdu einfaldlega ákveðna einstaklinga til ásetnings fremur en aðra. (Birna Kristín Baldursdóttir, 2019).

EIGENDA- OG RÆKTENDAFÉLAG LANDNÁMSHÆNSNA

Nýverið setti Birna Kristín Baldursdóttir, starfsmaður Erfðaauðlindaseturs Landbúnaðarháskóla Íslands, sig í samband við stjórn ERL. Hún var að kanna hvort félagið hefði í fórum sínum tölur yfir fjölda fugla í eigu félagsmanna. Skemmst er frá því að segja að mjög langt er síðan slíkt hefur verið kannað. Það er eitt af mikilvægum aðgerðum með tilliti til varðveislu þessa búfjárkyns að halda skrá yfir fjölda ræktenda og þar af leiðandi fjölda fugla innan ERL.

Í framhaldinu af þessu kviknaði mikill áhugi innan stjórnar ERL að taka sig til og athuga þessi mál. ERL fer því þess á leit við félagsmenn og aðra sem halda hænur að þeir gefi sig fram við stjórnarmenn félagsins með upplýsingar um fjölda fullorðinna hana og hæna sem þeir halda, og hvort fuglarnir séu af stofni landnámshænsna eða öðru hænsnakyni og þá hverju. Fullum trúnaði er heitið með þessar upplýsingar og ítrekar stjórn að engin nöfn eða annað verði látið öðrum í té. Eins og fram kemur hér að framan mun stjórn ERL deila heildartölum um fjölda með aðilum á borð við Erfðanefnd landbúnaðarins.



**Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna (ERL) ætlar að gera tilraun til þess að komast að því hversu margir í félaginu eiga hænsni og hversu margt af þeim eru hanar eða hænur.**

Félagsmenn og aðrir hænsnaeigendur mega endilega vera í sambandi við undirritaða í gegnum síma, tölvupóst eða Facebook-síðu félagsins.

Á Facebook: Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna (senda þar einkaskilaboð)

Valgerður Auðunsdóttir, formaður ERL: sími 896-5736 eða á valhus@uppsveitir.is

Magnús Ingimarsson, ritari ERL: 849-1445 (eftir kl. 17:00) eða á m.ingimars@gmail.com

***Upplýsingar sem gott er að fylgi:***

- Fullt nafn eigenda/ræktanda
- Fjöldi fullorðinna hæna (á vetrarfóðrum, fuglar eldri en 4 mánaða)
- Fjöldi fullorðinna hana (á vetrarfóðrum, fuglar eldri en 4 mánaða)
- Ræktar þú? ungar út og selur/dreifir ungum eða fullorðnum hænsnum?
- Af hvaða kyni eru hænurnar þínar? Landnámshænur eða annað, þá hvað?
- Í hvaða sveitarfélagi heldur þú hænur?
- Annað sem þú vilt láta koma fram?

*F.h. stjórnar ERL*
***Magnús Ingimarsson ritari***

***Heimildaskrá:***

*Birna Kristín Baldursdóttir (ritstj.) (2019). Íslenskar erfðaauðlindir. Landsáætlun um verndun erfðaauðlinda í íslenskri náttúru og landbúnaði. Reykjavík. Erfðanefnd landbúnaðarins.*

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins RML

# Tækifæri til þátttöku í mótun nýrra aðferða við náttúruvernd á landbúnaðarsvæðum

## – LOGN 2020, næstu skref verkefnisins

Sigurður Torfi Sigurðsson
verkefnisstjóri LOGN
sts@rml.is



**Landeigendur standa í dag frammi fyrir ýmiss konar áskorunum varðandi umhverfismál og náttúruvernd. Þessar áskoranir felast í því hvernig nýta skuli land og náttúruleg gæði þess á skynsaman og sjálfbæran hátt án þess að skerða lífríki og náttúruleg vistkerfi. Alls staðar í heiminum er verið að þróa aðferðafræði sem fela í sér mótvægisaðgerðir gegn hlýnun jarðar og hnignun líffræðilegs fjölbreytileika þar sem verndun og endurheimt náttúrulegra vistkerfa gegnir þar lykilhlutverki, t.d. með endurheimt gróðurs og votlendis.**

Bændur eru þarna í lykilhlutverki þar sem þeir eru víðast þeir einstaklingar sem eru stærstu landeigendurnir, en víða um heim hefur náðst umtalsverður árangur í náttúruvernd og endurheimt sem byggir á samvinnu bænda og opinberra aðila.

Verkefnið LOGN 2020 (landbúnaður og náttúruvernd) er tilraunaverkefni og beint framhald af verkefninu „Landbúnaður og náttúruvernd“ sem unnið var á sl. ári. Aðalmarkmið verkefnisins er að fá áhugasama bændur til að vinna að áætlun fyrir sína jörð og búrekstur þar sem skilgreindar verða aðgerðir sem fela í sér samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar. Jafnframt á að kanna samlegðaráhrif verkefnanna og hvaða hagrænu gildi þau hafa fyrir bændur. Verkefnin sem bændur vinna geta verið af ýmsum toga, en hver þátttakandi setur upp sína eigin verkefnisáætlun sem byggir á sérstöðu og einkennum svæðisins og þeim búrekstri sem þar er stundaður. Verkefnin geta hvort tveggja verið fyrir afmörkuð svæði á bújörðinni eða áætlun fyrir búreksturinn í heild sinni. Sem dæmi um verkefni má nefna:

- Verkefni sem snúa að samspili manns og náttúru, t.d. áætlun um búrekstur þar sem tekið verður tillit til fuglalífs eða ákveðinna vistgerða
- Ýmis verkefni tengd endurheimt og verndun vistkerfa, t.d. endurheimt votlendis, uppgræðsla rofa eða endurheimt birkiskógar
- Verkefni sem tengjast sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, t.d. nýting ræktunarlands, beitarstjórnun eða nýting annarra náttúrugæða
- Verkefni tengt rannsóknum og fræðslu, t.d. vöktun, jafningjafræðsla eða kynning á landbúnaði til almennings

Í framhaldi verður verkefnið haft til hliðsjónar og notað til að móta aðferðir til náttúruverndar á landbúnaðarsvæðum og þ.a.l. kjörinn vettvangur fyrir bændur og áhugamenn um náttúruvernd til að hafa áhrif á stefnu í landnotkunar- og náttúruverndarmálum.

Svæðið sem fókusinn er settur á að þessu sinni er Mýrar í Borgarbyggð og sunnanvert Snæfellsnes eða í næsta nágrenni við svæði sem afmarkast af tillögu að náttúruminjaskrá, merkt Mýrar – Löngufjörur. Verkefnið er unnið í samstarfi við stofnanir fyrir verndun náttúru og nýtingu auðlinda. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf. hefur umsjón með verkefninu, en það er unnið fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

### *Hugmyndafræði LOGN*

Ef rýnt er í erlend verkefni kemur í ljós að þar sem best hefur til tekist eru verkefni þar sem bændur taka virkan þátt í öllu ferli strax frá byrjun. Þarna er hugmyndin að verkefni séu byggð að miklu leyti upp á þekkingu bænda, bæði á þeirra landi og verkþekkingu, en sérfræðingar opinberra fagstofnana veita ráðleggingar og aðstoð til að ná settum markmiðum.

Sú hugmyndafræði sem LOGN verkefni byggir á er sótt í erlenda aðferðafræði sem er kallaði HNV-landbúnaður (High Nature Value). HNV-landbúnaður er hugtak sem skilgreint er í Evrópu sem sérstakt landbúnaðar-umhverfisverndarkerfi. Skilyrði fyrir HNV er að landbúnaður sé stundaður samhliða náttúruvernd og hvort tveggja styðji við hvort annað. HNV er þ.a.l. rammi um náttúruvæna búskaparhætti, landbúnaðarland og náttúruvernd. LOGN myndar þ.a.l. eins konar brú á milli bænda og fagstofnana á sviði umhverfismála og náttúrufræða.

### *LOGN 2020, helstu verkþættir*

**Vinnu- og hugarflugsfundur:**
Þessi fundur fór fram 12. mars sl. Upphaflega hafði verið boðað til hans sem staðarfundar á Hvanneyri en þegar sá í hvað stefndi vegna útbreiðslu og til að riðla ekki áætlunum verkefnisins var brugðið á það ráð að breyta fyrirkomulaginu og setja upp sem netfund í staðinn. Á fundinn mættu um 30 manns sem var framar vonum þar sem boðað var til breytinganna með mjög stuttum fyrirvara og fundarmenn sitt úr hvorri áttinni, en boðaðir voru bændur af svæðinu og sérfræðingar frá helstu fagstofnunum og félagasamtökum sem tengjast málefninu. Fundinum var skipt í þrjá hluta, þeim fyrsta kynningu á efninu, síðan var skipt upp í hópavinnu þar sem hver hópur hélt sinn fund og í lokin komu allir saman aftur og farið var yfir niðurstöður hópavinnunnar.

**Kynningar fyrir íbúa svæðisins:**
Þessar kynningar verða settar upp annars vegar með kynningarbæklingi sem sendur verður á hvert heimili á svæðinu í byrjun apríl og hins vegar með röð netfyrirlestra sem fara fram um miðjan apríl og fram í byrjun maí. Þarna verður fjallað um hugmyndafræðina sem verkefnið er byggt á, dæmi verða tekin úr erlendum verkefnum og stefnt er að því að fá aðila sem koma að þeim verkefnum til að lýsa reynslu sinni. Þarna verður einnig farið yfir náttúrulega sérstöðu svæðisins og verndargildi þess, auk þess að miðla fræðslu og praktískum upplýsingum hvernig búrekstur og náttúra getur stutt hvort annað.

Fyrirlestrunum verður streymt á netinu þannig að hægt verður að taka þátt í rauntíma og er áætlað að þeir fari að jafnaði fram á virkum dögum og hefjist klukkan eitt e.h. Þeir sem vilja taka þátt í rauntíma sækja um að taka þátt í fundunum á vefsíðu RML og fá þá í framhaldi sent fundarboð í vefpósti. Dagskrá verður síðar auglýst á vefsíðu RML, www.rml.is

**Val á þátttökubúum:**
Verið er að leita eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í verkefninu. Einnig er verið senda út auglýsingar um þátttöku en áhugasamir eru hvattir til að setja sig í samband við verkefnastjóra LOGN hjá RML

**Þátttakendur vinna verkefnin:**
Gert er ráð fyrir því að þátttakendur vinni verkefnin eftir að áætlun sem þeir sjálfir setja upp í samráði við verkefnastjóra og sérfræðinga fagstofnana sem verkefnið mun tilheyra. Bændur vinna verkefnin þ.a.l. á eigin forsendum og nýta þekkingu á aðstæðum. Í þessum verkþætti verður mikilvægt að verkefnin verði sett upp á þann veg að þau falla sem best að daglegri rútínu þess sem vinnur verkefnið. Gert er ráð fyrir að þessi verkþáttur verði unninn núna í sumar.

**Árangur metin:**
Í lok sumars verður farið yfir hvaða árangri verkefnið hefur skilað, hvort markmiðum hafi verið náð, hvort settir verkferlar hafi virkað og hvort verkefnið hafi skilað einhverjum hagrænum árangri.

**Kynningar:**
Verkefnin verða kynnt almenningi, þátttökubúin fá sérstaka kynningu hvert fyrir sig og kynnt verður ef sérstakar afurðir eða vöruþróanir hafi átt sér stað með tilstilli verkefnisins.

### *Áhugasamir hvattir til að hafa samband*

Þeir sem hafa áhuga á að fá frekari upplýsingar um LOGN verkefnið og/eða hafa áhuga að taka þátt í verkefninu eru hvattir til að hafa samband við RML. **Verkefnisstjóri LOGN er Sigurður Torfi Sigurðsson, netfang sts@rml.is, sími 516-5078 eða 776-8778.**



Af Sandsheiði á Snæfellsnesi. Mynd / HKr.

Lely Center Ísland
ZETOR VARAHLUTIR


Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Gámurinn er þarfaþing


Til leigu eða sölu:
- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Hafðu samband 568 0100
www.stolpigamar.is
Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

## GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Glæsilegur brúðarvöndur með rósum og öðru fallegu efni.
Myndir / Rósa Björk Jónsdóttir

# Fjölbreytt og skapandi nám í blómaskreytingum

**Sérstök blómaskreytingabraut er við Garðyrkjuskóla LbhÍ á Reykjum í Ölfusi, rétt við Hveragerði. Uppbygging námsins skiptist í bóklegt nám tvo vetur í skólanum og verknám sem fer fram á verknámstað, t.d. í blómaverslunum. Fjarnám er á hálfum hraða og tekur fjögur ár auk verknáms.**

Á námstímanum fá nemendur kennslu og þjálfun í öllum helstu aðferðum við meðhöndlun og notkun blóma við blómaskreytingar. Ítarlega er farið yfir form og litafræði og nemendur vinna með öll algengustu stílbrigði blómaskreytinga. Nemendur fá innsýn í rekstur blómaverslana og læra að setja fram vörur í verslunum. Auk þess er farið yfir meðferð afskorinna blóma og greina sem og pottaplöntur og meðferð þeirra.



Blómaskreytingar henta vel þeim sem eru skapandi og finnst gaman að vinna með fallegt lifandi efni.

### Blanda bóknáms og verklegra æfinga

Námið er skemmtileg blanda af bóklegum áföngum og verklegum æfingum þar sem nemendur vinna fjölbreytt verkefni undir handleiðslu sérmenntaðra blómaskreyta og sköpunargleðin fær svo sannarlega að njóta sín. Skólinn er lítill og nemendahópurinn samheldinn og þéttur, í náminu verða gjarnan til vinabönd sem halda ævina á enda.

Að námi loknu fá nemendur starfsheitið blómaskreytir eða garðyrkjufræðingur af blómaskreytingabraut. Eftir brautskráningu bjóðast margir möguleikar eins og að starfa sjálfstætt sem blómaskreytir og taka að sér fjölbreytt verkefni. Blómaskreytir getur séð um rekstur í blómabúð, annast heildsölu eða ráðgjöf til viðskiptavina ásamt útstillingum í verslunum eða í tengslum við stærri viðburði. Starfið er ákaflega fjölbreytt og blómaskreytar eru þátttakendur í stærstu viðburðum í lífi viðskiptavina sinna, svo sem stórafmælum og brúðkaupum.

### Listrænn og skapandi starfsvettvangur

Námið býður upp á möguleika á framhaldsnámi erlendis auk þátttöku í alþjóðlegum keppnum á sviði blómaskreytinga. Þetta er tilvalinn vettvangur fyrir listrænt og skapandi fólk sem hefur gaman af því að sinna handverki með lifandi efnivið. Starf blómaskreytis er áhugavert og fjölbreytt og getur veitt ýmis tækifæri í lífinu.

Við erum byrjuð að taka við skráningum fyrir næstkomandi haust, þannig að tækifærið er núna. Nánari upplýsingar um námið má finna á heimasíðu skólans, www.lbhi.is.

Nemendur og kennarar á brautinni mæla með því að fólk fylgi þeim á facebook: Blómaskreytingabraut Garðyrkjuskólinn Lbhí og á instagram: blómaskreytingabraut_lbhi.

*Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, námsbrautarstjóri blómaskreytingabrautar á Reykjum.*



Orkidea er oft kölluð drottning blómanna.

## Á FAGLEGUM NÓTUM

# Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku 2020 – Fyrsti hluti



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Hið árlega og þekkta danska fagþing nautgriparæktarinnar „Kvægkongres“ var haldið á dögunum og venju samkvæmt voru þar flutt mörg áhugaverð og framsækin erindi og þó svo að mörg þeirra lúti sér í lagi að danskri nautgriparækt eru alltaf margir fyrirlestrar sem eiga ekki síður erindi við alla þá sem stunda nautgriparækt í Evrópu.**

Að þessu sinni voru erindin alls 68 talsins í tíu ólíkum málstofum. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum af þeim fróðlegu erindum sem flutt voru í málstofunum sem fjölluðu um bústjórn og mjaltir og mjólkurgæði.

### 1. Bústjórn

Í þessari málstofu voru haldin átta ólík erindi og meðal margra góðra flutti Vibeke Fladkjær Nielsen, en hún er ráðgjafi hjá SEGES í bústjórn, afbragðs erindi um það hvernig bændur geta bætt sig sem stjórnendur á búum og átti það fyrst og fremst við um bændur með starfsfólk í vinnu. Fram kom að margir bændur eiga oft erfitt með að skipta úr því að sinna flestum verkum sjálfir og yfir í það að fela öðrum verkin þrátt fyrir að hafa ráðið starfsmann eða starfsmenn að búum sínum. Oft kvarti starfsfólk undan því að því sé í raun ofstjórnað og kallar það á margs konar vandamál. Þá eigi sumir bændur erfitt með að hlusta á tillögur frá sínu starfsfólki varðandi atriði sem etv. mættu betur fara og þá er oft ansi djúpt á hrósi fyrir vel unnin störf.

Vibeke sagði að lausnin á því sem hér er kallað ofstjórnun fælist í því að þvinga sig til að horfa yfir búskapinn úr fjarlægð líkt og að horfa yfir hann úr þyrlu. Skoða þannig hvort markmiðin með búskapnum væru rétt, hvort uppbygging vinnuskipulagsins væri til þess fallið að ná því besta út úr mannskapnum og hvort samvinnan og samstarfið á búinu væri eins og best verði á kosið.

### Mælanleg markmið

Þá gat hún þess að hvert bú ætti að setja sér skýr og mælanleg markmið svo allir, jafnt eigendur sem starfsmenn, geti fylgst með hvernig gangi og hvort búskapurinn sé á réttri leið. Þessi mælanlegu markmið geta verið af ýmsum toga og hér er ekki átt við hin algengu viðmið eins og meðalnyt, hlutfall af seldri mjólk í afurðastöð eða flokkun falla heldur mun ítarlegri markmið eins og t.d. fjölda lifandi fæddra kálfa, hlutfall júgurbólgu-tilfella, fjölda sæðinga á bak við hvert staðfest fang, fóðurgæði og fleira slíkt mætti tína til. Allt eru þetta mælanleg markmið sem hægt er að taka saman tölfræði um reglulega og amk. mánaðarlega.

### Vinnuskipulag

Hún ræddi einnig vinnuskipulagið á búunum en bú með nautgripi henta afar vel til uppsetningar á föstu vinnuskipulagi enda lúta flest verk að reglubundnum þáttum. Með því að setja upp skýrt vinnuskipulag, sem er reyndar töluverð vinna í fyrstu, verða verkin bæði léttari og skilvirkari. Stærri búin geta svo skipt upp ákveðnum föstum verkþáttum eftir vikudögum eins og t.d. ef dýralæknir kemur í forvarnarvitjun reglulega, sem er algeng þjónusta í Danmörku eða t.d. ef fangskoðanir eru gerðar reglulega.






Allir sem starfa í landbúnaði þar sem hætta er á myndun hættulegra gastegunda ættu að vera með þar til gerða gasmæla.

### Skýrar reglur

Vibeke greindi einnig frá því að bú sem koma sér upp skýrum samskipta- og umgengnisreglum virðast ná betri árangri. Þetta á t.d. við um hvað má gera í vinnutímanum og má hér nefna sem dæmi um hvort fara megi á netið í vinnunni, hvort megi reykja á vinnustaðnum o.s.frv. en einnig varðandi það hvernig fólk talar hvað við annað. Þó það virki í fyrstu frekar þunglamalegt að búa til starfsreglur sem taka á alls konar smáatriðum þá sagði hún þetta auðvelda mörgum bændum að stjórna á búum sínum sem og starfsfólkinu að sinna vinnunni sinni.

### Vinnuvernd

Annað afar gott erindi í þessari málstofu sneri að öryggi á búum en í Danmörku verða árlega mörg alvarleg og minna alvarleg slys. Þannig urðu t.d. 40 banaslys í danska landbúnaðinum á árabilinu 2012-2018 og 1.826 alvarleg vinnuslys, en skilgreining á alvarlegu vinnuslysi er að viðkomandi er þá frá vinnu í meira en þrjár vikur. Þetta erindi var flutt af Christina Edstrand, sem er vinnuverndarráðgjafi, og Kurt S. Mortensen, sem er tækni- og orkuráðunautur.

### 4% starfa í landbúnaði

Landbúnaður er stór atvinnugrein í Danmörku og kom fram í erindi Christinu að 4% starfsbærra landsmanna ynnu við landbúnað sem er um fjórðungur þess hlutfalls sem starfar í byggingariðnaði. Þrátt fyrir það mætti rekja þriðjung allra banaslysa til starfsemi í landbúnaði og er það langhæsta hlutfall allra atvinnugreina í Danmörku. Flest banaslysin verða meðal eldra fólks og helmingur banaslysanna urðu meðal fólks sem var eldra en 60 ára sagði Christina.

### Öryggisáætlun

Hún sagði að til að fyrirbyggja bæði banaslysin og hin alvarlegu slys þyrfti vitundarvakningu meðal eldra fólks á búum landsins og með því að gera öryggisáætlun fyrir búin mætti koma auga á og þar með í veg fyrir mörg slys með því að fara yfir helstu þætti sem vitað er að tengjast slysum í landbúnaði. Þetta væri í raun afar einfalt þrískipt ferli:

A. Fyrst þarf að spyrja sig að því hvað væri það versta sem gæti hugsanlega gerst

B. Næst þarf að fara yfir það hvað þurfi til, svo hið mögulega slys verði ekki

C. Síðan setja upp verkferla og vinnuskipulag sem tryggir að hættan sé lágmörkuð

### Gasmælar

Notkun á mælum, sem vara við ef brennisteinsvetni sleppur út



KVÆGKONGRES2020

við hræringu á mykju eða við útmokstur á taði, var aðal umfjöllunarefni Kurt en frá árinu 2012-2017 létust 8 í Danmörku vegna slíkra slysa og fjölmargir til viðbótar höfðu lent í alvarlegum óhöppum vegna þessa hættulega gass. Hann sagði að bændur þurfi að horfa kerfislægt á þessa slysahættu og geti lært mikið af sjávarútveginum en þar hafa oft orðið sambærileg alvarleg slys á fólki vegna gasmengunar í tönkum. Eftir að vinnureglum var breytt og gerð var krafa um notkun á gasmælum hefur náðst umtalsverður árangur í baráttunni gegn þessum slysum í sjávarútvegi. Hann mælti því með því að allir bændur myndu fjárfesta í gasmælum og þá þyrfti að staðsetja á þeim stöðum þar sem meiri hætta er talin vera á því að gas gæti sloppið út. Þá ættu allir að vera með lausa gasmæla á sér þegar verið er að hræra, en slíkir mælar hafa margsannað notagildi sitt.

*Bestu störf í heimi!*

Bændur í Danmörku hafa lengi búið við það að eiga í erfiðleikum með að finna hæft starfsfólk og það þrátt fyrir að greiða fín laun. Þannig fær t.d. bústjóri á búi í dag um 700 þúsund íslenskar krónur í laun og starfsfólk sem vinnur við hefðbundin fjósastörf fimm daga vikunnar í 40 stunda vinnuviku fá um 500 þúsund íslenskar krónur í laun.

Þrátt fyrir að launin ættu að laða að ungt fólk til starfa í landbúnaði hefur það gengið brösuglega og því setti ráðgjafarfyrirtækið SEGES af stað sérstaka úttekt á því hvernig væri hægt að gera störf í landbúnaði meira aðlaðandi, sérstaklega fyrir ungt fólk.

Þær Kirstine Simoni Faurholt og Dorthe Poulsgård Frandsen, sem báðar starfa hjá SEGES, fóru sérstaklega yfir þetta afar áhugaverða verkefni en það byggði á viðtölum við 50 aðila og úrvinnslu svargagnanna. Þessir 50 aðilar komu úr nautgripa- og svínarækt auk garðyrkju og voru starfsmenn, eigendur og búfræðinemar í þessum hópi. Niðurstöðurnar voru einkar áhugaverðar en þær stöllur drógu niðurstöðurnar saman í 17 aðskilin atriði:

1. Of fá bú leggja áherslu á að byggja upp góða ímynd en það skiptir ungt fólk oft máli að hinn verðandi vinnustaður sé aðlaðandi.
2. Oft eru atvinnuauglýsingar einungis birtar í bændablöðum og miðlum sem sérhæfa sig í landbúnaði og ná þannig ekki til allra.
3. Atvinnuauglýsingarnar eru oft illa útbúnar og snúa oft að því til hvers er ætlast af viðkomandi starfsmanni en ekki hvað viðkomandi vinnustaður geti veitt hinum komandi starfsmanni.
4. Þegar fólk fer í viðtöl hjá bændunum er of oft frekar óskýrt til hvers er ætlast af hinum verðandi starfsmanni.
5. Of oft virðast bændur vilja ráða starfsfólk til að leysa ákveðinn vanda en eru ekki beint að horfa fram á veginn með ráðningu í huga sem hluta af framtíðarsýn.
6. Þegar nýtt fólk hefur störf er oft illa staðið að kennslu og verkþjálfun.
7. Margir höfðu orð á því að það vanti hjá mörgum bændum að hlúa að vellíðan nýrra starfsmanna og fylgjast með því að þeim líði vel í vinnunni.
8. Kynningu á búinu og starfsemi búsins, helstu kennitölum og væntingum eigenda er oft ábótavant.
9. Sumum finnst störfin ekki bjóða upp á að starfsmaðurinn þroskist í starfi og geti þannig orðið hæfari til verka í framtíðinni.
10. Of fá bú leggja áherslu á endurmenntun starfsmanna eða faglega kennslu.
11. Margir stjórnendur á búum láta starfsfólk fá ábyrgð en taka samt ábyrgðina sjálfir og framkvæma jafnvel verkið ef þeir telja það ekki nógu vel eða rétt gert. Þetta dragi hratt úr áhuga starfsfólksins og dregur niður starfsviljann.
12. 12. Svarendur bentu á að eitt af vandamálunum við landbúnaðinn eru hinir breytilegu vinnutímar og helgarvinnan sem fer oft ekki saman við hefðbundið fjölskyldulíf starfsfólks.
13. Fram kom í svörum einnig að stundum létu bændur ungt fólk fá of mikla ábyrgð miðað við getu.
14. Í Danmörku er nokkuð algengt að ungt fólk taki ekki ökupróf og fyrir vikið er vinna í landbúnaði síður áhugaverð vegna landlegu búanna. Þá upplifa erlendir starfsmenn oft félagslega einangrun.
15. Margt af hinu unga fólki sem vill vinna við landbúnað sér oft ekki framtíð í landbúnaði þar sem erfitt er að fjárfesta í búskap og verða eigin herra.
16. Þegar fólk hættir störfum á búum fer starfslokaviðtal sjaldan fram. Þar með missa bændurnir af mikilvægu tækifæri til að fá innsýn inn í búskapinn og verða mögulega af ábendingum um það sem betur má fara.
17. Bændur leggja of sjaldan áherslu á að kveðja almennilega starfsfólk sem er að hætta eins og annars er þekkt í flestum fyrirtækjarekstri.

*2. Mjaltir og mjólkurgæði*

Í þessari málstofu voru haldin fimm erindi og hér verður þó aðeins gripið niður í eitt þeirra. Það erindi flutti Helge Kromann, landsráðunautur hjá SEGES, en hann hafði tekið saman hve miklum verðmætum danskir kúabændur höfðu sóað á árinu 2019 vegna slakra mjólkurgæða sumra þeirra. Danskir kúabændur fá uppbót á afurðastöðvaverðið séu mjólkurgæðin góð og því verri sem þau eru, því lægra verður afurðastöðvaverðið. Þannig fá bændur hæst verð fyrir mjólk með lægri frumutölu en 200 þúsund, en


Í einu erindanna á fagþinginu kom fram að alltof margir danskir bændur fá ekki hæsta mögulega afurðastöðvaverð fyrir mjólkina vegna einhverra mjólkurgæðamistaka.

sé frumutalan á bilinu 201-300 þúsund er dregið af verðinu allt að 2% eftir því hve léleg gæðin eru. Ef frumutalan er á bilinu 301-400 þúsund missa kúabúin 5% í viðbót af sínu afurðastöðvaverði og ef hún hoppar yfir 400 þúsund nemur frádrátturinn 10%. Sambærilegar reglur eru um líftölu en þeir sem eru með líftölu á bilinu 0-60 þúsund fá hæsta verðið og svo lækkar það koll af kolli eftir því sem mjólkurgæðin versna.

*20.000 á árskúna!*

Fram kom að alltof mörg kúabú landsins fara á mis við þessar gæðaálagsgreiðslur og eru tölurnar sláandi. Útreikningar SEGES sýna þannig að meðal þeirra búa sem eru með 50% bestu mjólkurgæðin megi þó að jafnaði bæta hag þeirra allra um 2.000 ÍKR á árskúna, með því einu að bæta mjólkurgæðin! Útreikningarnir sýndu einnig að það eru þó mörg bú sem geta bætt hag sinn mun betur og meðal þess hluta búa sem tapaði mestu vegna mjólkurgæða þá sýndu útreikningar að 25% búa landsins gætu bætt hag sinn um 6 þúsund ÍKR á árskúna ef mjólkurgæðin væru betri.

Síðasti fjórðungur kúabúanna er þó sá hópur sem tapar langmestu og sýna útreikningarnir að þessi bú gætu þó bætt sig um 20 þúsund á árskúna að meðaltali ef þau taka á mjólkurgæðamálunum! Fram kom að vegna þess hve mikil verðmæti fari í súginn hjá bændum vegna mjólkurgæða hefur SEGES nú ákveðið að koma á fót nýju ráðgjafartilboði sem snúi að því að bæta mjólkurgæðin enn frekar. Í þessu kerfi munu bændur geta farið í áskrift að ráðgjöf og með ábyrgð, þ.e. tryggingu fyrir því að ná árangri.

Í næsta Bændablaði verður haldið áfram umfjöllun um þetta áhugaverða fagþing en þess má geta að hægt er að skoða og hlaða niður öllum erindum af fagþinginu með því að fara inn á upplýsingasíðu danska landbúnaðarins www.landbrugsinfo.dk. Þar þarf svo að velja „Kvæg“ (þ.e. nautgriparækt) og þar undir „Kvægkongressen“ og þá opnast heimasíða fagþingsins þar sem hægt er að skoða öll erindin með því að smella á „Præsentationer fra kongressen 2020.”


**Ný kynslóð 100% rafmagn!**

Eigum á lager nýja kynslóð af **MultiOne EZ-7** liðléttingum sem eru **100% rafknúnir** með góða endingu á rafhlöðunni.

Frábær fjölnotavél með **1600 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.




KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

Lely Center Ísland



**STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla**

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600







GIVE ELEMENTER
PERSTRUP
SUNDSALFA

HAUGTANKAR – FÓÐURSTÆÐUR/FÓÐURSÍLÓ – STÆÐUR – STEINBITAR OG ÝMISLEGT FLEIRA ÚR FORSTEYPTUM EININGUM.
UPPLÝSINGAR: indridi.gretarsson@ks.is / 8254627

Verslunin Eyri

RML
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Niðurstöður sauðfjárskýrsluhaldsins árið 2019

**Eyþór Einarsson**
ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is



**Í þessum pistli verður farið yfir helstu niðurstöður úr afurðaskýrsluhaldi sauðfjárræktarinnar fyrir framleiðsluárið 2019.**

Í heildina er útkoman góð og niðurstöður keimlíkar því sem árið 2018 skilaði. Fleiri bú ná mjög góðum árangri og fjölgar búum á topplistunum.

### *Afurðir eftir hverja kind*

Uppgjör fyrir framleiðsluárið 2019 byggir á 329.619 ám, tveggja vetra og eldri og eru skýrsluhaldarar um 1.680 talsins. Þetta er fækkun um 19.685 fullorðnar ær miðað við uppgjörið fyrir árið 2018. Fjöldinn nú er því svipaður og hann var fyrir 10 árum síðan en árið 2009 voru skýrslufærðar ær 323.169. Flestar ær eru á skýrslum í Skagafirði (30.012), Austur-Húnavatnssýslu (29.702) og Norður-Múlasýslu (27.062).

Meðalafurðir eftir hverja á voru 27,8 kg sem er nánast sama niðurstaða og fyrir árið 2018 en þá skilaði hver ær 27,7 kg. Undanfarin 10 ár hafa afurðir verið fremur góðar og heildarniðurstaðan aðeins einu sinni farið undir 27 kg. Ef horft er á 10 ára tímabil þar á undan (2000 til 2009) þá voru kg eftir hverja á aðeins einu sinni yfir 27 kg. Mestu afurðir sem náðst hafa voru árið 2016 þegar kg eftir hverja fullorðna á voru 28,2 kg. Þá var árferði einstaklega hagfellt og fallþungi dilka meiri en nokkru sinni.

### *Niðurstöður eftir svæðum*

Afurðir eru gerðar upp í 130 fjárræktarfélögum. Stærsta félagið er fjárræktarfélag Sveinsstaðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu en í því öfluga félagi eru 42 skýrsluhaldarar og fullorðnar ær 12.206. Næststærsta félagið er sf. Tindur í Strandasýslu með 7.738 ær og 30 félaga.

Ef niðurstöður eru skoðaðar eftir sýslum þá eru það Vestur-Húnvetningar sem ná mestum afurðum eftir sínar ær. Þar skilaði meðalbúið 30,6 kg eftir hverja á. Á þessu svæði eru mörg bú sem ná miklum vænleika samhliða afar góðri frjósemi. Næst kemur Strandasýsla með 30,02 kg eftir hverja á. Keppnin hefur gjarnan staðið milli þessara tveggja héraða um mestar afurðir og Strandamenn oftar en ekki staðið efstir yfir landið en gefa nú toppsætið eftir til nágranna sinna. Almennt jukust afurðir milli ára á Suður- og Vesturlandi en döluðu á Norður- og Austurlandi og eru það væntanlega sveiflur í árferði sem þar ráða mestu um. Á mynd 1 er yfirlit yfir afurðir eftir sýslum og samanburður milli ára.

### *Gýgjarhólskot áfram á toppnum*

Þegar skoðaðar eru niðurstöður fyrir þau bú sem hafa 100 ær eða fleiri á skýrslum, þá eru það 1.027 bú sem falla í þann hóp. Efstu búin á lista yfir kg kjöts eftir hverja á sýna hvað hægt er að ná gríðarlegum afurðum eftir ærnar þar sem frjósemi er góð, mikil vaxtargeta fyrir hendi hjá lömbunum og aðstæður með þeim hætti að sú vaxtargeta er nýtt. Þetta árið eru það 4 bú sem ná meira en 40 kg eftir hverja á. Efst stendur Gýgjarhólskot í Biskupstungum með 44,2 kg. Þetta bú var einnig efst yfir landið á síðasta ári með nánast sömu útkomu. Efri-Fitjar í Fitjárdal kemur síðan næst með 41,9 kg eftir ána. Efri-Fitjar voru einnig í öðru sæti á listanum í fyrra en afurðirnar hafa þó aukist milli ára. Þá koma Kiðafell í Kjós og Bergsstaðir í Miðfirði, bæði með yfir 40 kg eftir ánna. Í töflu 1 gefur að líta lista yfir þau bú sem ná 36 kg eða meira eftir hverja á.




**Tafla 1. Bú með 100 ær eða fleiri á skýrslum, raðað eftir afurðum eftir hverja á**

| Nafn | Býli | Fjöldi áa | Kíló eftir kind | Frjósemi fædd lömb |
|---|---|---|---|---|
| Eiríkur Jónsson | Gýgjarhólskot 1 | 294 | **44,2** | 2,11 |
| Gunnar og Gréta | Efri-Fitjar | 717 | **41,9** | 2,19 |
| Bergþóra og Sigurbjörn | Kiðafell | 210 | **41,5** | 2,21 |
| Elín Anna og Ari Guðmundur | Bergsstaðir | 402 | **40,3** | 2,13 |
| Ólafur og Dagbjört | Syðri-Urriðaá | 473 | **38,7** | 2,09 |
| Elín Heiða Valsdóttir | Úthlíð | 339 | **38,1** | 2,09 |
| Inga Ragnheiður Magnúsdóttir | Svínafell 3 | 317 | **38,1** | 1,99 |
| Kjartan Sveinsson | Bræðratunga | 254 | **38,0** | 1,81 |
| Ólafur Magnússon | Sveinsstaðir | 617 | **37,8** | 2,09 |
| Smári Valsson | Torfastaðir | 120 | **37,8** | 1,96 |
| Félagsbúið Lundur | Lundur | 486 | **37,7** | 1,99 |
| Jón og Hrefna | Hóll | 185 | **37,6** | 1,98 |
| Guðrún og Sigurbjörn | Leirulækur | 168 | **37,3** | 2,13 |
| Atli Þór og Guðrún | Kot | 122 | **37,3** | 1,95 |
| Þormóður Heimisson | Syðri-Sauðadalsá | 570 | **37,2** | 2,03 |
| Böðvar Sigvaldi og Ólöf | Mýrar 2 | 567 | **37,1** | 2,03 |
| Björn og Badda | Melar 1 | 381 | **36,7** | 2,00 |
| Ólafur Stefánsson | Hrepphólar | 282 | **36,6** | 1,94 |
| Hákon og Þorbjörg | Svertingsstaðir 2 | 115 | **36,6** | 1,88 |
| Þorsteinn og Katrín | Jökulsá | 259 | **36,5** | 1,95 |
| Fjölnir Torfason | Breiðabólsst 4 - Hali | 143 | **36,5** | 2,07 |
| Ása Berglind Böðvarsdóttir | Mýrar | 285 | **36,4** | 2,02 |
| Karl Guðmundsson | Mýrar 3 | 163 | **36,4** | 2,04 |
| Þórarinn og Þórdís | Ytri-Hofdalir | 154 | **36,2** | 1,82 |
| Sveinbjörn Þór Sigurðsson | Búvellir | 108 | **36,2** | 2,08 |
| Haukur Þórhallsson | Kambsstaðir | 218 | **36,1** | 1,92 |
| Sauðá Vatnsnesi ehf. | Sauðá | 522 | **36,0** | 2,04 |
| Fremri-Gufudalur sf | Gufudalur-Fremri | 454 | **36,0** | 2,04 |
| Árni og Guðrún | Ytri-Villingadalur | 119 | **36,0** | 1,96 |




### *Frjósemi og lömb til nytja*

Afurðir eftir hverja á byggja á fjölda lamba til nytja og fallþunga lambanna. Þetta er því ekki algildur mælikvarði á útkomu saufjárbúa þar sem mismunandi framleiðslukerfi henta fyrir mismunandi bú. Sumir sjá hag sinn í því að koma með lömbin snemma til slátrunar en aðrir leggja áherslu á að bata lömbin lengur og nýta vaxtargetu þeirra að fullu. Í þessu sambandi er mikilvægt að allir leggi áherslu á að framleiða góða vöru en lömbin mega hvorki vera of holdlítil né of feit.

Eitt mikilvægasta atriði m.t.t. afkomu sauðfjárbúa, er að ná sem flestum lömbum til nytja. Frumskilyrði er að ærnar séu frjósamar en síðan eru ýmsir þættir sem hafa áhrif á lifun lambanna. Meðalfrjósemi árið 2019 var 1,83 lömb eftir ánna. Frjósemin hefur heldur potast upp á síðustu árum þó landsmeðaltalið hreyfist hægt. Meðaltalið frá árinu 2000 hefur sveiflast frá 1,80 til 1,84 lömb. Þess ber þó að halda til haga að mörg bú hafa náð þarna frábærum árangri og eru með frjósemi í kringum 2 lömb eftir ánna en það er jú ræktunartakmarkið. Hinsvegar eru búin miklu fleiri sem eiga mikil sóknarfæri í því að bæta frjósemina og hér þyrfti að nást aukinn árangur á næstu árum. Nokkur munur er á milli landsvæða í frjósemi, líkt og sést á 2. mynd. Frjósemi er að jafnaði best í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar fæddist 1,91 lamb eftir fullorðna á vorið 2019. Þá er frjósemin mjög góð í Vestur-Húnavatnssýlsu, Eyjafirði og Norður-Þingeyjarsýslu. Í Ísafjarðarsýslum, Austur-Skaftafellssýslu, Mýrarsýslu og Rangárvallasýslu er hinsvegar víða tækifæri í að bæta frjósemina og fjölga lömbum til nytja.

Til nytja eru að jafnaði 1,65 lamb eftir ána og stendur sú tala í stað á milli ára. Á 2. mynd má sjá að nytjahlutfallið er mjög breytilegt milli svæða og ekki í fullu samhengi við frjósemina sökum þess að afföll eru ekki hlutfallslega þau sömu í öllum héruðum. Í töflu 2 er listi yfir bú sem ná þeim frábæra árangri að eiga 1,90 eða fleiri lömb til nytja eftir ærnar sínar. Þarna trónir Efri-Fitja búið á toppnum með 2,08 lömb til nytja.

**Tafla 2. Bú með 100 ær eða fleiri á skýrslum, raðað eftir lömbum til nytja eftir hverja á**

| Nafn | Býli | Fjöldi áa | Frjósemi fædd lömb | Lömb til nytja |
|---|---|---|---|---|
| Gunnar og Gréta | Efri-Fitjar | 717 | 2,19 | **2,08** |
| Aðall ehf | Klaustursel | 513 | 2,18 | **2,00** |
| Fjölnir Torfason | Breiðabólsst 4 - Hali | 143 | 2,07 | **2,00** |
| Elín Anna og Ari Guðmundur | Bergsstaðir | 402 | 2,13 | **1,99** |
| Félagsbúið | Stóra-Mörk 3 | 224 | 2,01 | **1,98** |
| Halli og Ditta | Garður 1 | 432 | 2,08 | **1,96** |
| Gunnar og Matthildur | Þóroddsstaðir | 361 | 2,11 | **1,96** |
| Eiríkur Jónsson | Gýgjarhólskot 1 | 294 | 2,11 | **1,96** |
| Birgir Valdimar Hauksson | Grímsstaðir 3 | 162 | 2,11 | **1,96** |
| Pólarhestar ehf | Grýtubakki 2 | 230 | 2,18 | **1,95** |
| Guðlaugur Axel Ásólfsson | Litli-Árskógur | 200 | 2,03 | **1,95** |
| Æðarvarp ehf | Illugastaðir | 111 | 2,05 | **1,95** |
| Eysteinn og Aldís | Laufhóll | 128 | 1,95 | **1,94** |
| Viðar og Sigríður | Kaldbakur | 181 | 2,09 | **1,93** |
| Egill A Freysteinsson | Vagnbrekka | 119 | 2,06 | **1,93** |
| Björn og Badda | Melar 1 | 381 | 2,00 | **1,92** |
| Kjartan og Sigrún | Teigasel 1 | 366 | 2,02 | **1,92** |
| Ólafur og Friðrika | Bjarnastaðir | 285 | 2,04 | **1,92** |
| Bergþóra og Sigurbjörn | Kiðafell | 210 | 2,21 | **1,92** |
| Linda Björk Kjartansdóttir | Teigasel 2 | 410 | 1,97 | **1,91** |
| Félagsbúið | Baldursheimur 1 | 272 | 2,05 | **1,91** |
| Ásgeir Arngrímsson | Brekkubær | 230 | 2,07 | **1,91** |
| Jón Benediktsson | Auðnir | 227 | 2,01 | **1,91** |
| Sauðá Vatnsnesi ehf. | Sauðá | 522 | 2,04 | **1,90** |
| Ólafur og Dagbjört | Syðri-Urriðaá | 473 | 2,09 | **1,90** |
| Elín Heiða Valsdóttir | Úthlíð | 339 | 2,09 | **1,90** |
| Eiríkur og Matthildur | Arnheiðarstaðir | 330 | 1,98 | **1,90** |
| Stefán Lárus Karlsson | Ytri-Bægisá 2 | 296 | 2,02 | **1,90** |
| Þorbjörg og Óskar | Þorgrímsstaðir | 286 | 2,02 | **1,90** |
| Bergljót Þorsteinsdóttir | Halldórsstaðir 2 | 254 | 2,02 | **1,90** |
| Jóhann Frímann Þórhallsson | Brekkugerði | 250 | 2,02 | **1,90** |




### *Veturgömlu ærnar*

Veturgamlar ær eru 64.242 á skýrslum árið 2019. Meðal frjósemi þeirra er 0,92 lömb. Geldar ær voru 8.783 og síðan eru 8.806 sem ekki er haldið. Það eru því 13,7 % gemlinganna sem hleypt var til sem ekki hafa haldið. Frjósemin er svipuð á milli ára (var 0,93 árið 2018) en ánægulegt að

**Tafla 3. Bú sem hafa kjötmatsupplýsingar um 100 lömb eða fleiri, raðað eftir einkunn fyrir holdfyllingu**

| | Nafn | Býli | Fjöldi | Fallþungi | Gerð | Fita | Aldur | Vaxtarhraði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Kjartan Sveinsson | Bræðratungu | 390 | 22,1 | **12,05** | 7,85 | 165 | 135 |
| 2 | Ólafur Sindrason | Grófargili | 129 | 22,5 | **12,02** | 8,57 | 171 | 134 |
| 3 | Dagbjartur Bogi Ingimundarson | Brekku | 634 | 18,3 | **11,97** | 7,42 | 142 | 129 |
| 4 | Jón og Erna | Broddanesi 1 | 280 | 18,5 | **11,96** | 7,35 | 138 | 134 |
| 5 | Eiríkur Jónsson | Gýgjarhólskoti | 526 | 22,2 | **11,89** | 7,29 | 165 | 134 |
| 6 | Helgi og Beate | Kristnesi | 104 | 20,6 | **11,89** | 9,49 | 127 | 163 |
| 7 | Sveinbjörn Þór Sigurðsson | Búvöllum | 188 | 19,2 | **11,88** | 8,45 | 138 | 142 |
| 8 | Ásvaldur og Laufey | Stóru-Tjörnum | 168 | 19,9 | **11,79** | 8,30 | 140 | 143 |
| 9 | Ágúst Ingi Ketilsson | Brúnastöðum | 176 | 19,4 | **11,73** | 6,99 | 154 | 127 |
| 10 | Björn og Inga | Björk 2 | 279 | 19,7 | **11,68** | 7,64 | 151 | 130 |
| 11 | Ólafur og Dagbjört | Urriðaá | 890 | 19,7 | **11,67** | 7,57 | 147 | 135 |
| 12 | Björn Björnsson | Syðri-Brennihóli | 117 | 22,7 | **11,64** | 9,75 | 140 | 163 |
| 13 | Jón og Hrefna | Hóli | 308 | 20,1 | **11,61** | 7,62 | 142 | 143 |
| 14 | Elín Anna og Ari Guðmundur | Bergsstöðum | 826 | 19,8 | **11,56** | 7,27 | 134 | 149 |
| 15 | Rebbi ehf | Dalsmynni | 108 | 20,0 | **11,56** | 7,78 | 146 | 137 |
| 16 | Jökull Helgason | Ósabakka 2 | 275 | 19,5 | **11,38** | 7,11 | 161 | 122 |
| 17 | Gunnar og Gréta | Efri-Fitjum | 1469 | 19,3 | **11,37** | 6,47 | 139 | 142 |
| 18 | Bjarni Eyjólfsson | Hvoli | 477 | 18,2 | **11,31** | 7,54 | 149 | 124 |
| 19 | Aðalsteinn og Sigríður | Auðnum 1 | 173 | 20,0 | **11,29** | 7,91 | 125 | 160 |
| 20 | Árni Sigurður Þórarinsson | Hofi | 184 | 19,3 | **11,28** | 7,27 | 137 | 141 |
| 21 | Eyþór Pétursson | Baldursheimi 3 | 282 | 15,8 | **11,27** | 5,93 | 136 | 117 |
| 22 | Böðvar Sigvaldi og Ólöf | Mýrum 2 | 977 | 19,9 | **11,26** | 7,68 | 148 | 136 |
| 23 | Þráinn Ómar Sigtryggsson | Litlu-Reykjum | 462 | 17,5 | **11,23** | 7,73 | 148 | 119 |
| 24 | Kristbjörg María Bjarnadóttir | Neðri-Rauðilækur | 109 | 19,0 | **11,22** | 8,08 | 141 | 135 |
| 25 | Gaularbúið ehf. | Gaul | 389 | 18,7 | **11,20** | 7,34 | 142 | 135 |
| 26 | Haukur Þórhallsson | Kambsstöðum | 370 | 19,5 | **11,17** | 7,96 | 139 | 142 |
| 27 | Karl Þór Björnsson | Smáhömrum | 423 | 18,3 | **11,16** | 7,11 | 143 | 129 |
| 28 | Egill A Freysteinsson | Vagnbrekku | 233 | 17,1 | **11,15** | 6,89 | 127 | 136 |
| 29 | Guðrún og Þórarinn | Keldudal | 132 | 18,7 | **11,09** | 6,92 | 138 | 135 |
| 30 | Kristján og Linda | Árgerði | 319 | 18,7 | **11,06** | 7,36 | 139 | 137 |
| 31 | Félagsbúið | Brautartungu | 149 | 17,0 | **11,06** | 6,10 | 144 | 119 |
| 32 | Eyjólfur Gíslason | Hofsstöðum | 190 | 19,3 | **11,05** | 7,02 | 147 | 132 |
| 33 | Marta og Magnús | Stað | 424 | 19,3 | **11,04** | 6,77 | 127 | 154 |
| 34 | Smári Valsson | Torfastöðum 1 | 200 | 20,1 | **11,03** | 8,25 | 144 | 141 |
| 35 | Félagsbúið Ártúni | Ártúni | 117 | 20,3 | **11,03** | 7,63 | 177 | 114 |
| 36 | Þórður og Simmi | Möðruvellir 2, Hörg | 486 | 19,1 | **11,02** | 7,61 | 150 | 127 |
| 37 | Davíð Jónsson | Kjarna | 349 | 16,9 | **11,02** | 6,13 | 146 | 116 |
| 38 | Sigurgeir Jónsson | Árteigi | 189 | 17,0 | **11,02** | 6,82 | 136 | 127 |
| 39 | Birgir Þórðarson | Ríp 1 | 678 | 17,6 | **11,01** | 7,36 | 157 | 113 |
| 40 | Sigga Björk og Jói | Fit 1 | 151 | 19,8 | **11,00** | 7,64 | 162 | 122 |

sjá að hlutfall þeirra sem ekki héldu lækkar (var 15,4% árið 2018). Hér er kannski mest um vert að horfa á frjósemistöluna, því lömb sem vanin eru undir eldri ær eru ekki talin til nytja hjá veturgömlu ánum. Mestri frjósemi skiluðu veturgömlu ærnar á Bergsstöðum í Miðfirði, 1,67 lambi eftir ánna. Næst kemur Úthlíð í Skaftártungu með 1,66 lamb. Á Kiðafelli í Kjós voru afgerandi mestar afurðir eftir veturgömlu ærnar eða 29,2 kg.

**Tafla 4. Bú sem hafa kjötmatsupplýsingar um 100 lömb eða fleiri, raðað eftir vaxtarhraða sláturlamba (fallþungi g/dag)**

| | Nafn | Býli | Fjöldi | Fallþungi | Gerð | Fita | Aldur | Vaxtarhraði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Guðrún Marinósdóttir | Búrfelli | 148 | 19,3 | 10,88 | 6,44 | 118 | **165** |
| 2 | Magnús Kristjánsson | Gautsdal | 313 | 19,2 | 9,99 | 7,32 | 118 | **163** |
| 3 | Björn Björnsson | Syðri-Brennihóli | 117 | 22,7 | 11,64 | 9,75 | 140 | **163** |
| 4 | Helgi og Beate | Kristnesi | 104 | 20,6 | 11,89 | 9,49 | 127 | **163** |
| 5 | Aðalsteinn og Sigríður | Auðnum 1 | 173 | 20,0 | 11,29 | 7,91 | 125 | **160** |
| 6 | Bergþóra og Sigurbjörn | Kiðafelli | 379 | 20,5 | 10,94 | 7,43 | 131 | **159** |
| 7 | Þormóður Heimisson | Sauðadalsá | 990 | 19,6 | 10,84 | 7,20 | 126 | **158** |
| 8 | Atli Þór og Guðrún | Kot | 225 | 19,5 | 9,79 | 7,75 | 125 | **156** |
| 9 | Sigfús Vilhjálmsson | Brekku | 121 | 19,1 | 9,09 | 7,60 | 123 | **155** |
| 10 | Óskar Snæberg Gunnarsson | Dæli | 106 | 20,3 | 10,60 | 8,80 | 131 | **155** |
| 11 | Marta og Magnús | Stað | 424 | 19,3 | 11,04 | 6,77 | 127 | **154** |
| 12 | Haraldur og Hrafnhildur | Innra-Ósi | 295 | 19,2 | 10,65 | 7,42 | 125 | **154** |
| 13 | Karl Kristjánsson | Kambi | 521 | 18,3 | 10,52 | 7,14 | 120 | **153** |
| 14 | Ásvaldur og Helga Dóra | Tröð | 266 | 19,9 | 10,52 | 8,12 | 130 | **153** |
| 15 | Haraldur Guðmundsson | Stakkanesi | 421 | 18,7 | 10,26 | 6,78 | 124 | **152** |
| 16 | Jóhanna R Kristjánsdóttir | Svansvík | 398 | 19,3 | 9,790 | 7,42 | 127 | **152** |
| 17 | Hákon og Þorbjörg | Svertingsstöðum 2 | 176 | 20,4 | 10,97 | 8,04 | 137 | **151** |
| 18 | Sauðá Vatnsnesi ehf. | Sauðá | 879 | 18,6 | 10,72 | 6,61 | 125 | **150** |
| 19 | Björn og Badda | Melum 1 | 651 | 18,7 | 10,75 | 6,48 | 124 | **150** |
| 20 | Þorbjörg og Óskar | Þorgrímsstöðum | 531 | 17,3 | 9,72 | 6,07 | 117 | **150** |
| 21 | Sverrir og Karen | Gilhaga | 370 | 18,2 | 9,590 | 6,79 | 124 | **150** |
| 22 | Þórarinn og Þórdís | Ytri-Hofdölum | 242 | 20,9 | 10,55 | 7,90 | 140 | **150** |
| 23 | Jón Gústafsson | Rauðafelli | 111 | 20,4 | 10,08 | 8,59 | 136 | **150** |
| 24 | Sigurgeir F Þorsteinsson | Varmaland | 103 | 20,3 | 10,91 | 8,01 | 136 | **150** |

### *Niðurstöður fyrir flokkun sláturlamba*

Í skýrslum fjárræktarfélaganna fyrir framleiðsluárið 2019 eru upplýsingar um 491.690 sláturlömb á 1.650 búum. Meðalfallþunginn var 16,6 kg, einkunn fyrir holdfyllingu 9,11 og einkunn fyrir fitu 6,29. Þetta reynist nánast sami fallþungi og árið 2018, holdfyllingin er aðeins betri (var 9,05) og fitueinkunnin er örlítið lægri (var 6,37). Mikið hefur áunnist á síðustu áratugum í því að bæta gerð lambanna. Framfarirnar voru eðlilega hraðastar til að byrja með þegar sóknarfærið var mikið, en stökkin upp á við verða minni eftir því sem menn ná lengra. Um fjórðungur skýrsluhaldara hefur náð því marki sem sett hefur verið fram fyrir fjárstofninn í ræktunarmarkmiðum. Þar er miðað við að ná öllum lömbum í R eða hærri holdfyllingaflokk og þar af 60% í U og E. Það bú sem nær 40% lamba í R og 60% í U fær 9,8 í gerðareinkunn. Ef horft er til búa með upplýsingar um 100 sláturlömb eða fleiri, þá eru það 22,7% sem ná þessari einkunn.

Fitan er eiginleiki sem er bestur á ákveðnu bili. Til þessa hefur markmiðið verið að sem stærstur hluti framleiðslunar fari í fituflokka 2 og 3. Bú sem fær helming framleiðslunar í hvorn flokk fengi fitueinkunn upp á 6,5 sem er ögn hærra en landsmeðaltalið. Mynd 3 sýnir flokkun sláturlamba eftir sýslum og er raðað upp eftir holdfyllingareinkunn. Þyngstu lömbin voru í Strandasýslu og Eyjafirði, 17,6 kg að meðaltali. Best gerðu lömbin voru á Ströndum (holdfyllingareinkunn 9,72) en Eyjafjörður og S-Þingeyjarsýsla koma þar skammt á eftir. Þingeysku lömbin eru þó léttari sem gefur til kynna að þar sé góð eðlisgerð í fénu í þeim skilningi að þungi lambanna þarf ekki að vera mikill til að góð holdfylling náist.

### *Bú með besta holdfyllingu lamba*

Miðað við 100 sláturlömb eða fleiri eru það 40 bú sem ná þeim frábæra árangri að holdfyllingareinkunn sláturlambanna sé 11 eða hærri og eru þessi bú listuð upp í töflu 3. Þetta er talsverð fjölgun búa á milli ára í þessum ágæta félagsskap en árið 2018 náði 31 bú þessum árangri. Hæst gerðarmat var hjá Kjartani Sveinssyni í Bræðratungu í Biskupstungum með einkunnina 12,03. Næst í röðinni koma lömbin hans Ólafs Sindrasonar á Grófargili í Skagafirði en gerðareinkunn þeirra var 12,02. Þriðji í röðinni er svo Dagbjartur Bogi Ingimundarson, Brekku í Öxarfirði en sláturlambahópur hans hlaut 11,97 í gerðareinkunn.

### *Vaxtarhraði og aldur*

Vaxtarhraði er verðmætur eiginleiki. Líkt og flestir aðrir eiginleikar sem við vinnum með í ræktunarstarfinu er þetta samspil erfða og umhverfis. Meðferðin og landgæðin spila hér vissulega stórt hlutverk, en í gegnum kynbætur reynum við að auka vaxtarhraðann með því að velja fyrir aukinni mjókurlagni hjá ánum og öflugum lambafeðrum. Meðal vaxtarhraði sláturlamba samkvæmt skýrsluhaldsniðurstöðum árið 2019 er 121 g/dag í reiknuðum fallþunga og meðalaldur lambanna er 138 dagar. Í töflu 4 er búum raðað upp eftir vaxtarhraða lambanna og birtast hér þau bú sem ná 150 g/dag eða þar yfir. Sláturlömbin hjá Guðrúnu Marinósdóttur á Búrfelli í Svarfaðardal uxu hvað hraðast sé miðað við bú með 100 sláturlömb eða fleiri, en þau þyngdust um 165 g/dag. Þar á eftir koma þrjú bú með vaxtarhraða slátraðra lamba upp á 163 g/dag en það eru Gautsdalur í Reykhólasveit og Syðri-Brennihóll og Kristnes í Eyjafirði.

### *Að lokum*

Hér hefur verið tæpt á helstu niðurstöðum úr skýrsluhaldinu og birtir listar yfir bú sem skara fram úr fyrir ákveðna eiginleika. Ónefnd eru hér minni búin sem mörg hver skila glæsilegum niðurstöðum en vísað er í lista á veraldarvefnum þar sem þeim er gerð skil. Slíkir listar skapa viðmið og eru vonandi hvatning til bænda að gera betur. Talsverður breytileiki finnst í þessum gögnum og margir sem eiga mikil sóknarfæri í því að ná meiri og betri afurðum eftir ærnar. Mesta kúnstin er að ná öllum eiginleikum góðum. Bú sem standast ákveðnar lágmarkskröfur í nokkrum skilgreindum eiginleikum hafa á síðustu árum verið sett inn á lista yfir „úrvalsbú“. Þann lista og ítarlegri niðurstöður fyrir sauðfjárskýrsluhaldið síðustu árin má sjá inn á www.rml.is.

# Samkaup skora á ráðherra að auka grænmetisræktun á Íslandi

**Samkaup hefur skorað á Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að auka grænmetisræktun á Íslandi. Það var gert með bréfi til ráðherrans sunnudaginn 19. mars. Þar kemur fram að veigamikil rök séu fyrir því að grípa þurfi til aðgerða til að styrkja undirstöður fæðuöryggis landsmanna.**

Í bréfinu er hvatt til þess að ýtt verði undir innlenda grænmetisframleiðslu með opinberum ráðstöfunum vegna þess að framleiðsla á heimsvísu kunni að dragast saman vegna þess að framleiðendur ytra eigi erfitt með að starfrækja fyrirtæki sín á fullum afköstum. Áhrifa sé þegar farið að gæta og verðhækkanir séu í kortunum. Mestu skipti að hægt verði að tryggja aukna framleiðslu innanlands.



**Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa.**

Með markvissum aðgerðum til stuðnings grænmetisbændum væri hægt að stórauka framboð íslenskrar grænmetisframleiðslu.

### *Framleiðsluhvetjandi aðgerðir*

„Stjórnvöld geta hvatt til þess að innlend grænmetisframleiðsla verði aukin og fylgt því eftir með hagrænum hvötum og stuðningsaðgerðum. Þær einstöku aðstæður sem við er að glíma um þessar mundir kalla á að gripið sé til framleiðsluhvetjandi aðgerða eins og til að mynda niðurgreiðslna á raforkuverði til grænmetisbænda, aukinna beingreiðslna eða sölutrygginga af einhverju tagi. Samkaup beina því til ráðherra að stjórnvöld og aðrir opinberir aðilar geri sitt til þess að innlendir framleiðendur geti sem best annað spurn eftir grænmeti á Íslandi,“ segir í bréfinu.

Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa, segir að ekki hafi borist nein viðbrögð frá ráðherra, önnur en þau að hann hafi tekið málið upp á ríkisstjórnarfundi sama dag og bréfið var sent.

Samkaup reka 61 verslun á landinu, frá lágvöruverðsverslunum til þægindaverslana; meðal annars Nettó, Krambúðina, Háskólabúðina, Iceland og Samkaup strax. */smh*



**Samkaup beina því til ráðherra að stjórnvöld og aðrir opinberir aðilar geri sitt til þess að innlendr framleiðendur geti sem best annað spurn eftir grænmeti á Íslandi**


Lely Center Ísland

PICHON HAUGHRÆRUR



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

SIL-ALL 4x4+

MEIRA FÓÐUR, LYSTUGRA FÓÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

axcool gold

LYSTUGT FÓÐUR, ÖRUGGT FÓÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

SIL-ALL HAY+

ÞURRT EN ÖRUGGT FÓÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

VÉLABÁSINN

# KIA e-Soul Style rafmagnsbíll með 7 ára ábyrgð



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Kunningi minn hafði samband við mig og spurði hvort ég væri búinn að prófa nýja KIA e-Soul rafmagnsbílinn. Ég svaraði því til að mér hefði alltaf fundist hann svo ljótur og að það hefði verið aðalástæðan að ég hefði aldrei prófað KIA Soul. Hann svaraði að bragði að ég skyldi prófa bílinn þó að mér líki ekki útlitið og hann væri viss um að álit mitt myndi breytast eftir prufuaksturinn.**

Ég fékk bílinn hjá Öskju í nýja KIA húsinu um síðustu helgi til prufuaksturs.

*Hörkukraftur og snerpa frábær*

KIA e-Soul Style gengur eingöngu fyrir rafmagni, er með 204 hestafla vél sem á að skila bílnum 452 km við bestu aðstæður. Rafhlaðan er 64 kWh og er bíllinn sjálfskiptur með drif á framhjólunum. Kraftinum er hægt að stýra, eco eyðir minnstu rafmagni, normal þá er bíllinn sprækur og lipur í akstri og svo er það sport sem er næstum of mikill kraftur.

Snerpan er mjög góð (gefin upp að ná i 100 km hraða á 7,9 sek.). Hægt er að fá KIA e-Soul Style í 14 mismunandi litasamsetningum. Eins og alla aðra bíla sem ég prófa þá mæli ég hávaðann inni í bílnum á sama vegi og á sama hraða, en mælingin á þessum bíl var 71,5 db.

*Prufuaksturinn kom heldur betur á óvart*

Ég er vanur að keyra prufubíla að lágmarki 100 km, en sökum tímaskorts ók ég þessum bíl ekki nema 78,5 km, en mín eyðsla af rafmagni á þessum kílómetrum var sem samsvarar 115 km akstri (þegar ég byrjaði aksturinn sagði mælaborðið að ég kæmist 323 km, en þegar ég skilaði bílnum var sú tala komin í 208 km, en ég var með hita á stýrinu, miðstöðina í botni, ljósin kveikt og sí og æ að prófa snerpuna í bílnum sem er líklegasta ástæðan fyrir mikilli rafmagnseyðslu).

Í bílnum er akreinalesari sem virkar mjög vel, svo vel að þegar ég ók Bláfjallaveginn sleppti ég stýrinu og lét akreinalesarann stýra sem tókst ágætlega fyrir utan að mér leið ekki vel að treysta þessari tækni.

Mesta undrun mín var þegar ég ók malarveginn með Hafravatni sem er einstaklega holóttur, en þessi bíll er einfaldlega með frábæra fjöðrun sem hreinlega át holurnar og bíllinn haggaðist ekki þarna á drullugum og holóttum veginum. Að loknum drulluakstrinum furðaði ég mig á því hversu bíllinn sóðaði sjálfan sig lítið út þarna á drullugum malarveginum.

*Hlaðin öryggisbúnaði, en samt ódýr*

KIA e-Soul Style kostar 5.690.777 og er með 7 ára ábyrgð (eins og allir aðrir KIA bílar). Í bílnum er mikið af öryggisbúnaði s.s. FCA árekstrarvari, blindhornsvari, fjarlægðarskynjarar framan og aftan. Hljómgæði í útvarpi góð, GPS leiðsögukerfi, þráðlaus hleðsla fyrir síma, 10,25 tommu upplýsingaskjár, hiti í stýri, framsætum og aftursætum (fannst mjög gott að sitja bæði aftur í bílnum og fram í).

Ókostir eru ekki margir, ekkert varadekk, ekki má setja á bílinn dráttarkúlu til að draga kerru, en ég verð að endurskoða hug minn til KIA Soul eftir þennan prufuakstur, allavega var allt við bílinn í andstöðu við hug minn út frá útlitinu. Einfaldlega frábær bíll sem gott er að keyra jafnt á malbiki og á malarvegi.




KIA e-Soul Style. Myndir / HLJ



Sætin góð en sérstaklega var ég hrifinn af höfuðpúðanum.



Ekkert varadekk en rafmagnspumpa og vökvi í staðinn.



Hliðarspeglar stórir og góðir.



Fjöðrunin fór létt með þessar holur og enn stærri holur.




Miðað við drulluna á malarveginum hélt ég að bíllinn myndi verða verr útlítandi en þetta.




Hef séð lægri tölu í rafmagnsbíl, en á vetrardekkjum og í vindi er þetta gott.

## Helstu mál og upplýsingar

| | |
|---|---|
| Lengd | 4.195 mm |
| Hæð | 1.605 mm |
| Breidd | 1.800 mm |

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Getur verið að þetta sé satt?

## – Stundum verður að skrifa um málefni sem maður vill ekki skrifa um

**Hjörtur L. Jónsson**
liklegur@internet.is



**Í síðasta pistli taldi ég mig knúinn til að fjalla aðeins um COVID-19 sem ég gerði, vitandi það að ég er enginn fræðimaður og veit ekkert um læknisfræði, smitsjúkdóma og smitleiðir. Frekar hefði ég viljað skrifa um hluti sem ég tel mig hafa aðeins meira vit á, svo sem vélar og tæki.**

Í ljósi allrar umræðu tel ég mig samt knúinn til að halda áfram skrifum um þennan vírus sem allir hafa skoðun á.



Ingunn Björnsdóttir.




Tafla yfir lyfjanotkun í evrópskum landbúnaði.

### *Rannsaka allar hugsanlegar smitleiðir og hegðun vírussins*

Í síðasta pistli á þessari síðu opnaði ég umræðuna með þessum orðum:

„Fyrir mér er þessi veira lýsandi dæmi um hættuna sem getur skapast við óheftan innflutning á fersku kjöti. COVID-19 kemur með ferðamönnum erlendis frá og ekkert getur stoppað hana, hins vegar er verið að reyna að hægja á henni með ýmsum höftum.

Í áraraðir hefur innflutningur á kjöti verið takmörkum háð og ekki enn komnar umgangspestir við þann innflutning.“

Á fréttamiðlum hefur fólk töluvert verið að deila tveim myndum í samlíkingu við dauðsföll og sýkta einstaklinga af COVID-19 í mismunandi löndum.




Dauðsföll 2015 í Evrópu af völdum sýklaónæmis.

### *Myndirnar tvær*

Myndirnar eru annars vegar af notkun sýklalyfja í landbúnaði í Evrópu (sá þessa mynd fyrst á Facebook-síðu Haraldar Ben., fyrrum formanns Bændasamtakanna, fyrir nokkrum árum). Á þessari mynd má glögglega sjá að Ísland og Noregur bera af í lítilli notkun lyfja, en á botninum eru Ítalía og Spánn. Í Noregi og á Íslandi er enn sem komið er ekki mikil dánartíðni af sýktum einstaklingum, en aftur á móti er dánartíðnin mjög há á Ítalíu og Spáni.

Hin myndin sýnir dánartíðni fólks árið 2015 vegna fjölónæmra baktería í Evrópulöndum. Getur verið að hér sé fylgni við dánartíðni vegna COVID-19? Þar sem ég veit nánast ekkert um lyf og læknisfræði leitaði ég til frænku minnar um svör. Ingunn Björnsdóttir er bóndadóttir úr Kelduhverfinu, sprenglærð í lyfjafræði og starfar sem dósent í lyfjafræði við Óslóarháskóla. Gefum Ingunni orðið:

„Fyrri myndin sýnir ágætlega hvaða lönd leitast við að lágmarka sýklalyfjanotkun við matvælaframleiðslu og hvaða lönd láta alla slíka viðleitni lönd og leið. Sú seinni sýnir fjölda dauðsfalla vegna sýklalyfjaónæmis, sem áætla má að hafi orðið í ýmsum Evrópulöndum árið 2015. Rétt er hér að skoða tölurnar út frá fólksfjölda í löndunum. Til dæmis mætti umreikna gróft í dauðsföll á hverja milljón íbúa. Þá væru dauðsföllin 3 á Íslandi, 13 í Noregi en sirka 175 á Ítalíu. Áhugasamir geta haldið áfram með reikningsdæmið fyrir öll löndin.“

### *Íslenskar og norskar landbúnaðarvörur í sérflokki*

„Vitað er að ónæmi baktería helst í hendur við sýklalyfjanotkun, þannig að mikil notkun eykur til muna hættu á ónæmi. Og vitað er að þarna þarf að taka með í reikninginn bæði það sem læknar ávísa á lyfseðla og það sem notað er í landbúnaði. Nýlega kom í ljós í kínverskri rannsókn að helmingur þeirra sem létust höfðu á ákveðnum spítala á ákveðnu tímabili af nýju kórónuveirunni hafði bakteríusýkingar ofan í veirusýkinguna, en einungis eitt prósent þeirra sem lögst höfðu inn á sjúkrahús vegna veirunnar en lifað hana af og verið útskrifaðir. Af þessu má ljóst vera að nú er mikilvægt að lágmarka hættu á því að fá í sig ónæmar bakteríur, sem og lágmarka hættu á að ónæmi myndist í bakteríum. Íslenskar og norskar landbúnaðarafurðir eru í sérflokki varðandi þetta, og því góð ástæða til að hvetja til þess í báðum löndunum að halda sig við landbúnaðarafurðir sem framleiddar eru innanlands.

Að lokum vil ég minna á mikilvægi þess matvælaöryggis sem felst í innanlandsframleiðslunni, nú þegar ljóst má verða að alls kyns truflanir verða á bæði framleiðslu og flutningum á hinum ýmsu vörum.“







# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði






## LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR





# Ásólfsstaðir 1

**Á Ásólfsstöðum hefur sama ætt búið síðan 1846.**

Fram til ársins 1962 var þar hefðbundinn sauðfjár- og kúabúskapur og hótel um nokkurra áratuga skeið, en eftir að Skógræktin keypti hluta jarðarinnar, og restinni var skipt upp í tvö lögbýli, er sauðfjárbúskap hætt.

Síðan hefur hver kynslóð reynt sig við ýmiss konar búskap, allt eftir tíðaranda og áhuga hverju sinni.

**Býli:** Ásólfsstaðir 1.

**Staðsett í sveit:** Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

**Ábúendur:** Jóhannes Hlynur Sigurðsson, Marie Louise Fogh Schougaard.

Sigurður Páll Ásólfsson, faðir Jóhannesar, býr í gamla bænum sem byggður var sem hótel á sínum tíma.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Jóhannes og Marie eiga þrjú börn; þau Jónas Ásólf, 20 ára, Önnu Birtu, 17 ára og Ástríði Sólveigu, 10 ára.

Tvö gæludýr; hundurinn Bassi og fjósakötturinn Ólafur.

**Stærð jarðar?** Um 100 hektarar.

**Gerð bús?** Holdanautgripir og hross og ferðaþjónusta á sumrin.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 20 holdakýr og þar af leiðandi um 60 nautgipir á fóðrum og 12 hross.



Hestamennskan er í uppáhaldi.



Gamli bærinn þar sem Sigurður býr.



**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Það er farið á fætur um 06.30, yngsta barninu komið í skólabíl, húsfreyjan ekur til sinnar vinnu og bóndinn gefur skepnunum áður en hann fer sjálfur til vinnu. Eldri börnin eru að heiman við nám í miðri viku. Þegar vinnuskyldunni lýkur um fimm leytið er farið í gegningar og útreiðar ef veður leyfir. Yfir sumartímann lengjast dagarnir til muna, en þá þarf að þrífa gestahús, þvo og ganga frá þvotti og sjá um tjaldssvæðið í Þjórsárdal með öllu því sem tilheyrir.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Bóndanum og bóndasyninum finnst heyskapur á góðviðrisdögum skemmtilegastur, en húsfreyjunni, dætrunum og tengdaföður húsfreyjunnar þykir hestamennskan taka öðru fram. Leiðinlegast er að missa skepnur úr slysum eða veikindum.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Sennilega með svipuðu sniði, vonandi með meiri afurðir og enn betri hross.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara?** Íslenskar búvörur framleiddar í ómengaðri náttúru ættu að höfða til margra í þéttbýlli og mengaðri veröld.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk og ostur.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Grilluð nautasteik.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar kvígurnar ásamt þarfanauti fældust flugelda eitt gamlárskvöld og týndust útí skógi.

## MATARKRÓKURINN

# Páskalamb og fiskur á pönnu



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

**Það er mikil hefð fyrir páskalambinu og ætti fólk ekki að vera feimið að grafa út grillið úr geymslunni og fá forsmekkinn af vorinu og bjartari tíma sem eru fram undan. Hér er líka fiskuppskrift, með þorski eða ýsu, sem er hægt að elda á auðveldan hátt með grænmeti og setja allt á eina pönnu til að spara uppvaskið.**





### Steikt lambafile með brúnuðu kryddsmjöri, mjúkri kartöflumús

**Fyrir 4**

- 800 g lambafile
- 4 greinar timjan
- 4 stk. hvítlauksgeirar
- 3 stilkar rósmarín

Hitið pönnu rjúkandi heita. Bætið olíunni út á og steikið kjötið. Bætið við timjan.

Setjið inn í ofn og bakið við 100 gráður þar til kjarnhiti nær 58 gráðum.

### Brúnað kryddsmjör

- 4 msk. smjör
- 3 msk.ólífuolía
- 3 msk. maldon salt
- 2 msk. svartur pipar heill
- 400 g smjör
- 1 stk. chili
- ½ búnt graslaukur
- ½ búnt steinselja
- 2 msk. ferskt engifer
- 4 stk. hvítlauksgeirar
- 2 msk. sérríedik
- 2 msk. sojasósa

Setjið smjörið í pott og látið á helluna við miðlungsháan hita. Þegar smjörið fer að freyða, hrærið þá með písk og takið af hellunni, smjörið ætti þá að gefa frá sér hnetukeim og vera ljósbrúnt að lit. Skerið niður chilið, graslaukinn, steinseljuna, engiferið og hvítlaukinn í smá bita. Blandið við smjörið og bragðbætið með sojasósunni og sérríedikinu, sjávarsalti og svörtum pipar úr kvörn.

### Heilsteikt lambalæri og villisveppasósa

- 1 lambalæri
- 7 hvítlauksgeirar
- 1/4 búnt timjan

Leggið lærið í marineringu í 1 dl ólífuolíu ½ búnt timjan, ½ búnt rósmarín og hvítlauk, kraminn undir hnífsoddi.

Látið marinerast yfir nótt í kæliskáp. Stráið yfir lærið salti 10 mínútum fyrir ofnbökun þannig að allir hlutar lærisins fá hóflega áferð af salti. Setjið lærið inn í 180 gráðu heitan ofn í 10–15 mín. og bætið svo vatni í ofnskúffuna til að fá kraft í sósuna. Lækkið niður í 110 gráður til að kjötið fái væga ofnbökun í 45–60 mínútur. Setjið kjötið undir grillið í 5 mínútur og látið svo kjötið jafna sig í 10 mínútur við stofuhita fyrir skurð. Miðlungs steik er 60 gráður í kjarnhita eftir að kjötið hefur hvílt.



### Villisveppasósa

- 100 g blandaðir villisveppir
- ½ dl vín að eigin vali
- ½ l rjómi
- 50 g smjör

Steikið sveppina í 50 g af smjöri, kryddið með salti og pipar. Bætið víni yfir og sjóðið í 1 mín. Sigtið þá lambasoðið af lærinu yfir og bætið rjómanum yfir. Sjóðið í nokkrar mínútur eða þar til sósan nær hæfilegri þykkt. Einnig er hægt að þykkja með maizena ef sósan er of þunn.

### Koníaks- og grænpiparsósa

- 2 skallotlaukar
- 150 g sveppir niðursneiddir
- 2 msk. grænpipar í legi
- 250 g koníak (eða brandí)
- 1 peli rjómi
- 1 msk. nautakraftur
- 2 msk. steinselja, fínt söxuð
- maizena
- 200 ml vatn

Svitið laukinn ásamt sveppunum í potti, bætið grænpipar út í og því næst koníakinu. Leyft að sjóða þar til vökvinn hefur minnkað um helming. Þá er vatni, nautakrafti og rjóma bætt út í. Leyft að sjóða í 5 mínútur og þykkt eftir smekk með maizena og smakkað til með salti og pipar. Að síðustu er steinseljunni stráð yfir.

### Hrátt grænmeti og fiskur á pönnu

- 1 kg ýsa eða þorskur, skorin í hæfilega bita
- 1 laukur
- 4 gulrætur
- ½ blómkálshaus
- 1 brokkolíhaus
- 1 stk. sítróna
- 100 ml ólífuolía
- Salt og svartur pipar

Raðið fiskstykkjunum í smurt eldfast mót eða pönnu og kryddið.

Léttsteikið niðurskorið grænmetið og dreifið því yfir fiskinn.

Blandið saman sítrónusafa og -berki ásamt ólífuolíunni, hellið svo yfir fisk og grænmeti og bakið við 180 gráður í 10 mínútur.

Gott með salati.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Stórir draumar

**Heklað barnateppi úr Drops Sky. Teppið er heklað með gatamynstri og púfflykkjum sem gefa skemmtilega áferð. Drops Sky er ótrúlega létt garn og lungamjúkt. Mynstrið kemur svo sérstaklega fallega út í Sky þar sem það er hreyfing í öllum litum garnsins.**

Vona að ykkur líki jafn vel við þetta teppi og okkur.

*Heklkveðjur mæðgurnar*
*í Handverkskúnst*
*Elín & Guðrún María.*



**Stærðir:** 47-52 cm (66-80 cm)

**Garn:** Drops Sky, fæst á Garn.is

Ljósbeige nr. 03, 150 (200) g

**Heklunál:** 4,5 mm

**Heklfesta:** 16 stuðlar = 10 cm

**Útskýring á púfflykkju:**

Athugið að þegar hekluð er púfflykkja er mikilvægt er að hekla í loftlykkjuna en ekki fara undir hana. *Sláið bandinu upp á nálina, stingið nálinni í loftlykjuna, sláið bandinu upp á og dragið í gegnum loftlykkjuna, dragið báða uppslættina vel upp (ca. 2 cm hæð)*, heklið frá * að * alls 5 sinnum, sláið bandinu upp á nálina og dragið bandið í gegnum allar lykkjurnar sem eru á nálinni.

**Uppskriftin:**

Teppið er heklað fram og til baka.

Fitjið upp 77 (107) loftlykkjur, heklið 1 stuðul í 4.






loftlykkju frá nálinni (= 2 stuðlar), heklið 1 stuðul í hverja loftlykkju. = 75 (105) stuðlar.

**Heklið nú eftir mynsturteikningunni þannig:** Heklið A.1 yfir fyrstu 2 lykkjurnar, A.2 yfir næstu 66 (96) lykkjur (= 11 (16) mynsturendurtekningar), heklið A.3 yfir síðustu 7 lykkjurnar.

Munið að passa upp á heklfestuna.

Þegar mynsturteikningin hefur verið hekluð 1 sinnum á hæðina er hún mynstrið endurtekið frá þeirri umferð sem örin bendir á (fyrstu umferð teikningarinnar er sleppt) þar til stykkið mælist ca. 51 (79) cm – stillið mynstrið þannig af að síðasta umferðin sé ekki umferð með púfflykkjum.

Klárið teppið með því að hekla eina umferð af stuðlum í hverja lykkju (hvort sem það sé stuðull eða loftlykkja). Stykkið ætti þá að mælast ca. 52 (80) cm.

Slítið frá og gangið frá endum.

Athugið að verslunin er flutt í Hraunbæ 102a, var áður til húsa í Hraunbæ 102b.



Drops garn á Drops verði
...og mörg hundruð fríar uppskriftir með því
Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

ELKA Softshell jakki með vatnsvörn



• Vind- og vatnsþéttur
• 3 vasar með rennilásum
• Riflás við úlnlið
• Stillanlegur í mitti

Efni: 100% pólýester
Vatnsvörn: mm H2O:> 8.000 mm
Öndun: 800 g/m²/24klst.
Stærðir: XS - 5XL

Verð kr. 6.900,-

KH VINNUFÖT
KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 7 | | | 6 | | | 4 |
| | 8 | | 4 | 9 | | | 7 | 5 |
| 6 | 5 | | | | 2 | 1 | | |
| 1 | 4 | | | | 7 | | 6 | 8 |
| | | 8 | | 4 | | 3 | | |
| 9 | 6 | | 5 | | | | 4 | 2 |
| | | 9 | 3 | | | | 2 | 7 |
| 5 | 3 | | | 8 | 1 | | 9 | |
| 8 | | | 9 | | | 5 | | 3 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 2 | 1 | | | 8 |
| | | 6 | | | 9 | 3 | | |
| 1 | 9 | 2 | | | | 6 | 4 | 7 |
| | | 9 | | | 5 | | | 2 |
| | 7 | | 4 | | 6 | | 1 | |
| 8 | | | 3 | | | 7 | | |
| 9 | 4 | 7 | | | | 1 | 8 | 5 |
| | | 5 | 8 | | | 4 | | |
| 6 | | | 9 | 5 | | | | 3 |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | | | 3 | 8 |
| 4 | | | | | | | | 6 |
| | 8 | | 3 | | 2 | | 7 | |
| | | 4 | 6 | 1 | 9 | 8 | | |
| | | | | | | | | |
| | | 7 | 2 | 4 | 5 | 3 | | |
| | 9 | | 7 | | 8 | | 1 | |
| 7 | | | | | | | | 3 |
| 5 | 3 | | | | | | 6 | 9 |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | | | |
| | 1 | 6 | | | | | | 9 |
| | | 5 | | 9 | 2 | | | |
| | 7 | | | 4 | | 9 | | |
| | 8 | | 9 | | 7 | | 4 | |
| | | 1 | | 6 | | | 3 | |
| | | | 2 | 8 | | 4 | | |
| 8 | | | | | | 1 | 6 | |
| | | | | | 3 | | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Grillað kjöt best

**Jón Trausti býr á Ytra-Vatni í Skagafirði ásamt foreldrum sínum og systkinum.**

**Nafn:** Jón Trausti Sigurðsson.

**Aldur:** 9 ára að verða 10.

**Stjörnumerki:** Tvíburi.

**Búseta:** Ytra-Vatn.

**Skóli:** Varmahlíðarskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Útivist, myndmennt og íþróttir.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Grillað kjöt.

**Uppáhaldshljómsveit:** Stuðmenn.

**Uppáhaldskvikmynd:** Happy Gilmore.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fótbolta og körfubolta.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Körfuboltamaður.



**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Að fara í rennibrautagarðinn í Portúgal.

**Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í sumar?** Spila fótbolta og körfubolta.

**Næst »** Jón Trausti skorar á Rakel Sonju Ámundadóttur að svara næst.

LESENDABÁS

# Nú er tíminn til að efla innlenda matvælaframleiðslu

**Sjúkdómar og faraldrar hafa hrjáð mannkynið um aldir. Með tilkomu lyfja, auknu hreinlæti og betri heilbrigðisþjónustu höfum við náð að bæta almennt heilbrigði. Á móti kemur að ferðalög heimshorna á milli er nú á færi stórs hluta mannskyns.**

Útbreiðsla smitsjúkdóma hringinn í kringum veröldina getur því gerst á undra skömmum tíma.



Karl Gauti Hjaltason.

***Tímamót***

Heimurinn stendur á tímamótum, nú þegar ný tegund veiru herjar á. Þótt veiran sé skæð sýnist hún ekki eins illvíg og margar þær sem mannkynið hefur áður þurft að takast á við. En nú ber nýrra við, því hraði útbreiðslunnar er með áður óþekktum hætti. Öflug efnahagskerfi veraldar riða nánast samtímis til falls og enginn veit hver áhrifin verða til lengri tíma. Viðbúið er að veröldin muni líta öðruvísi út þegar þessum faraldri linnir. Hver hefði búist við því að ferðafrelsi yrði heft með þeim hætti sem flest lönd hafa tekið upp? Og það í lýðræðisþjóðfélögum nútímans.

***Fæðuöryggi***

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn sem ég lagði fram fyrr í vetur um þjóðaröryggi og fæðuöryggi kom fram að ekki liggur fyrir sérstök viðbragðsáætlun ef flutningsleiðir til landsins lokast skyndilega eða teppast. Maður skyldi ætla að stjórnvöld hefðu skoðað þennan möguleika, ekki síst eftir reynslu síðustu ára. Það hefur gerst að minnsta kosti þrisvar sinnum á síðustu árum að slík staða var ekki fjarlægur möguleiki, fyrst vegna heimsfaraldurs inflúensu 2008, síðan vegna hrunsins og loks vegna Eyjafjallagossins. Allir þessir atburðir gátu, ef allt færi á versta veg, valdið vöruskorti hér á landi, um lengri eða skemmri tíma.

***Eldsneyti til tveggja vikna***

Í fyrirspurninni spurði ég sérstaklega um matvæli, eldsneyti og lyfjabirgðir. Þrátt fyrir að vera matvælaframleiðsluþjóð, er augljóst að til að afla hráefna til þeirrar framleiðslu þarf eldsneyti, ella stöðvast mest öll framleiðsla þeirra vara. Í svari ráðherra kom fram að birgðir eldsneytis í landinu geta minnst verið til tveggja vikna.

***Matvæli, eldsneyti og lyf***

Þjóð, sem býr lengst úti í hafi, getur ekki leyft sér að vera vanbúin að þessu leyti, við getum ekki bara yppt öxlum og treyst á tíðar skipakomur og að innflutningur matvæla sé ætíð tryggur. Nú er rétti tíminn til að styrkja stoðir innlendrar matvælaframleiðslu, skjóta tryggum stoðum undir framleiðslu mjólkur, kjöts og eggja í landbúnaði og stórefla grænmetisræktun. Við búum svo vel að hafa aðgang að nægri raforku og höfum alla burði til að vera sem mest sjálfum okkur næg um matvæli.

***Loftslagsáhrif flutninga***

Um leið og íslensk matvælaframleiðsla væri efld sparast langir flutningar með vörur landa og heimsálfa á milli. Áhrif umsvifa mannsins á umhverfi sitt, ekki hvað síst á loftslag, er flestum mikið áhyggjuefni. Ef vörur eru framleiddar sem næst neytandanum væri unnt að minnka þá mengun sem er tilkomin vegna flutninga með matvæli sem unnt er að rækta eða vinna innanlands.

***Framleiðum okkar matvæli innanlands***

Ástandið nú vegna veirufaraldursins ætti að kenna okkur að við þurfum að geta brauðfætt okkur af því sem unnt er að framleiða hér innanlands. Landbúnaðarframleiðsla okkar á undir högg að sækja fyrir margra hluta sakir, hún getur illa keppt við oft niðurgreiddar og verksmiðjuframleiddar vörur stórþjóðanna. Holl, hrein og örugg vara íslenskra bænda er dýrari en kjötmeti framleitt með aðstoð sýklalyfja við óheilbrigðar aðstæður. Sláum tvær flugur í einu höggi, minnkum kolefnisfótspor okkar og eflum í leiðinni íslenska framleiðslu, sem er gjaldeyrissparandi og viðheldur þekkingu á framleiðsluaðferðum hér innanlands.

***Karl Gauti Hjaltason***
*Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi*
*kgauti@althingi.is*

Lely Center Ísland



ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Kemur næst út 22. apríl



Mynd / Odd Stefan

# Innlend matvæli aldrei mikilvægari

**Ísland er land náttúruauðlinda, hreinleika og heilbrigðis, fegurðar og gróðursældar. Ísland er gjöfult land sem getur í senn laðað fram allt það besta hjá okkur sem byggjum það og samtímis boðið gestum sínum nær endalausar upplifanir í náttúru sinni og hreinleika matvælanna, vatnsins og loftsins. Þess vegna eigum við að örva áhuga ungs fólks á verðmætum landsins og hvetja til menntunar og starfa á þeim vettvangi.**

***Mikilvægi sjálfbærar matvælaframleiðslu***

Veröldin er að breytast vegna COVID-19 faraldursins sem fært hefur hörmungar yfir mörg samfélög. Þjóðir slá nú skjaldborg um heilbrigði sinna þegna og flest verja með öllum ráðum þá sem minnst mega sín. Samfélagslegur kostnaður þjóða vegna farsóttarinnar er fordæmalaus og sum staðar þarfnast sjálf samfélagsgerðin endurskoðunar. Víða eru matvælaöryggimál ofarlega á baugi og þar er Ísland ekki undanskilið. Hér er matvælaöryggi eitt þeirra mála sem margir telja sjálfsagt, án þess þó að hafa leitt hugann mikið að því eða lagst á árarnar. Þannig er það með fleiri samfélagsmál, sem vert er að halda á lofti og berjast fyrir í blíðu og stríðu. Það á við um tjáningarfrelsið í lýðræðisríkinu, þéttriðið öryggisnet velferðarsamfélagsins og samstöðu þjóðarinnar.

Margir ganga að íslenskum landbúnaði sem vísum og þiggja einstakar afurðirnar án sérstakrar umhugsunar. Hreinar afurðir, náttúrulegar og án sýklalyfja að telja má miðað við samanburðarlöndin. Ýmsir hafa leynt og ljóst haft horn í síðu greinarinnar og jafnvel gert slíkan málflutning að atvinnu sinni í ræðu og riti, án þess að hafa endilega áttað sig á mikilvægi matmælaöryggis þjóða. Allt í einu hefur það ljós runnið upp fyrir okkur, að sjálfbærni í matvælaframleiðslu þjóðarinnar sé gulls ígildi. Í alþjóðasamskiptum að undanförnu hefur bersýnilega komið í ljós, að hver þjóð er sjálfri sér næst þegar eitthvað bjátar á. Enda þótt veruleikinn hafi að undanförnu snúist um spritt, andlitsgrímur og lækningatæki má gera ráð fyrir því að sömu lögmál muni gilda ef alvarlegur matvælaskortur gerir vart við sig í heiminum. Við getum ekki gengið að því sem vísu að tekið yrði tillit til Íslands í slíkri stöðu. Þetta er síður en svo nýr veruleiki, en hann hefur verið mörgum hulinn á undanförnum árum. Þess vegna er fjöregg þjóðarinnar fólgið í sjálfbærum búskaparháttum til sjávar og sveita. Þar liggja grunnstoðir verðmætasköpunar okkar og um leið er varðveisla þeirra eitt brýnasta samstarfsverkefni allrar þjóðarinnar. Ísland hefur fjárfest í heilnæmum landbúnaði og það er fjárfesting sem mun skila sér til framtíðar. Matvælaöryggi verður raunverulega til skoðunar í aðstæðum sem þessum þegar hið alþjóðlega markaðshagkerfi riðlast, ekki eingöngu þegar allir markaðir eru opnir og aðgangur greiður. Þess vegna þarf að hlúa að landbúnaði við allar aðstæður, en ekki eingöngu þegar við erfiðleika er að etja.



Lilja D. Alfreðsdóttir.

***Stefna Framsóknarflokksins í landbúnaðarmálum og nýsköpun***

Framsóknarflokkurinn hefur staðið þétt við bak íslensks landbúnaðar í blíðu og stríðu. Ekkert hefur haggað þeirri grundvallarsýn flokksins að sveitir landsins geymi einn okkar dýrmætasta menningararf og án blómlegrar byggðar um allt land væri samfélagið ekki sjálfbært. Sú skoðun hefur staðið af sér pólitíska vinda og tíðarandann og hin órofa varðstaða um matvælaframleiðslu er og verður eitt af okkar aðalsmerkjum.

Landbúnaðurinn er lyftistöng fyrir samfélagið. Án hans væri hér lítil sem engin matvælaframleiðsla. Án hans væri ekkert íslenskt kjöt, engin íslensk mjólk, ekkert íslenskt grænmeti. Farsælasta leiðin til að styðja við hann er að efla nýsköpun. Gott dæmi um augljósa arðsemi slíks þróunarstarfs eru nýtilkomin tækifæri til nýtingar á mysu sem fellur til við ostaframleiðslu. Til skamms tíma var tugmilljónum lítra af ostamysu hleypt til sjávar með öllum sínum próteinum og mjólkursykri, en nú eru unnin hundruð tonna af þurrkuðu hágæðapróteini úr henni. Lífræn ræktun hefur skapað nýja markaði og með framsækinni matvæla- og vöruþróun úr landbúnaðarafurðum verður stærri hluti virðiskeðjunnar eftir í sveitum. Við erum í kjöraðstæðum til að efla ræktun á íslensku grænmeti og eigum að nýta orku landsins til þess. Við eigum í auknu mæli að líta gagnrýnið á samkeppnishæfni þjóðarbúsins og sjá hvar við eigum að stíga fastar niður fæti. Við eigum að hlúa að og rækta alla slíka sprota, efla nýsköpun og tryggja hámarksnýtingu á landsins gæðum. Þegar litið er til landfræðilegrar legu landsins, fámennis, strjálbýlis, veðurfars og fleira er morgunljóst að nauðsynlegt er að gera mun betur til þess að styðja viðsjálfstæði í matvælaframleiðslu og fjárfesta um leið í öllum þeim beinu og óbeinu verðmætum sem fólgin eru í landvörslu íslenskra bænda. Það er brýnt að landið sé nýtt og eignarhald á jörðum taki mið af þörfum samfélagsins, en ekki einkahagsmunum.

Við eigum að hugsa heildrænt um íslenskan landbúnað og styðja hann með ráðum og dáð í víðfeðmu hlutverki sínu til nýrrar sóknar. Við eigum að auka áhuga ungs fólks á landbúnaði, efla menntun, vísindi, rannsóknir og þróun landbúnaðarins. Bæta þarf rekstrarumhverfi bænda og auðvelda ungu fólki aðgengi að bújörðum og nýsköpun í landbúnaði. Framsóknarflokkurinn mun ekki láta okkar eftir liggja í þeim efnum.

***Lilja D. Alfreðsdóttir,***
*mennta- og menningarmálaráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins*


HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðs-menn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Næsta Bændablað kemur út 22. apríl

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.350 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.800 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Óska eftir Ford F250 eða F350 árg. 1995 eða eldri. Má vera ógangfær. Upplýsingar í síma 892-1675 eða gylfi@skel.is. Mynd fyrir athygli.




SsangYong Rexton HLX, árg. 2014, 4x4, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000 kr. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Weckman sturtuvagnar - Tilboð. 11 tonna. Verð kr. 1.570.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.470.000 með vsk. (kr. 1.186.000 án vsk.) 13 tonna. Verð kr. 1.790.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.690.000 með vsk. (1.363.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Flutningsbox á þrítengi. Breidd 2 m. Verð kr. 168.000 mínus 10% afsl. = kr. 151.200 með vsk. (kr. 122.000 án vsk.) H. Hauksson ehf, sími 588-1130.



Corvus vinnubíll/dráttarvél. Yanmar díselmótor, dráttarvélaskráður. Sturtanlegur pallur. Verð 3.250.000 kr. +vsk. vallarbraut.is – s. 841-7300.




Belmac keðjudreifari 4,5 cu. Verð 615.000 kr. +vsk. vallarbraut.is - sími 841-7300.



Mörtl HT 293 diskasláttuvélar m. hraði. á hnífum, aflþörf 55 hö, örfár vélar með 40% afslætti á 40 ára afmæli Orkutækni. Sími 587-6065 og 892-0016.




Reck Jaguar HD haughrærur með vökvaniðursetningabúnaði sem léttir og auðveldar mjög að koma hrærunni í haughúsið. S. 587-6065 og 892-0016.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Arastaðir fjósbitar frá Andersbeton eru minna hálir og auðvelda því beiðslisgreiningu. Sérstök hönnun á neðra yfirborði heldur rifum betur opnum. Fáið tilboð í verð og flutning heim á hlað. Benedikt Hjaltason, s. 894-6946, fjosbitar@simnet.is




Eigum til á lager úríþan-einingar fyrir kæla og frysta. Einnig hurðir og kerfi. Kristján G. Gíslason ehf. www.kgg.is, kgg@kgg.is – s. 552-0000.



Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Framleiðum einnig flatpalla á krókgrindur til vélaflutninga og alls konar flutninga. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. S. 894-6000.




Volvo FH16 610hp 8x4 til sölu. Árg. 2005. Ekinn 226.000 km. Hiti í palli. Smurkerfi. Víbrari. Slökkvikerfi. Allar olíur nýjar. Nýir rafgeymar, öflugur bíll sem lítur vel út. Verð 5.690.000 kr. +vsk. Uppl. í s. 892-1116.



Solis 50 með ámoksturstækjum. Verðtilboð 3.500.000 kr. +vsk. vallarbraut.is - sími 841-7300.



Solis 26. Smá en öflug dráttarvél. Tilboðsverð: 1.150.000 kr. +vsk. vallarbraut.is – s. 841-7300.



Komatsu PW150 hjólagrafa. 14 tonn, árg. 2004, vinnustundir 6.600, nýleg dekk. Verð 3.190.000 kr. án vsk. Sími 535-3584 eða á vinnuvelar@kraftvelar.is



Ætlar þú að byggja? Þá gæti Nudura varmamótin verið lausnin. Auðvelt í uppsetningu, stærstu mótin á markaðnum, færri samsetningar og meiri hraði. Uppl. í síma 660-1100 og á www.aske.is



Rúllugreip/faðmgreip. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur fylgja. Verð kr. 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

AS MOTOR
FYRIR FAGMENN & BÆJARFÉLÖG. ÞÝSK GÆÐI

SLÁTTUVÉL MEÐ SAXI
AS 510 ProClip 4T A
Breidd 51 cm, 2300 m2/klst

RUDDASLÁTTUVÉL
AS 63 4T B&S
Breidd 61 cm, 2300 m2/klst

SLÁTTUTRAKTOR 2WD & 4WD
Margar gerðir í boði

AS 1040 YAK, B&S, 21 hp, 4WD
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



Brettagaflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 135.000 með vsk. (kr. 109.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Við erum með tækin fyrir fjarvinnuna. Fáðu nýjasta blaðið á www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - sími 896-5486.



Til sölu toppeintak af Toyota Hilux, dísel, árg. 2005. ekinn 249.000 km. 35" breyttur. Tveir gangar af heilum 35" dekkjum (bæði negld og ónegld) fylgja. Nýleg Fluid Film ryðvörn. Festingar fyrir pallhýsi. Allar fyrirspurnir og tilboð hjá Höfðabílum í síma 577-4747.



Til sölu Benz Vario 4x4, árg. 2000. Ekinn 530.000 km. Farþegar: 19+1. Verð 3.600.000 kr. Uppl. í s. 892-8585. Skoða öll skipti.



Til sölu notaðar innihurðir. Beykispónn með 11 cm körmum húnum og skrám. 5 stk. 80 cm. 1 stk. 75 cm. 1 stk. 90 cm m/gleri. Verð 90.000 kr. Uppl. í síma 891-6662 / 565-1428.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Deleks skúffur á flestar gerðir pallbíla. Hægt að setja 1.000 kg ofan á. Verð frá 220.000 með vsk. vallarbraut.is – s. 841-7300.



Útdraganlegar skúffur á flestar gerðir pallbíla. Verð frá 155.000 kr. með vsk. vallarbraut.is – s. 841-7300.



Land Rover Discovery. Árg. 2000, ek. 264.000 km. Dísel, sjálfskiptur, 7 m, góð smurbók, sumar og vetrardekk. Nýtt: Rafgeymir og alternator. Verð 790.000 kr. Uppl. í s. 659-4102.



MB. Vito árg. 2013, dísel, 4x4 sjálfskiptur með kúlu. Ný ryðvarinn og bakkmyndavél. Eins og nýr. Verð 3,4 mill. kr. Uppl. í síma 691-134, eftir kl. 19.



Flaghefill/snjótönn. Breidd 3 m. snjóvængir fylgja. Verð kr. 751.000 með vsk. (kr. 606.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.


# Lely Center Ísland

## SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600




Taðklær. Breidd 120 cm - verð kr. 195.000 m.vsk. Breidd 170 cm - verð kr. 245.000 m. vsk. Breidd 220 cm - verð kr. 330.000 m.vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is




Nissan X-trail Tekna, árg. 2019, 4x4, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000 kr. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Til sölu Valtra N103 110 hö. árg. 2016. Notuð 1.800 vst. Verð 6,8 mill. kr.+vsk. Ef um semst er hægt að fá skóflu og rúllugreip með. Uppl. í síma 773-4548, Jón.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rúllugreip með ásoðnum Euro festingum og slöngum. Verð kr. 179.000 með vsk. (kr. 145.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Girðingaefni - Tilboð. 5 str. túnnet kr. 8.900 rl. 6 str. túnnet kr. 10.500 rl. Gaddavír Iowa kr. 5.450 rl. Gaddavír Motto kr. 3.300 rl. Þanvír 25 kg. kr. 6.850 rl. Öll verð með virðisaukaskatti. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Nú er tími til kominn að athuga með flatgryfju fyrir búið. Verðdæmi: Uppsettir veggir í Boschbeton flatgryfju: lxbxh 60x12x2. Verð 6.250.000 án vsk. Uppl. í síma 894-6946 og fjosbitar@simnet.is. Benedikt Hjaltason.



Nugent kerrur eru líklega sterkustu kerrurnar. Eigum ávallt nokkrar gerðir á lager. vallarbraut.is – s. 841-7300.



Deleks ruddasláttuvélar. Eigum ávallt nokkrar gerðir á lager. vallarbraut.is – s. 841-7300.



Vagnasmiðjan auglýsir: Getum afgreitt tvær grimmsterkar 8 mm hardox450 skúffur (sjá mynd) á gamla verðinu fljótlega. Aðra á Trailer vagn og hina á 3ja eða 4ra öxla bíl. Getum einnig afgreitt sams konar palla, með sturtugrind, tjakk og öllu, tilbúna að setja á notaða eða nýja 3ja og 4ja öxla bíla á grind. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Vagnasmiðjan, Eldshöfða 21 R.vík. S. 894-6000.




Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 cm x 200 cm x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 79.000 með vsk (kr. 64.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Flaghefill, breidd 2,7 m. Verð kr. 267.000 með vsk. (kr. 216.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Maschio jarðtætarar með HD hnífafestingum, breikkun á jöfnunarhlera, 4 gorma demparar á hlera, drifskaft og auka hnífar fylgja. Sími 587-6065.




Remet viðarkurlari RT 720 með vökva matara, fyrir 55-80 hö, afköst 12 rm, tekur 170 mm. Frábært verð kr. 875.000 m/vsk. Sími 587-6065 og 892-0016.




Ný Krömer KHG TP-3,2 T öflug 2-pósta lyfta á einstöku tilboði kr. 341.000 m. vsk. dæla 1f 220V- 16A, festingar fylgja. S. 587-6065 og 892-0016.



Úrvals hestahey til sölu. Staðsetning: Uppsveitir Árnessýslu. Upplýsingar í s. 856-1545.



Brettagaflar með glussaopnun. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 205.000 með vsk. (kr. 166.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Terex TC240 24 tonn. Árg. 2007, 4.200 vinnustundir, hraðtengi og skófla. Verð 4.900.000 kr. án vsk. Sími 535-3584 eða á vinnuvelar@kraftvelar.is




SsangYong Korando DLX, árg. 2018, 4x4, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000 kr. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Taðkvísl. Breidd 1,7 m. Verð kr. 145.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Fjárhúsmottur. Verð kr. 9.350 stk. m/vsk. (kr. 7.540 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Öflugur Kane malarvagn. Tekur allt að 23 tonn. Verð 4.200.000 kr. án vsk, vallarbraut.is – s. 841-7300.



Öflugur Kane beavertail. Tekur allt að 16 tonn. Verð 2.580.000 kr. án vsk. vallarbraut.is – s. 841-7300.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Flaghefill, breidd 3,0 m. Verð kr. 587.000 með vsk. (kr. 474.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Jarðvinnuverktaki með tvær gröfur og einn vörubíl getur bætt við sig verkefnum. Öll almenn jarðvinna. Uppl. á vefsíðunni sveinsverk.is og í s. 899-0577. Sveinsverk ehf.



Er með sand- og glerblástur og get bætt við mig verkefnum. Get mætt á staðinn. Uppl. í síma 770-0155.

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. S. 820-8096. Netfang: jh@johannhelgi.is

Skjótt folöld til sölu. Til sölu falleg skjótt og blesótt folöld, öll mjög vel ættuð. Reist og mikil fjölhæfni í gangtegundum, einstakt geðslag. Hægt er að setja fyrirspurn á netfangið fitjar@isl.is. Nánar uppl. í síma 663-8869 milli kl. 19.30-22.00 öll kvöld.

Hef til sölu mjög gott útigangshey. Er í Árnessýslu. Upplýsingar hjá Gunnari í síma 861-1914.

BMW i3 Range Extender Comfort árgerð 2016. Sjá nánar á vefsíðu: http://bill.is/CarDetails.aspx?bid=29&cid=130457&sid=722462&schid=c0ff35b6-4232-4b54-a341-242f32ca1ea1&schpage=1

Petter Lister skipamótor 16,4 hestöfl. Bílalyfta fyrir hjólastóla. Kjötvinnsluborð úr ryðfríu stáli, 300 lítra úðadæla með mótor. Whirlpool amerísk þvottavél, antík skrifpúlt. Loðsútuð hreindýraskinn og hreindýrskrúnur. Uppl. í síma 898-3845.

Weckman þak-og veggjastál. Galv. 0,5 mm kr. 1.350 fm. Galv. 0,6 mm kr. 1.690 fm. Litað 0,45 mm kr. 1.490 fm. Litað 0,5 mm kr. 1.790 fm. Stallað/litað kr. 2.450 fm. Öll verð með virðisaukaskatti. Afgreiðslutími 4-6 vikur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. Netfang: hhaukssonehf@simnet.is

Ódýrt borðstofuborð og sófaborð, massív eik. Skenkur og hár glerskápur, spónlögð eik. Sex borðstofustólar. Uppl. í s. 898-4207.

Erum með tvær loftpressur til sölu. Kaeser SM 12 T skrúfupressa, árg. 2012, keyrð um 3.000 tíma. Verð 240.000 kr. Kaeser SM 15 T skrúfupressa, árg. 2013, keyrð um 3.000 tíma. Verð 280.000 kr. Nánari upplýsingar gefur Valur í s. 898-0399.

## Atvinna

Húsasmiður. Þekking, vandvirkni, afköst. Reynslumikill húsasmiður óskar eftir vinnu utan höfuðborgarsvæðis. Uppl. á thoriceland@gmail.com

J. Eiríksson / jeiriks.smidi@gmail.com - Sunnlenskur smíðaverktaki. Smá og millistór verkefni. Fagleg vinnubrögð með stundvísi og heiðarleika að leiðarljósi.

Danskur búfræðinemi óskar eftir að komast í starfsnám á íslensku búi frá vorinu 2020 í um 6 mánuði. Fær í flestan sjó og með 9 ára reynslu sem iðnaðarmaður. Uppl. gegnum netfangið Bfhager1@gmail.com

Vantar aðstoð við sauðburð á Valshamri í Borgarbyggð. 2 vikur í maí eða skv. samkomulagi. Upplýsingar gefur Valur í síma 898-9017.

Traustur námsmaður frá Þýskalandi leitar að sumarvinnu á sveitabæ frá miðjum apríl, hvar sem er á Íslandi. Reynsla af kúa- og grænmetisrækt. S. 781-3788 og gegnum netfangið annsophie@posteo.de

Starfskraftur óskast á sauðfjárbú í maí. Áhugasamir hafi samband í síma 898-9082.


# Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Trésmiðjan Akur

## AKURShús - timbureiningahús

*Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum*

– Við allra hæfi –







Kannaðu málið á akur.is og pantaðu frían húsabækling

Margar stærðir og gerðir frá 93-227m²





Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is




**Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB traktorsgröfur**

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

## Alternatorinn eða startarinn bilaður?

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

**Sendum um allt land.**

**www.pgs.is**
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

**PG Startþjónustan**
*Alternatorar & Startarar*


## Óska eftir

Bráðvantar sturtuvagn - ca 5-10 tonna. Þarf að vera í nokkuð góðu ástandi og geta notast án mikilla lagfæringa. Ólafur s. 849-7984.

Plógur og tætari! Mig vantar plóg og tætara. Áhugasamir seljendur hafi vinsamlegast samband í síma 699-4163 eða 776-1918.

Óska eftir Grand Cherokee WJ (árgerð 1999 - 2004) til niðurrifs. Endilega hafa samband í síma 869-1027.

## Húsnæði

Til leigu einstaklingsíbúð á svæði 200. Upplýsingar í síma 893-3475.

## Veiði

Krossá á Skarðsströnd. Til sölu veiðileyfi í Krossá á komandi sumri. Tvær stangir seldar saman. Eingöngu leyfð fluguveiði. Upplýsingar gegnum netfangið simonsig@simnet.is og í s. 893-7249.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Byggingar verktaki. Tökum að okkur: Nýbyggingar, uppsteypu, stálgrindarhús reising, viðhald húsa. Byggingarstjórn 1,2,3. Uppl. í síma 893-5374 og á nybyggd@gmail.com

Byggingarstjóri. Tek að mér byggingarstjórn. Örn Úlfar, s. 844-5169 og á netfang oulfarsson@gmail.com


**Lely Center Ísland**

**IAE STÍUGRINDUR**



**1,23m og 1,84m**

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



ÞJÓÐKIRKJAN

Þjóðkirkjan er með presta víða um landið sem sinna sálgæsluþjónustu.

Sálgæsla er að sjálfsögðu áfram í boði hjá prestum ýmist í kirkjum eða í gegnum síma.

Minnum einnig á:

Fjölskylduþjónustu kirkjunnar

Hjálparstarf Kirkjunnar: https://www.help.is

Sálgæsla er einnig í boði í gegnum Netkirkjuna, https://netkirkja.is




Ísey Skyr í matvöruverslun í Japan. Myndir / MS

# Ísey Skyr í 50 þúsund japanskar verslanir

**Mjólkursamsalan (MS) markaðssetti á þriðjudaginn Ísey Skyr í 50 þúsund japönskum verslunum.**

Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að líkast til sé um eina víðtækustu dreifingu á íslenskri vöru í erlendri smásölu að ræða.

Ísey Skyr er framleitt af fyrirtækinu Nippon Lkuna í Kyoto eftir uppskrift og framleiðsluaðferð MS. Í tilkynningunni kemur fram að íslenski skyrgerillinn sé lykilþáttur við framleiðslu vörunnar. „Ísey Skyr verður selt í öllum helstu matvöruverslunum Japans, í verslunum 7-11, Family Mart, Lawson, Aeon, Itokyokado, Kinokuniya, Seijo-Ishi og fleirum. Alls eru þetta um 50.000 verslanir," segir í tilkynningunni.




Umfjöllun um Ísey Skyr í Nikkei, einu stærsta viðskiptadagblaði heims.

### *Góð viðbrögð nú þegar*

„Þrátt fyrir að vera ein dýrasta mjólkurvara í Japan þá hefur Ísey Skyr fengið frábæra uppstillingu eða staðsetningu í flestum þessara verslana. Ísey Skyri er stillt upp við hlið mest seldu mjólkurvara Japans sem sýnir að trú verslananna á Ísey Skyri er mikil. Viðbrögðin við vörunni hafa verið mjög góð og hefur varan nú þegar í dag klárast í mörgum þessara verslana, skv. samstarfsaðilum MS í Japan.

Ísey Skyr hefur jafnframt fengið frábærar viðtökur hjá blaðamönnum og má þar nefna hálfsíðu umfjöllun í stærsta viðskiptadagblaði heims, Nikkei, sem á m.a. Financial Times, og umfjöllun í Yomiyuri, einu útbreiddasta dagblaði Japans.

Það er dótturfyrirtæki MS, Ísey útflutningur ehf., sem annast þetta verkefni fyrir MS og hefur gert framleiðslu- og vörumerkjasamning við japanska aðila. Japönsku samstarfsaðilarnir eru mjólkurvörufyrirtækið Nippon Luna, sem er í eigu Nippon Ham, sem er eitt stærsta matvælafyrirtæki Japans og fjórði stærsti kjötframleiðandi heims, og japansk-íslenska fyrirtækið Takanawa," segir enn fremur í tilkynningunni.

Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, segir árangurinn vera mikla viðurkenningu fyrir Ísey Skyr og Mjólkursamsöluna og sýni enn og aftur mikilvægi þess að varðveita, þróa og markaðssetja þekkingu Íslendinga í landbúnaði. */smh*

# Afleysingaþjónusta vegna COVID-19

**Bændasamtök Íslands í samvinnu við búnaðarsambönd hafa skipulagt afleysingaþjónustu fyrir bændur sem veikjast af völdum kórónuveirunnar.**

Um 100 manns eru á viðbragðslista sem munu taka að sér bústörf þegar og ef þörf er á. Þeir bændur, sem geta ekki sinnt sínum störfum, eiga kost á að sækja um afleysingu að hámarki í 14 daga.

Bændasamtökin hafa gert samkomulag, fyrir hönd sinna félagsmanna, við félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun um fjárstuðning úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga til að standa undir kostnaði félagsmanna við þjónustuna.

Búnaðarsamböndin sjá um utanumhald, samskipti við verktaka og útdeilingu verkefna á hverju búnaðarsambandssvæði. Hægt er að sækja strax um aðstoð en boðið er upp á þjónustuna út maí.

Upplýsingar eru veittar á bondi.is og í netfangið **afleysing@bondi.is** og í eftirfarandi símanúmerum:

| | |
|---|---|
| Búnaðarsamband A-Skaftfellinga | **sími 867-9634** |
| Búnaðarsamband Austurlands | **sími 893-9375** |
| Búnaðarsamband Eyjafjarðar | **sími 460-4472** |
| Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda | **sími 451-2602** |
| Búnaðarsamband N-Þingeyinga | **sími 895-0833** |
| Búnaðarsamband Skagfirðinga | **sími 846-8185** |
| Búnaðarsamband Suðurlands | **sími 480-1800** |
| Búnaðarsamband S-Þingeyinga | **sími 843-9140** |
| Búnaðarsamtök Vesturlands | **sími 431-5020** |

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

**www.bondi.is**

*Við stöndum þétt saman*

**LESENDABÁS**

## Fæðuöryggi:

# Hvaða breytinga er þörf?

**Umræða um fæðuöryggi Íslendinga hefur vaknað í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Viðbrögð við þeirri umræðu hafa eðlilega snúist um skammtímasjónarmið, en mikilvægt er að horfa til lengri tíma í þeim efnum. Eftirfarandi eru tíu breytingar sem eru að mínu mati nauðsynlegar fyrir íslenska fæðuframleiðslu í ljósi þeirrar óvissu sem uppi er.**

### *Aukið frjálsræði bænda til úrvinnslu eigin afurða og beinnar sölu til neytenda*

Möguleika bænda til slátrunar eigin gripa þarf að auka. Í samtölum mínum við veitingamenn, bændur og aðra frumkvöðla víða um land er komið inn á ástæður á borð við viðhald verkþekkingar, minni flutninga, bætta dýravelferð og aukna eftirspurn meðal neytenda, svo ekki sé minnst á gæði kjötsins. Tilraunaverkefni ráðherra um heimaslátrun sauðfjár, haustið 2020, er jákvætt skref.


Sveinn Margeirsson.

### *Aukin áhersla á innlenda fóðuröflun í stað innflutnings á fóðri*

Íslendingar framleiða um 150 þúsund tonn af mjólk og 30 þúsund tonn af kjöti á ári. Til að framleiða þessi 180 þúsund tonn af matvælum flytjum við inn ríflega 100 þúsund tonn af soja, maís og öðrum fóðurhráefnum. Framleiðsluaukning mjólkurframleiðslu síðustu ára hefur haldist í hendur við aukinn innflutning á fóðurhráefnum. Það er mögulegt að nýta íslensk hráefni, íslenskt land og íslenska orku til að vinna fóðurhráefni og áburð og full ástæða til að setja aukinn kraft í slíka þróun.

### *Stuðningur við matvælaframleiðslu miði að auknum viðnámsþrótti matvælaframleiðslu og byggðarlaga*

Stuðningur við landbúnaðarframleiðslu („landbúnaðarkerfið“) er að verulegu leyti miðaður við framleiðslu í tveimur greinum landbúnaðar; sauðfé og mjólkurframleiðslu. Það er full ástæða til að styðja við íslenskan landbúnað, en út frá fæðuöryggissjónarmiðum væri nær að skilgreina nauðsynlega lágmarksstöðu í helstu greinum framleiðslu landbúnaðarafurða og miða stuðning við það. Annar stuðningur við landbúnað ætti að miðast við sjálfbæra nýtingu lands og kolefnisbindingu, auk stuðnings við nýsköpun, t.a.m. úrvinnslu og vöruþróun og innleiðingu og þróun tæknilausna.

### *Stöðvum jarðasöfnun sem tekur landbúnaðarland úr umferð og ýtir undir neikvæða byggðaþróun*

Ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp í þessum efnum, sem er jákvætt. Það kann vel að vera að það frumvarp þurfi lagfæringa við, en það er í öllu falli jákvætt að málið sé komið á dagskrá. Það er flókið að setja fram hina einu „réttu“ uppskrift í þessum efnum, en hægt að benda á reynslu nágrannaþjóða okkar og umræðu sem á sér stað þar.

### *Eftirlitskostnaður við matvælaframleiðslu miðist við raunverulega áhættu*

Eftirlitskostnaður hamlar umtalsvert starfsemi minni matvælaframleiðenda. Nýlegt dæmi um hundruð þúsunda eftirlitskostnað við minniháttar bleikjueldi sýnir ágætlega hversu miklar hindranir geta verið í veginum fyrir frumkvöðla sem vilja byrja smátt og prófa hlutina. Það þarf að taka rækilega til í þessum efnum og beita nýjum lausnum. Væri ekki t.d. tilvalið að læra af fjarfundum sem við höfum þurft að halda vegna Covid-19 og beita rafrænum lausnum við eftirlit í auknum mæli?

### *Efling iðnnáms og virðing fyrir starfsfólki í framleiðslu*

Stór hluti af starfsfólki í framleiðslu matvæla er af erlendu bergi brotinn. Í sumum tilvikum er um að ræða farandverkamenn sem koma til landsins á álagstímum (um 500–600 manns koma í sláturtíð). Hvernig ætlum við að haga málum ef ekki verður mögulegt að flytja inn ódýrt vinnuafl? Við þurfum að bera meiri virðingu fyrir handverki, hvetja ungt fólk til að læra iðngreinar tengdar framleiðslu og matreiðslu og greiða samkeppnishæf laun fyrir slík störf.

### *Borgum meira fyrir matvöru*

Matvælaverð hefur farið hratt niður síðustu áratugi. Á sama tíma er upp undir þriðjungi af matvælum sóað, sem skapar umhverfisáskorun og sóar verðmætum auðlindum. Við neytendur þurfum að sýna í verki að við séum tilbúin að greiða meira fyrir matvöru og versla beint við bændur og matvælaframleiðendur sem sýna að þeim sé annt um langtíma fæðuöryggi.

### *Veljum íslenskt og framleitt í nágrenninu*

Besta vörnin gegn röskun á fæðuframboði er staðbundin framleiðsla. Við getum öll aukið okkar matvælaframleiðslu, hvort sem það er úti í garði eða úti á svölum auk þess að styðja matvælaframleiðendur í okkar nágrenni, til sjávar og sveita. Gott fyrir fæðuöryggi, gott fyrir þróun okkar eigin nærsamfélags og gott fyrir umhverfið.

### *Leyfum eðlilega þróun varðandi hráefnaval*

Matvælaframleiðsla á Íslandi hefur á margan hátt verið íhaldssöm, þó vissulega hafi komið fram öflugir frumkvöðlar sem hafa látið reyna á ný hráefni og nýjar aðferðir til ræktunar. Það er full ástæða til þess að fjarlægja hindranir sem eru í vegi nýsköpunar. Nýlegt dæmi um slíka hindrun er kæra á hendur frumkvöðlum vegna ræktunar og nýtingar iðnaðarhamps.

### *Jöfnum aðstöðu matvælaframleiðenda og stóriðju varðandi orkuverð*

Það er hægt að framleiða mun meira af matvælum á Íslandi, til hagsbóta fyrir fæðuöryggi, lýðheilsu og um leið lágmarka áhættu í utanríkisverslun. Stórt skref í þá átt er að lækka orkukostnað garðyrkjunnar. Samfara lækkun á orkukostnaði væri tilvalið að ráðast í átak varðandi frekari úrvinnslu á hráefnum úr garðyrkju og vöruþróun á íslenskum áburði og öðrum nauðsynlegum hráefnum til ræktunar.

*Sveinn Margeirsson,*
*sjálfstæður ráðgjafi.*


Byggingarstjórn

Tek að mér byggingarstjórn.
Örn Úlfar Úlfarsson
s. 844-5169
netfang: oulfarsson@gmail.com

LÖGGARÐUR EHF.
Stofnað 1985
Almenn lögfræðiþjónusta, erfðaskrár, skipti dánarbúa, gallamál vegna fasteigna, vinnuréttamál og slysamál.
Hafðu samband: loggardur.is eða 568-1636.

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

http://HELLUR.com ..í einum grænum
OFA
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta

Smiðjuvegur 30, 200 Kópavogur

RÉTTUR
- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Jesús sagði:
„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra, sem til mín kemur, og þann aldrei þyrsta, sem á mig trúir.“
Jóh. 6.35
biblian.is

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, spennufellur 24V í 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppí 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskór. Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarora. Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.
ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is
BÍLARAFMAGN

Vélsmiðja Grundarfjarðar

Flytjum inn iðnaðarhús og skemmur í öllum stærðum gerðum.
Áhugasamir er bent á vegr.is
Netfang: vegr@vegr.is

Bændablaðið
Kemur næst út
22. apríl


HJARTAÐ Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI
Í öllum þeim fjölbreyttu störfum sem tengjast íslenskum landbúnaði, hvort sem það er að yrkja landið, fóðra dýr, girða af land eða framleiða matvæli
- þá er Bústólpi aldrei langt undan.
Íslensk gæða-framleiðsla
Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR
Bústólpi ehf - fóður og áburður - Oddeyrartanga - 600 Akureyri - bustolpi@bustolpi.is - Sími 460 3350 - www.bustolpi.is